



Hagstæðasta  
bílalánið

FRJÁLSI

# FRÉTTABLAÐIÐ

18. maí 2005 - 130. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

**MIÐVIKUDAGUR**

**Rán í Árbænum**

KR stal sigri á elleftu stundu gegn Fylki í Árbænum í gær. Sigurvín Ólafsson skoraði sigurmarkið á 95. mínútu leiksins.



ÍPRÓTTIR 21

**Hroðvirkni á þingi**

Vera má að vönduð umræða liggja að baki hraðatkvæðagreiðslum í lok þings hverju sinni en fyrir óinnvígða hlýtur þetta að líta út sem hræðileg hroðvirkni segir Ólafur Hannibalsson.



SKOÐUN 16


**Franz frestar**

Tónleikum skosku sveitarinnar Franz Ferdinand hefur verið frestað. Tónleikarnir áttu upphaflega að vera 27. maí en verða 2. september.

TÓNLIST 26



**VEÐRIÐ Í DAG**



**BJARTVIÐRI** á vesturhellingi landsins en fremur skýjað og stöku él austan til. Hiti 3-10 stig að deginum, mildast suðvestan til en víða hætt við næturfrostri.

VEÐUR 4

## Fjárfestar vilja almenning með

Almenningur mun að líkindum fá að kaupa hlut í Símanum, hvort sem það verður í tengslum við samnefnt félag eða í útboði strax að loknum kaupum. Formaður einkavæðingarnefndar segir tilboð verða opnuð að viðstöddum bjóðendum og fjölmiðlum.

**EINKAVÆÐING** Fjárfestahópar sem bjóða í Símann hafa að undanfögnu unnið að því að bjóða almenningi bréf í fyrirtækinu til kaups strax að loknu útboði. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er talið nær öruggt að tilboð leitt af Exista sem áður hét Meidur muni tilbúið að setja allt að 30 prósentu hlut í Símanum á almennan markað strax að loknu útboði.

Með Exista í tilboðinu munu vera lífeyrissjóðir, KB banki og smærri fjárfestar, en eignatengsl eru á milli KB banka og Exista. Sá hlutur sem kæmi í hlut KB banka verði síðan seldur almenn-

um fjárfestum á kaupverði hópsins í Símanum.

Einnig er talið að hópur fjárfesta sem í eru Atorka, Frosti Bergsson, Jón Helgi Guðmundsson í Byko og Jón og Snorri Snorrason, kenndir við Húsa-smíðjuna, muni bjóða almenningi að kaupa hlut í Símanum að loknu útboði.

Félagið Almenningur mun taka þátt í tilboði sem Burðarás leiðir í Símann. Með í hópnum eru Ólafur Jóhann Ólafsson, rithöfundur og kaupskýslumaður, Tryggingamiðstöðin, KEA og Talsimafélagið sem er í eigu Hagkaupsbræðra, Jóns

og Sigurðar Gísla Pálmasona og fjölskyldunnar sem átti Heklu, Sigfús Ingimundarson fer fyrir hópnum. Hópurinn sendi frá sér tilkynningu í gær, en aðrir fjárfestar hafa neitað að tjá sig um málið og vísað í trúnaðarákvæði.

Við mat á bindandi kauptilboðum í Símann á síðara stigi söluferlisins verður fyrst og fremst litið til verðs og miðað við að ganga til viðræðna við hæstbjóðendur, segir Jón Sveinsson formaður einkavæðingarnefndar í grein sem birtist í Markaðnum í dag. Til að tryggja algert gagnsæi hyggst nefndin opna bindandi til-

boð í viðurvist allra bjóðenda og fjölmiðla. Verði verðmunur hæstu tilboða fimm prósent eða minni verður viðkomandi aðilum gefinn kostur á að skila inn nýju og herra tilboði síðar sama dag. Komi til þess verði þau tilboð opnuð fyrir opnum tjöldum samdægurs. Hæstbjóðandi fær svo fyrstur tækifæri til að hefja viðræður um kaup á fyrirtækinu.

„Gert er ráð fyrir að lok skilafrests bindandi tilboða verði í lok júlí, en fjöldi bjóðenda ræður þar miklu,“ segir Jón Sveinsson.

- bg/hh / Nánar í Markaðnum sem fylgir blaðinu í dag.



**SINUBRUNI Í BREIÐHOLTINU** Miklir sinueldar brutust út í Elliðaárdalnum skömmu eftir hádegi í gær. Að sögn Slökkviliðsins hefur verið kveikt í á fjórum stöðum að minnsta kosti. Það tók slökkviliðið um eina klukkustund að ráða niðurlögum eldsins en það fékk aðstoð frá starfsmönnum hverfismiðstöðvar Gatnamálastjóra í Breiðholti. Lögreglan var í kring að leita brennuvarganna en þeir hafa enn ekki fundist og er málið enn í rannsókn. Á myndinni sést Haukur Grönlí slökkviliðsmaður glíma við eldinn.

Alcoa horfir norður:

## Ræða nýtt álver

**VIÐSKIPTI** Alcoa á Íslandi, sem er að reisa Fjarðarálf á Reyðarfirði, óskaði í gær eftir formlegum viðræðum við íslensk stjórnvöld um byggingu álvers á Norðurlandi.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir að tekið verði jákvætt í beiðni Alcoa og erindinu beint til fjárfestingastofu sem sjái um tengsl stjórnvalda við erlend fyrirtæki sem vilji fjárfesta á Íslandi.

Valgerður segir ekki ljóst hvar álver risi á Norðurlandi gangi þetta eftir né hvaðan orkan verði fengin. Huga þurfi að mörgu í þessu ferli. Málið sé á byrjunarstigi.

Fleiri vilja auka álframleiðslu sína á Íslandi. Century Aluminium, sem rekur Norðarálf, hefur undirritað viljayfirlýsingu um byggingu álvers í Helgúvík og Alcan vill stækka álver sitt í Straumsvík.



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

- bg / Sjá í Markaðnum

Pólverjar eru reiðir Rússlandsforseta vegna stríðslokaafmælisræðu:

## Senda Vladimír Pútín langt nef

**PÓLLAND, AP** Pólska vikuritið Wprost hefur skorað á lesendur sína að senda rússneska forsetanum Vladimír Pútín póstkort sem tímaritið hefur látið gera, þar sem hann er sýndur með langt lyganef eins og Gosi í ævintýrinu alþekkt. Yfir tölvubreyttri myndinni af forsetanum er á pólsku og rússnesku áritunin „Með kveðju til Pútínokkíós“ (eftir Pinocchio eins og Gosi heitir á frummálinu).

Tílefni þessa tiltækis er kraumandi óánægja margra Pólverja með ræðu þá sem Pútín



„PÓSI“ Póstkortið sem pólska vikublaðið Wprost hefur látið gera af Pútín Rússlandsforseta með tölvugert lyganef Gosa.

flutti er þess var minnst með pomp og prakt í Moskvu þann 9.

maí að 60 ár voru liðin frá stríðslokum í Evrópu. Að sögn Wprost bar Pútín þar á torg „stalínska túlkun sögunnar“ en Pólverjar höfðu gert sér vonir um að í ræðunni myndi Pútín fordæma innrás Sovéthersins í Pólland haustið 1939. Sú innrás var gerð í samræmi við samning Hitlers og Stalíns um að skipta Póllandi á milli sín.

Talsmenn Rússlandsstjórnar lýstu í gær áhyggjum yfir því sem þeir kölluðu bylgu and-rússnesks árðurs í Póllandi. ■

Nýtt viðskiptablað með Fréttablaðinu alla miðvikudaga

MARKAÐURINN

Sögurnar • Tölurnar • Fólknið  
Auglýsingasími 550 5000

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ!  
PlayStation 2  
Á SÉRTILBOÐI

9.999 kr.\*

\*Kauptu Singstar Pop og þú færð PS2 á sértílbóði

S.K.I.F.A.N





## SPURNING DAGSINS

Ólafur, er komið annað hljóð í strokkinn?

Já, það er komið gott og bjart hljóð í hann.

Ólafur M. Magnússon er framkvæmdastjóri Mjólu, sem er fyrsti framleiðandi mjólkurafurða hér á landi sem starfar án beinna framleiðslu-styrkja.

Davíð Oddsson ræddi Mannréttindadómstólinn á leiðtogafundi Evrópuráðsins:

## Fjalli bara um mannréttindabrot

**MANNRÉTTINDI** Davíð Oddsson utanríkisráðherra sagði í ávarpi á leiðtogafundi Evrópuráðsins í Varsjá í gær að brýn þörf væri á umbótum á störfum Mannréttindadómstóls Evrópu í ljósi gífurlegrar fjölgunar mála sem til hans berast. Hann sagði að Ísland væri fylgjandi því að komið yrði á fót vettvangi þar sem farið yrði yfir þessi mál. Þar ætti að hafa að leiðarljósi að Mannréttindadómstóllinn veldi mál sín af kostgæfni. „Dómstóllinn ætti að forðast að verða áfrýjunardómstóll í öllum málum sem rísa milli borgaranna og ríkisvaldsins. Hann á að einbeita sér að málum sem snerta

brot á grundvallar mannréttindum,“ sagði Davíð. Hann taldi að aðildarríki Evrópuráðsins gætu stuðlað að því að draga úr fjölda umsókna og málafjölda sem dómstólum berast meðal annars með því að bæta þekkingu dómstóla sinna á fordæmisgildi í rétti Mannréttindadómstólsins.

Á leiðtogafundinum undirritaði utanríkisráðherra þrenna samninga á vegum Evrópuráðsins, einn gegn hryðjuverkum, annan sem tekur á fjármögnun hryðjuverkastarfsemi og í þriðja lagi samning um aðgerðir gegn mansali.

- jh



DAVÍÐ ODDSSON UTANRÍKISRÁÐHERRA Mannréttindadómstóllinn má ekki verða áfrýjunardómstóll í öllum málum sem rísa milli ríkisvalds og borgaranna.

Sænska þingið:

## Flóttafólk fái hæli

**SVÍPÞÓÐ** Fimm stjórnmalaflokkar á sænska þinginu hyggjast leggja fram þingsályktunartillögu þess efnis að öllum flóttamönnum sem komið hafa til Svíþjóðar fram til síðustu áramóta verði veitt hæli í landinu.

Flokkarnir sem um ræðir eru Vinstri flokkurinn, Umhverfisstjórn flokkurinn, Miðflokkurinn, Kristilegir demókratar og Þjóðarflokkurinn. Með þessu eru flokkarnir að taka undir kröfu forystumanna sænsku þjóðkirkjunnar.

Ef tillagan nær fram að ganga fá milli 20 og 30 þúsund manns sjálfkrafa hæli í Svíþjóð. ■



BIFHJÓL Á SLYSSSTAÐ Bifhjól er liggur illa farið í götunni eftir áreksturinn.

Bíll í árekstri við bifhjól:

## Tveir fluttir á slyssadeild

**SLYS** Ökumaður og farþegi á bifhjóli slösuðust þegar bifhjól og bifreið rákust saman á Hringbraut klukkan hálf átta í gærkvöldi. Þeir eru þó ekki alvarlega slasaðir. Bifreiðin, sem er kennslubifreið, skemmdist talsvert að sögn lögreglunnar og varð að fjarlægja hana með kranabíl. Ekki er vitað hvort nemandi var við akstur.

-jse

## VEÐUR

**SNJÓAR FYRIR AUSTAN** Sumarið virðist vera tvístigandi í komu sinni til landsins því það snjóaði af fullum krafti á Seyðisfirði og Egilsstöðum í gær. Reyndar festi snjóinn ekki á jörðu en ekkert lát var þó á snjókomunni. Að sögn lögreglu á Egilsstöðum létu flestir Austfirðingar þetta ekki slá sig út af laginu enda þolinmóðir með endemum og segja þetta til merkis um að gott sumar sé í aðsigi.

## ÍRAK

**KLERKAR MYRTIR** Uppreisnarmenn í landinu eru farnir í auknum mæli að beina spjótum sínum að múslimaklerkum. Í gær var klerkur úr hópi sjá skotin til bana í Bagdad en jafnframt fundust lík tveggja súnni-klarka sem hafði verið rænt á dögnum. Talið er að með þessu vilji uppreisnarmenn kynda undir ófriðarbáli á milli trúarhópa.

## Þvertaka fyrir mannfali óbreyttra borgara

Umfang mannfalls í átökum hermanna við mótmælendur í Kirgisistan er mjög á reiki. Andstæðingar Karimovs forseta telja að 745 manns hafi bedið bana en því vísa stjórnvöld á bug.

**ÚSBEKISTAN** Sjónarvottar telja að allt að 745 manns hafi látið lífið í átökum við stjórnarher Úsbekistans um helgina. Formælendur ríkisstjórnarinnar segja hins vegar að mannfalið hafi verið mun minna.

Allt var með kyrrum kjörum í borginni Andijan í austurhluta Úsbekistans í gær en þar brutust út mikil mótmæli á föstudaginn sem enduðu með átökum við stjórnarhermenn. Í gær sagði Nigara Khidoyatova, leiðtogi eins stjórnarandstöðuflokksins, að allt benti til að hermennirnir hefðu síðustu daga myrt 745 saklausa borgara í Andijan og í nágrennborginni Pakhtabad.

Fólk úr hópi þeirra ríflega 500 flóttamanna sem komust til Kirgisistan segir svipaða sögu. Það kveðst hafa veifað hvítum dulum og hrópað að það væri vopnlaust en engu að síður var skotið á það. Fólkið hafnar því algerlega að íslamskir öfgamenn hafi stadið fyrir mótmælunum heldur hafi það aðeins viljað knýja á um efnahags- og lýðræðisumbætur. Sjónarvottar sögðu í samtölum við fréttaritara BBC að hermenn hefðu fjarlægð lík barna og kvenna en skilið lík karla eftir á vettvangi til að breiða yfir dauðsföll saklausra borgara.

Islam Karimov, forseti Úsbekistans, og undirmenn hans vísa ásökunum stjórnarandstöðunnar á bug og segja að aðeins 169 manns hafi fallið. „Hersveitir okkar skutu einungis á hryðjuverkamenn,“ sagði Rashid Kadyrov, formælandi ríkis-



LÁTINIR JARÐSETTIR Þegar er farið að bera þá sem féllu í átökum í Andijan til grafar. Um nöfn sumra þeirra er ekkert vitað.

stjórnarinnar, við blaðamenn í gær. Hann sagði auk þess að mannfali óbreyttra borgara væri sök hryðjuverkamannanna sem væru flestir öfgasinnar múslimar og mannfallsáætlanir stjórnarandstöðinga væru þvættingur sem villa ætti um fyrir erlendum fréttamönnum.

Yfirvöld í Moskvu hafa tekið undir með Karimov og sagt að ofbeldið væri heitruðuðum múslimum að kenna. Ekki var

von á öðru enda hafa þau iðulega afgreitt þjóðfrelsisbaráttu Tsjetsjena sem verk íslamskra öfgamanna. Bretar hafa hins vegar fordæmt aðgerðir stjórnvalda í Taskent svo og Bandaríkjamenn þótt margir telji það gert með hálfum hug. 37 mótmælendur voru handteknir í Lundúnum í gær en þeir höfðu slett málningu á úsbeska sendiráðið í borginni.

sveinng@frettabladid.is



Í VONDUM MÁLUM Mark Whitaker, ritstjóri Newsweek, er ekki öfundsvörður af stöðu sinni um þessar mundir.

Dýrkeypt mistök:

## Newsweek sæti ábyrgð

**KABÚL AP** Afganskir ráðamenn eru æfir út í bandaríska tímaritið Newsweek vegna fréttar þess um vanhelgun Kóransins í fangabúðunum í Guantanamo sem það síðar dró til baka. 15 manns létust í uppbotum í landinu eftir að fréttist af hinni meintu vanhelgun.

Talsmaður forseta Afganistan kvaðst í samtali við blaðamenn í gær vera þeirrar skoðunar að draga ætti útgefendur Newsweek til ábyrgðar fyrir mistökina. Hann sagði jafnframt að vísbendingar væru um að erlendir flugmenn hefðu hleypt illu blóði í mótmælendurna. ■

Bílfelta við Kirkjubæjarklaustur:

## Beltin björguðu

**LÖGREGLUMÁL** Bíll fór út af Landbrottsvegi við Kirkjubæjarklaustur í fyrrkvöld og valt þrjá hringi. Ökumaður og farþegi sem í bílnum voru slösuðust lítillega og voru fluttir á heilsugæslustöð til aðhlyningar. Bíllinn er að sögn lögreglunnar í Vík gjörnýtur.

Báðir voru mennirnir í bílbeltum en án þeirra hefði ekki þurft að spyrja að leikslókum, að sögn lögreglu.

- óá

Khodorkovskí-málið:

## Dómsuppkvaðningu aftur frestað

**RÚSSLAND AP** Uppkvaðningu dómsins yfir rússneska auðjöfrinum Mikhaíl Khodorkovskí var fram haldið í Moskvu í gær, en dómhaldi aftur frestað án þess að dómsúrskurðurinn sjálfur væri kveðinn upp. Dómsuppkvaðningin hófst á mánudag.

Þótt orðalag þess hluta dómsins sem fram er kominn bendi sterklega til þess að Khodorkovskí verði sakfelldur töldu verjendur hans sig merkja vísbendingar í textanum um að búast mætti við því að refsingin yrði mildari en sá tíu ára fangelsisdómur sem ákærvaldið hefur krafist fyrir skattsvik og fleiri glæpi.

Réttarhaldið yfir Khodorkovskí – sem var aðaleigandi og forstjóri Yukos-ölfufyrirtækisins – hefur grafið undan orðstír rússnesks réttarkerfis og skaðað traust erlendra fjárfesta á rússnesku viðskiptalífi. Tiltölulega



BÍÐUR DÓMS Rússneski auðjöfurinn Mikhaíl Khodorkovskí sést hér fluttur, undir strangri gæslu, úr dómhúsinu í bil í Moskvu í gær.

mildur dómur kann að verða túlkadur sem tilraun af hálfu yfirvalda til að hrekja gagnrýni erlendis frá á pólitísk afskipti af málinu og til að endurheimta traust fjárfesta.

Stjórnmalaskýrendur halda því fram að skyndileg handtaka Khodorkovskís í október 2003 hafi

verið hefnd Vladímírs Pútíns forseta fyrir stuðning auðjöfursins við stjórnarandstöðuflokka – en þar með hefði hann brotið óskrifad samkomulag um að stjórnvöld leyfðu auðjöfrum landsins að hafa sitt misjafnlega fengna ríkiðæmi í friði svo lengi sem þeir skiptu sér ekki af stjórn málu. ■

Alltaf hagstætt



Ódýrt bensín

14 stöðvar!  
www.ob.is



# Það eina sem er erfitt við að kaupa nýjan bíl . . .

Þú velur hvort þú leigir bílinn með einkaleigu eða eignast hann með bílasamningi eða bílaláni. Veldu bíl sem hentar þínum þörfum og ræddu svo við ráðgjafa Lýsingar eða sölumenn bílaumboðanna sem aðstoða þig við að útbúa umsókn og ganga frá fjármögnun. Bílaumboðin eru beintengd Lýsingu í gegnum Netið þannig að svar við umsókn kemur á augabragði. Þú metur það svo í rólegheitum hvort þú viljir leyfa börnunum þínum að keyra hann.

Notaðu reiknivélina á [www.lysing.is](http://www.lysing.is) og skoðuðu hvernig þitt dæmi kemur út.

. . . er að þurfa að leyfa  
krökkunum að keyra hann



**LÝSING**

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22  
108 Reykjavík  
Sími 540 1500 Fax 540 1505  
[www.lysing.is](http://www.lysing.is)

BÍLASAMNINGUR ■ BÍLALÁN ■ REKSTRARLEIGA ■ EINKALEIGA



## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 17.05.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	66,04	66,36
Sterlingspund GBP	121,55	122,15
Evra EUR	83,48	83,94
Dönsk króna DKK	11,21	11,28
Norsk króna NOK	10,31	10,37
Sænsk króna SEK	9,06	9,11
Japanskt jen JPY	0,62	0,62
SDR	XDR	98,53 99,11

### Gengisvísitala krónunnar

115,76 -0,90%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Harmleikurinn í Hlíðarhjalla:

## Buðu ekki áfallahjálp

**MORÐMÁL** Matargestum í Hlíðarhjalla í Kópavogi á sunnudaginn var ekki boðin áfallahjálp ef undanskilin er fjölskylda hins látna. Alls voru sautján matargestir þar þegar einn gestanna snöggreiddist að sögn vitna og varð Vu Van Phong að bana með eggvopni sem að sögn lögreglu var líklega tekið úr eldhúsi í íbúðinni.

Friðrik Smári Björgvinsson, talsmaður lögreglunnar í Kópavogi, tjáði blaðamanni að málið væri enn í rannsókn og verið væri að fara yfir þau sönnunargögn sem fyrir liggja. Phu Tien Nguen sem grunaður er um að hafa orðið Vu Van Phong að bana hefur enn ekki játað verknaðinn en mörg

vitni voru að ódæðinu og rannsóknin því komin vel á veg.

Vu Van Phong lést meðan beðið var eftir sjúkrabil. Spurður hvort lögreglan hefði gerst sek um seinangang svaraði Friðrik Smári því til að innan við tvær mínútur hefðu liðið frá því að lögreglu barst tilkynning þar til hún var mætt á staðinn. Sjálfur efast hann um að Neyðarlínan hafi dregið nokkuð að láta lögreglu vita. Neyðarlínan neitaði að upplýsa hvenær símtalið barst og hvenær lögregla var látin vita.

- óá

FRÍÐRIK SMÁRI BJÖRGVINSSON  
Yfir lögreglustjóri í Kópavogi.



PHU TIEN NGUYEN Ætlar ekki að kæra gæsluvarðhaldsúrskurð.

Gæsluvarðhaldsúrskurður:

## Ætlar ekki að kæra

**LÖGREGLUMÁL** Sigmundur Hanne-son, skipaður verjandi Phu Tien Nguyen sem er grunaður um að hafa orðið Vu Van Phong að bana í Hlíðarhjalla í Kópavogi á sunnudagskvöldið, segir ekki standa til að kæra gæsluvarðhaldsúrskurð sem kveðinn var upp yfir honum, engar forsendur séu til þess.

Héraðsdómur Reykjaness úrskurðaði manninn í tveggja mánaða gæsluvarðhald vegna málsins.

Engar skýrslur voru teknar af manninum í gær og að sögn Sigmundar liggur ekki enn ljóst fyrir hvenær búast má við frekari skýrslutökum, það gæti allt eins ekki orðið fyrir en eftir helgi.

Phu Tien hefur ekki enn játað verknaðinn og fær því í raun ekki tækifæri til þess fyrir en að næstu skýrslutöku kemur. Hann er vistaður á Litla-Hrauni. -óá

# Jói var okkar stoð og stytta

Sigurður Jónsson og Ágústa Kristín Magnúsdóttir voru vinnuveitendur Vu Van Phong sem lést af völdum stungusára í Hlíðarhjalla í Kópavogi á sunnudagskvöld. Þau lýsa honum sem duglegum og ljúfum manni.

**FRÉTTAVIÐTAL** „Jói var okkar stoð og stytta hér,“ segja Sigurður Jónsson og Ágústa Kristín Magnúsdóttir sem voru vinnuveitendur Vu Van Phong eða Jóa eins og hann var kallaður. Ekkja hans, Thanh Viet Mac, vinnur líka hjá þeim. Blaðamaður hitti þau Sigurð og Ágústu til að fá að vita hvaða mann hann hafði að geyma.

„Hann var búinn að vinna hér síðan hann kom á okkar vegum til Íslands fyrir fimm árum en þá var konan hans búin að starfa hjá okkur í eitt ár. Þau hafa gengið hér í gegnum flest það sem ungt fólk gengur í gegnum, keypt íbúð og bíl og eignast yndislega dóttur sem nú er þriggja ára. Bara gert allt það sem venjulegt fólk gerir. Jói talaði góða íslensku og var farinn að skilja flest allt eftir að hafa verið hér í eitt ár,“ sagði Sigurður.

„Hann smakkaði aldrei áfengi, vann vel fyrir heimili sínu og fjölskyldu og var hugljúfi allra þeirra sem hann þekktu. Hann var einstaklega sterkur persónuleiki og gaf af sér. Hann var duglegur, glaður og jákvæður. Allir smituðust af jákvæðu viðhorfi hans. Jói er búinn að vera eins og einn af okkur og hefur gengið í öll störf og tók það ekki illa upp þó að konur segðu honum fyrir verkum. Hann var mikill jafnaðarmaður og friðarsinni og barði ekki einu sinni í borð þótt hann reiddist,“ sagði Sigurður.

Than Viet Mac, ekkja Jóa, á von á öðru barni þeirra. „Hún er komin stutt á leið en áfallið er gífurlegt fyrir hana. Hvað hún gerir í framtíðinni, hvort hún fer aftur að vinna eða til sinna ættingja í Víetnam vitum við ekki ennþá, hún á eftir að gera



VU VAN PHONG Vu Van Phong eða Jói eins og hann var kallaður var hvers manns hugljúfi og vel liðinn á vinnustaðnum sínum, hjá efna- lauginni Björg í Mjóddinni.

það upp við sig,“ sagði Ágústa.

Spurður að því hvernig komu hjónanna þar til segir Sigurður: „Móðursystir ekkjunnar hefur unnið hjá okkur lengi en hún var meðal fyrstu flóttamanna sem komu hingað til lands frá Víetnam, á vegum Rauða kross-

ins fyrir fjórtán árum.“

Aðspurð hvort þau hafi ekki kynnst fjölskyldunni vel sagði Ágústa: „Það má vel segja að þau séu hluti af okkar fjölskyldu og unga fólk hefur komist næst því að vera eins og börnin okkar. Dóttir þeirra þriggja ára

hefur líka verið hér stundum og hún er hvers manns hugljúfi. Við eigum margar góðar minningar um Jóa og þær lifa áfram.“

Ekkjan gaf Fréttablaðinu ekki kost á viðtali að svo stöddu.

oddu@frettabladid.is


## Veðrið

**BEST Í REYKJAVÍK** Hægviðrið bjargar því sem bjargað verður í veðrinu þegar hitatölurnar eru svona lágar. Gæti orðið sæmlega notalegt mót sólu á góðum palli og heitum potti, og þá á ég við vestanvert landið. **HVAR VERÐUR KALDAST?** A Austurlandi og þar gætu fallið el eða slydduél. **NÆSTA HELGI** Hún verður líklega sórlík sunnanlands og vestan en köflottara með norðurströndinni og þar gætu fallið slydduél eða él. Og hitinn 0-8 stig, mildast syðst en svalast nyrðra.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

## Um hádegi




## Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	11°C hálfskýjað	Paris	15°C hálfskýjað	Alicante	24°C hálfskýjað
Oslo	13°C skýjað/skúr	Berlín	13°C hálfskýjað	Milano	20°C léttskýjað
Stokkhólmur	14°C hálfskýjað	Frankfurt	15°C hálfskýjað	New York	19°C skýjað/skúr
Helsinki	12°C hálfskýjað	Madrid	22°C léttskýjað	San Francisco	20°C skýjað
London	15°C hálfskýjað	Barcelona	18°C hálfskýjað	Orlando/Florida	30°C léttskýjað


Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

## Á morgun



Yfirleitt hægviðri.

## Föstudagur



Yfirleitt hægur vindur einkum sunnan til.

## Alltaf skynsamlegt



Ódýrt bensín

14 stöðvar!  
www.ob.is



Allt að **90%** lán  
á nýjum bílum

S24  
WWW.S24.IS



Hagstæðir  
vextir  
**9,75%**

# Í góðum gír á betri vöxtum með S24 netbílalán

**Ekkert  
lántökugjald**  
ef sótt er um fyrir  
1. ágúst

- Lán til allt að 7 ára (84 mánaða)
- Hægt að fá kostnað lánaðan
- Hægt að greiða inná lánið hvenær sem er
- Engin lágmarksupphæð
- Léttari greiðslubyrði
- Óverðtryggðir og breytilegir vextir

*Vertu viss um að þú sért að hagnast  
á þínum bankaviðskiptum...*



**SHOPUSA.IS**

Sæktu um lán... **WWW.S24.IS** Sími 533 2424 - Kringlan





## KJÖRKASSINN

Nær FH að verja Íslandsmeistaratið í fótbolta?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](http://visir.is)

Já	40,4%
Nei	59,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Kemst Ísland í úrslitakeppni Eurovision?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://visir.is) og segðu þína skoðun



Löggjafaráætlun þriðju ríkisstjórnar Blairs:

## Prófsteinninn á forystustyrk

**BRETLAND AP** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, kynnti í gær áform um uppstokkun á breska velferðarkerfinu, virka baráttu gegn hryðjuverkum og upptöku persónuskilríkja sem Bretar hafa verið án frá því í síðari heimsstyrjöld, í löggjafaráætlun ríkisstjórnar hans við upphaf þriðja kjörtímabilsins. Er víst talið að sum löggjafaráformin muni espa innanflokksandstæðinga Blairs til andófs og reynast prófsteinninn á forystustyrk hans í flokknunum, en eins og kunnugt er hefur hann farið þverrandi frá því deilurnar um Íraksstríðið upphöfust.

Samkvæmt áætlun stjórnarinnar hyggst hún koma 45 lagafrum-

vörpum í gegnum þingið á næstu 18 mánuðum.

Blair sagði við þingsetninguna að með áætluninni væri staðinn vörður um efnahagslegan stöðugleika, fjárfestingu í skólakerfi og sjúkrahúsum landsins yrði haldið áfram og „borgararnir verndaðir fyrir hryðjuverkum og glæpum“.

Um hin umdeildu áform um upptöku persónuskilríkja sagði Blair að nútíminn kallaði á að slíkt kerfi yrði tekið upp í nafni öryggis borgaranna. ■

**ÞINGSETNING Í WESTMINSTER** Tony Blair forsætisráðherra og Michael Howard, leiðtogi íhaldsflokksins og stjórnarandstöðunnar, gengu saman í þingsalinn í gær.



Danmarks Radio:

## Fréttamenn í verkfalli

**DANMÖRK** Fréttáutsendingar danska ríkisútvarpsins Danmarks Radio féllu niður í gær vegna verkfalls fréttamanna. Atti þetta bæði við um útvarp og sjónvarp auk þess sem fréttamenn svæðisstöðva lögðu niður vinnu í samúðarskyni við starfsfélaga sína.

Launadeila fréttamanna við yfirstjórn Danmarks Radio er orsök verkafallsins en fréttamenn saka stjórnendur stofnunarinnar um ítr-Éekaðar tilraunir til að lækka byrjunarlaun fréttamanna.

Fjöl margar einkareknar útvarps- og sjónvarpsstöðvar sjá Dönum fyrir fréttum í verkfallinu. ■

# Velkomin til Eyrarbakka

Nú er veitingastaðurinn **Rauða húsið** fluttur í glæsilega endurreist hús að Búðarstíg 4, Eyrarbakka. Verið velkomin að upplifa 19. aldar stemninguna í einu fegursta sjávarþorpi á Íslandi og njóta unaðslegra máltíða í rómantísku umhverfi. Eftir friðsæla göngu í fjörunni, við róandi hljómi af brimi og litríkan fuglasöng bíður þín dúkað borð og girnilegur matseðill í Rauða húsinu á Eyrarbakka.

**rauða húsið**

restaurant Eyrarbakka



Við óskum Rauða húsinu til hamingju

Húsasmiðjan A. Karlsson Tandur K. Karlsson Gæðafæði Kjarnafæði Kjörís Árvirkinn Íslandsbanki Landsbankinn Selfossi



**TEKIST Á UM FJÁRMÁL BORGARINNAR** Sjálfstæðismenn segja óreiðu og upplausn ríkja í stjórnkerfi borgarinnar og benda á niðurstöður ársreiknings fyrir síðasta ár máli sínu til stuðnings.

## Segja skuldaaukningu borgarinnar skuggalega

Árleg skuldalækkunarloforð R-listans í borgarstjórn eru hjóm eitt að mati sjálfstæðismanna. Önnur umræða um ársreikning borgarinnar fór fram í gær. Borgarstjóri segir stöðuna vera samkvæmt áætlunum.

**BORGARMÁL** „Það er skylda okkar í minnihlutunum að gera borgarbúum ljóst hversu alvarleg staða hefur skapast undir óstjórn R-listans,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, en hann fór hörðum orðum um sívaxandi skuldahala Reykjavíkurborgar við aðra umræðu borgarstjórnar um ársreikning borgarinnar fyrir síðasta ár.

Við umræðuna sakaði Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri Vilhjálm um að hafa farið með dylgjur við fyrri umræðu málsins og sagði Vilhjálm ekki hafa fært nein dæmi um þá óreiðu sem hann telur vera í þeim ársreikningi sem lagður var fram. Sagði hún að í orð-

um Vilhjálm fælust harðar ásakanir á alla þá óháðu endurskoðendur sem yfirföru ársreikninginn og aðra þá sem að honum komu.

Vilhjálmur svaraði því til að tekið hefði verið fram í gagnrýni sinni að hún ætti við um yfirstjórn borgarmála, R-listann, en ekki aðra enda væri ábyrgð þar og hana þyrftu menn að axla.

Sjálfstæðismenn bentu á að á rúnum tíu árum hafi skuldir samstæðu borgarinnar í heild vaxið úr fjórum milljörðum króna í 56 milljarða á síðasta ári sem eitt og sér sé nógu slæmt en með tilliti til þess að tekjur borgarinnar á sama tíma hafi margfaldast sé þessi niðurstaða skuggaleg. Samkvæmt út-

reikningum á rekstrarniðurstöðu fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld á hvern íbúa á síðasta ári hafi Reykjavík, eitt sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu, sýnt neikvæða stöðu. Dæmin sýni þannig og sanni að stjórnsýsla R-listans sé í uppnámi

Sjálfstæðismenn notuðu tækifærið áður en umræðan hófst og opnuðu svokallaða skuldaklukkan á vefsíðunni betriborg.is en sú klukka mælir skuldaaukningu borgarinnar í ýmsum tímameiningum. Samkvæmt henni aukast skuldir heildarsamstæðu borgarinnar um rúmar 26 milljónir króna á hverjum degi.

[albert@frettabladid.is](mailto:albert@frettabladid.is)

Steinunn Valdís Óskarsdóttir:

## Staðreyndirnar tala sínu máli

**BORGARMÁL** „Viðbrögð mín við ummælum sjálfstæðismanna eru þau að benda almenningsi á að lesa ársreikninginn því staðreyndirnar tala sínu máli,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri.

„Ársreikningurinn er yfirfarinn af óháðum endurskoðendum og þeir eru í raun að gefa þeim reikningi sem og fjármálastjórn borgarinnar heilbrigðisvottorð. Ef almenningsur vill mynda sér sína eigin óháðu skoðun þá er það hægt með því að fara yfir reikninginn en taka ekki endilega mark á mér eða sjálfstæðismönnum.“



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson:

## Fegra allt og fela fyrir borgarbúum

**BORGARMÁL** „Það er ein-kennandi fyrir R-listann í þessu máli og reyndar flestum öðrum að þeim hættir til að fegra og fela allt fyrir borgarbúum,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

„Við höfum nú um árabíl heyrt yfirlýsingar R-listans sem standast aldrei samanber ársreikninginn. Skuldaaukningin er með hreinum ólíkindum þrátt fyrir að stefnan sé á hverju ári að lækka skuldirnar. Alveg sama er hvar niður er gripid og þetta gerist þrátt fyrir að tekjur borgarinnar hafi aldrei nokkurn tíma verið hærrí.“



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Talstöðin**  
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.

Alla virka daga kl. 17:30



# Hive Max

NÚNA FÆRÐU ALLT AÐ 12Mb TENGINGU,  
ÓTAKMARKAÐ NIÐURHAL, OG ÞRÁÐLAUST  
INTERNET Á AÐEINS

5.990

Á MÁNUÐI\*

\*M.v. 12 mánaða samning.

VELKOMIN Í HEIMINN

Enn og aftur setur Hive ný viðmið með að bjóða upp á hraðari ADSL tengingu en er annars staðar í boði.

Nú eru allar þjónustuleiðir Hive tilbúnar fyrir sjónvarp í gegnum ADSL. Kynntu þér nýjar þjónustuleiðir á [hive.is](http://hive.is) eða í verslun okkar að Grensásvegi 16.

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 [hive@hive.is](mailto:hive@hive.is)





**TVÖFALT BLAÐ**  
**SÉÐ OG HEY**  
**Aukablað um Ungfrú Ísland 2005**

**Svavar Dalmann sneri baki við Bakkusi:**  
**100 meðferða maðuri!**

**EG GAT EKKI SYRGT SON MINNI!**

**Ilmur leikkona og Ari fréttamaður:**  
**Linda P. stótt af kulunni:**

**ÁSTFANGIN Á RAUÐU LJÓSI!**

**Einar Bárður og Arlaug Thelma:**  
**KEYPTU RANDYRA HÆÐ!**

**LÉT HANN HANNA NYJA SKRIFSTOFU**  
**EG ER Í SKYJUNUM!**

**GERIR LÍFID SKEMMTILEGRA!**

Réttarhöld hafin yfir ódæðismanni frá Beslan:

## Sá eini sem dreginn verður fyrir dóm

**VLADIKAVKAZ, AP** Réttarhöld hófust í gær yfir Nur-Pashi Kulayev en hann var eini tilræðismaðurinn sem komst lífs af í umsátrinu um barnaskólann í Beslan síðasta haust.

Dómssalurinn í Vladikavkaz í Norður-Ossetíu var þéttskipaður þegar málflutningur hófst í þessu óhugnanlega máli. Eftirlifendur harmleiksins voru áberandi í salnum og voru margir áhorfendanna í sorgarklæðum.

Kulayev sýndi engin svipbrigði þegar saksóknarinn las upp langan lista yfir ákæruatriðin og fórnarlömb þessa skelfilega atburðar. Tsjetsjenskir uppreisnarmenn tóku 1.200 gísla í

barnaskóla í bænum Beslan í Norður-Ossetíu og héldu þeim fongnum dagana 1.-3. september síðastliðinn. Þegar hermenn réðust til inngöngu sprengdu ódæðismennirnir sprengjur sínar og þegar upp var staðið lágu 330 manns í valnum, helmingurinn börn.

„Allt sem lesið var upp í dag sáum við gerast með eigin augum,“ sagði Lyudmila Dzegoyeva, einn gíslanna, við blaðamenn í gær. Hún sagði hins vegar að með réttarhöldunum yfir Kulayev væri athyglinni beint frá ábyrgð stjórnvalda á málinu því þeim yfirsát gjörsamlega í hvað stefndi. ■



**NUR-PASHI KULAYEV** Verði Kulayev fundinn sekur verður hann að öllum líkindum dæmdur í ávilangt fangelsi. Dauðarefsing er hins vegar ekki við lýði lengur í Rússlandi.

### FRAKKLAND

**FYLKINGARNAR HNÍFJAFNAR** Nýjustu skoðanakannanir í Frakklandi benda til þess að þjóðin skiptist í hnífjafnar fylkingar í afstöðu sinni til stjórnskrársáttmála Evrópusambandsins. 51 prósent virðast vera henni andvíg en 49 prósent hlynnt. Frakkar greiða atkvæði um sáttmálann 29. maí næstkomandi.

**LÉST EFTIR STÖKK ÚR EIFFEL-TURNINUM** Norðmaður nokkur beið bana þegar hann stökk úr Eiffel-turninum í París. Hann var með fallhlíf á bakinu en hún festist í víravirkinu sem 324 metra háir turninn er úr. Stökkið var liður í auglýsingaherferð norskrar fataverkssmiðju.



**ÞRENGINGAR VIÐ MIKLUBRAUT** Bílaröðin teygði sig langa leið þegar mest var. Næstu tíu daga verður ein akreín í hvora átt að duga vegfarendum um Miklubraut.

Gatnaframkvæmdir víða í borginni:

## Töfðust vegna framkvæmda

**UMFERÐ** Frá og með deginum í dag verður hægt að aka Laugavegin endilangan frá gatnamótum Suðurlandsbrautar og alla leið að Bankastræti.

Fleiri framkvæmdir setja mark sitt á borgina þar sem í gær var hafist handa við þrengingu Miklubrautar. Af þessum völdum er aðeins ein akreín Miklubrautar í hvora átt opin fyrir umferð og verður svo út mánuðinn. „Það er eins gott fyrir ökumenn að huga að öðrum leiðum svo þeir lenti ekki í þessum tappa,“ sagði Rúnar Sigurpálsson varðstjóri í umferðardeild lögreglunnar í Reykjavík.

Njarðargata verður lokuð í dag frá klukkan níu til þrjú vegna malbikunar.

Fljótlega verður Suðurlandsvegur þrengdur við umferðareyjuna við Raudavatn og má búast við óþægindum af þeim völdum segir um-

ferðarlögreglan.

Enn er unnið að nýrri aðstöðu Stræto við lögreglustöðina við Hlemm og er ráðgert að þeim framkvæmdum ljúki 20. júní. Ekki verður þó hægt að keyra niður Hverfisgötuna frá Hlemmi að þeim framkvæmdum loknum segir Höskuldur Tryggvason deildarstjóri umhverfis- og tæknisviðs Reykjavíkurborgar. -jse



**LAUGAVEGUR SAMFELLDUR** Frá og með deginum í dag verður hægt að aka Laugavegin í einum rykk.

Jafnrétti kynjanna:

## Ísland stendur sig einna best

**LONDON, AP** Efnahagslegt kynjamisrétti er minnst á Norðurlöndunum samkvæmt skýrslu samtakanna Alþjóða efnahagsráðsins (World Economic Forum, WEF) í Sviss. Minnst mældist kynjamisrétti í Svíþjóð, þá Noregi, Ísland var í þriðja sæti og því næst Danmörk og Finnland.

Kynjamisréttið reyndist hins vegar mest í Egyptalandi, Tyrklandi og Pakistan. Bandaríkin voru gagnrýnd sérstaklega í skýrslunni fyrir að vera langt á eftir mörgum ríkjum Vestur-Evrópu í þessum efnunum.

Könnun WEF-samtakanna náði til 58 landa, þar á meðal allra aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Könnunin byggir meðal annars á því hvort kynin fái jafnhá laun fyrir sambærilega vinnu og aðgengi kvenna að vinnumarkaði. Þá var einnig tekið tillit til þátttöku kvenna í stjórn-



**KONUR Í EGYPTALANDI** Könnunin náði til 58 ríkja og var meðal annars lítið til launakjara, aðgengis kvenna að vinnumarkaði og þátttöku í stjórnárum.

málum, aðgengis að menntun og heilbrigðisþjónustu.

„Kynjamisrétti er eitt mesta óréttlæti heimsins í dag,“ segir Augusto Lopez-Clarez, einn höfundu skýrslunnar. „Ríki sem nýta ekki starfskrafta helming þegna sinna grafa sannarlega undan samkeppnishæfni sinni.“ ■

**TILBOÐ**

Gisting eina nótt, morgunverðarhlaðborð, þriggja rétta kvöldverður.

Frá 8.500 kr. á mann alla virka daga Framboð á herb. er takmarkað.



## DRAUMADAGAR Á HÓTEL FLÚÐUM Í MAÍ

Gerðu þér dagamun og fagnaðu vorinu á Hótel Flúðum. Við bjóðum sannkallaða draumadaga alla virka daga í maí; gistingu fylgir morgunverður og þriggja rétta kvöldverður. Bókaðu gistingu og láttu drauminn rælast.

- Kyrrlát umhverfi
- Eitt grænasta svæði landsins
- Nálægð við náttúruperlu
- Frábærar veitingar
- Vildarpunktur



Icelandic Tourist Board  
www.islandtourist.is

**IH**  
**ICELANDAIRHOTELS**  
**FLÚÐIR**

Sími: 444 4000

Nordica | Loftleiðir | Flughótel | Hamar | Flúðir | Rangá | Klaustur | Hérað www.icehotels.is



# 270

## milljónir

### 100+170

1. vinningur



ENNEM / SIA / NM16933

## Einfaldlega tvöfaldur!

Þar sem fyrsti vinningur í Víkingalottóinu þessa vikuna er tvöfaldur hefur þú hvorki meira né minna en tvöfalda ástæðu til að spila með.

Vertu með fyrir kl. 16 í dag.



  
**JÓKER**  
2 MILLJÓNIR  
Í FYRSTA VINNING

V Í K I N G A  
**LOTTO**

Alltaf á miðvikudögum!





**ÞINGSETNING Í LONDON** Elisabet Englandsdrottning brosti sínu breiðasta er hún mætti í þinghúsið í Westminster í gær til að halda drottningarræðu á svonefndu, stefnuræðu nýrrar ríkisstjórnar Tony Blair.

Lúðvík Bergvinsson býður sig fram á landsfundi Samfylkingar:

## Berjast um varaformannsstólinn

**SAMFYLKINGIN** Lúðvík Bergvinsson þingmaður Samfylkingarinnar hefur ákveðið að bjóða sig fram til embættis varaformanns Samfylkingarinnar. Ljóst er því að kosið verður um varaformann á landsfundi Samfylkingarinnar á laugardag en auk Lúðvíks hefur Ágúst Ólafur Ágústsson þingmaður Samfylkingarinnar boðið sig fram til embættisins.

Lúðvík segir að miklu máli skipti fyrir Samfylkinguna að forystan endurspegli þá breidd sem flokkurinn verði að hafa. „Eftir að hafa starfað sem lögfræðingur, setið á Alþingi í áratug auk þess að gegna starfi

bæjarfulltrúa í Vestmannaeyjum, tel ég mig hafa öðlast þá reynslu og þekkingu að geta lagt Samfylkingunni lið svo hún fái náð því markmiði sem að er stefnt.“

Lúðvík kveðst ekki taka afstöðu í formannskjöri Samfylkingarinnar. „Ég fer fram á eigin vegum og engin sérstök tengsl eru á milli framboðs míns og átaka um formannssætið. „Ég hef unnið ágætlega með Össuri Skarphéðinssyni í formannstíð hans og treysti mér vel til þess að vinna með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur,“ segir Lúðvík.



**LÚÐVÍK BERGVINSSON** Lúðvík og Ágúst Ólafur Ágústsson eru þeir einu sem boðið hafa sig fram í embætti varaformanns Samfylkingarinnar.

- jh

Landsfundur:

## Gunnar í framboð

**SAMFYLKINGIN** Gunnar Svavarsson, forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði, hefur ákveðið að gefa kost á sér til formanns framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar. „Ég hef ákveðið að taka þessari áskorun og miðla þeirri reynslu sem til staðar er og ég bý yfir, meðal annars vegna starfa minna innan jafnaðarmannahreyfingarinnar síðastliðna áratugi,“ segir Gunnar.

Gunnar hefur verið bæjarfulltrúi í Hafnarfirði frá árinu 2002. Hann var fyrsti formaður Samfylkingarinnar í Hafnarfirði árið 1999 og er formaður sveitarstjórnarráðs Samfylkingarinnar.

- mh



**JAKOB R. MÖLLER** Lögmaður British American Tobacco segir óvíst hvort dómi Héraðsdóms Reykjavíkur um sýnileika tóbaks í verslunum og birtingu ákveðins upplýsinga-texta um tóbak verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

## Ríkið sýknað í tóbaksdómi

**DÓMSMÁL** Á næstu vikum verður tekin ákvörðun um hvort áfrýjað verður dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem íslenska ríkið var sýknað af kröfum tóbaksframleiðandans British American Tobacco um birtingu kynningartexta um tóbak og um sýnileika tóbaksvara í hillum verslana. Íslensk tóbaksvarnarlög setja bæði framsetningu og umfjöllun um tóbak skorður.

Jakob R. Möller, lögmaður British American Tobacco, segir skjólstaðinga sína ekki enn hafa séð dóminn og því ekki tekið afstöðu til áfrýjunnar. „Fyrst þarf að þýða dóminn sem er 64 síður og kynna hann fyrir forsvarsmönnum fyrirtækisins,“ sagði hann.

- ók/oa

Erdogan:

## Í mál vegna skopmyndar

**ANKARA, AP** Réttarhöld hófust í gær yfir Erdil Yasaroglu, eiganda vikublaðsins Penguen, sem er ákærður fyrir að birta skopmyndir af Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra. Á teikningunum var Erdogan sýndur í líki ýmissa dýra.

Þetta er í annað skipti í ár sem Erdogan fer í mál við þá sem birta af honum skopmyndir. Í febrúar stefndi hann teiknara sem hafði teiknað hann sem kött flæktan í garnhnykil. Mörgum finnst skjóta skökku við að Erdogan bregðist svona við því hann sat í fangelsi fyrir að lesa upp ádeiluljóð.

# Benda á marga meinta sökudólga

Bandarísk þingnefnd sakar breska, franska og rússneska stjórnámálemenn, en einnig bandarísk fyrirtæki og stjórnvöld, um þátttöku í spillingu í kringum olíu-fyrir-mat áætlun SP í Írak. Ásakanir ganga á víxl.

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Í skýrslu sem rannsóknarnefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings birti um meinta spillingu í tengslum við hina svonefndu olíu-fyrir-mat-áætlun Sameinuðu þjóðanna í Írak, eru sakir bornar á franska, breska og rússneska stjórnámálemenn, en einnig bent á að bandarísk fyrirtæki voru flækt í hin vafasömu viðskipti við ríkisstjórn Saddams Hussein.

Í skýrslunni, sem er sú þriðja um þetta efni sem nefndin hefur látið frá sér fara síðustu daga, er fullyrt að bandarísk stjórnvöld hafi látið sem þau sæju ekki þegar bandaríska olíufyrirtækið Bayoil keypti hráolíu frá Írak, þvert á viðskiptabannið, og seldi hana áfram til olíuhreinsistöva í Bandaríkjunum. Að því er segir í skýrslunni hefði bandarískum stjórnvöldum – með aðildinni að öryggisráði SP – verið í löfa lagið að stöðva þessi viðskipti sem gerðu Saddam kleift að raka til sín milljörðum dala, ekki síst með olíusmygli til Jórdaníu, Tyrklands, Sírlands og víðar.

Breski þingmaðurinn George Galloway, sem í skýrslunni er sakaður um að þiggja mútur úr hendi Saddams í formi mjög hagstæðra kaupréttarsamninga að íraskri olíu, kom fyrir þingnefndina í gær og vísaði ásökunum með öllu á bug. Galloway sakaði þingnefndarformanninn, repúblíkanann Norm Coleman, um vísitandi rógsherferð í sinn garð.

„Ég er ekki og hef aldrei verið olíusölumaður, né hefur neinn



**GALLOWAY VERST** Breski þingmaðurinn George Galloway svaraði í gær fullum hálsi ásökunum sem á hann eru bornar af bandarískri þingnefnd sem rannsakað hefur olíu-fyrir-mat-áætlun SP.

á mínum vegum verið það,“ sagði Galloway. „Ég var andstæðingur Saddams Hussein þegar ríkisstjórnir og viðskiptajöfrar Bretlands og Bandaríkjanna seldu honum byssur og gas,“ lýsti hann yfir. Galloway, sem áður var þingmaður Verkamannaflokks-

ins en er nú svarinn andstæðingur Tonys Blair, náði kjöri í neðri deild breska þingsins í kosningunum á dögunum sem frambjóðandi samtaka sem berjast gegn þátttöku Bretlands í hernaðinum í Írak.

- aa

Morðmál:

## Móðir hengdi son sinn

**CHICAGO, AP** Móðir hefur verið ákærð fyrir að hengja fjögurra ára gamlan son sinn með laki.

Konunni sem er 23 ára er gert að sök að hafa reiðst syni sínum fyrir að hafa óhlýðnast henni og farið út að leika sér þrátt fyrir að hafa verið bannað það. Hóf hún þá að berja á drengnum með belti og rak hann svo inn í herbergi. Þegar hann hætti ekki að gráta fór hún inn til hans og vafði laki um hálsinn á honum og hengdi hann. Málið hefur vakið mikinn óhug í Bandaríkjunum. ■

## AUSTURRÍKI

**ÖNNUR HELFÖR MÖGULEG** Annar hver Austurríkismaður telur möguleika á annarri helför gegn gyðingum samkvæmt nýrri skoðanakönnun. Í könnuninni kemur einnig fram að 90 prósent telja það mjög mikilvægt að fólk sé upplýst um hryllinginn sem átti sér stað á tímum nasismans.

## BANDARÍKIN

**LÝÐRÆÐIÐ EFLIST** Nelson Mandela, fyrrverandi forseti Suður-Afríku, sagði í opinberri heimsókn sinni til Bandaríkjanna að þróunin væri í lýðræðisátt í Afríku. Hins vegar varaði hann við því að ekki væri hægt að þröngva lýðræði upp á þjóðir, raunverulegt lýðræði kæmi bara til með samþykki heimamanna.

## LEIÐRÉTTING

Ellý A. Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri ráðgjafarsviðs Félagshjónustunnar í Reykjavík, var rangnefnd í frétt um stuðningsbýli Samhjalpar í Fréttablaðinu í gær.

www.icelandexpress.is

# 5.995<sup>\*</sup> KR.

## FYRIR BÖRN 2 - 12 ÁRA

\*Aðra leið með sköttum. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.



Fullorðinsverð frá 7.995 kr. Aðra leið með sköttum






Svefn & heilsa  
★★★★★

SVEFN & HEILSA  
FYRIR ÞÍNAR  
BESTU  
STUNDIR

Veldu það besta!

TOLLI LISTMÁLARI

SOFÐU VEL Í SUMAR



EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



Svefn & heilsa  
★★★★★

Verið velkomin

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150  
Ópið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



HVAD ER AÐ FRÉTTA? SIGGI HALL MATREIÐSLUMAÐUR

## Íslenska skyrið slær í gegn

Ég var að ljúka við að aðstoða vin minn Björn Roth með veislu vegna sýningar á verkum Dieter Roth segir Soggi Hall matreiðslumaður sem er önnur kafinn eins og ávallt á veitingastað sínum Óðinsvéum.

„Þá er ég að undirbúa, ásamt Baldvini Jónssyni, mikla veislu í Bandaríkjunum sem haldin verður í byrjun júní,“ segir Soggi en íslenskar afurðir verða í hávegum hafðar í þessum 2.000 manna galkvöldverði veitingahúsaeigenda í Washingtonborg.

Soggi segir íslenskar afurðir vera að slá í gegn í Ameríku. Sérstaklega skyrið sem

hann telur að verði jafn frægt og mozarellaostur eftir nokkur ár. „Ég hef

aldrei fundið aðra eins hrifningu og skyrið er að mæta,“ segir Soggi en hann segir Bandaríkjamenn hrifna af því að það sé fitulaust. Í haust heldur Soggi aftur út til Washingtonborgar þar sem haldin verður Food and Fun-hátíð í september. Þar munu tólf íslenskir kokkar matreiða ofan í gesti tólf mikilsmetinna veitingastaða. Soggi leyfir sér þó einnig að slaka á og ætlar að skella sér með fjölskyldunni til Ítalíu í júlí. Ætlar hann að dvelja hjá vinum í Umbriu sem er miðsvæðis á Ítalíu þar sem stutt er á strönd og til borga eins og Róm og Flórens.



HVAD KOSTAR ÞAÐ?



SUÐUREYJASIGLING MEÐ BALDRI UM BREIÐARFJÖRD KOSTAR 3450 KRÓNUR. Heimild: Sæferðir ehf.

# 24

stundir

ÁSTKÆRA YLHÝRA

## Áreit(n)i

Merkingarmunur orðanna áreiti og áreitni vill gjarnan skolast til í gráu sellunum. Samkvæmt Orðabók Eddu er áreiti ytri áhrif, ástand eða atvik sem kallar fram viðbragð. Áreitni er sem sagt íslenska útgáfan af orðinu stimulus, sem allir þekkja úr taugasálfræðinni. Áreitni er hins vegar það að einn áreiti annan, ágengni, átroðningur, dregið af sögninni að áreita. Kynferðisleg áreitni er þannig mjög neikvætt fyrirbæri en kynferðislegt áreiti getur hæglega verið mjög jákvætt. Eitt enn gerir þannig gæfumuninn.

magnus@frettabladid.is

Atvinnurekendur á Suðurlandi:

## Drukku metra af bjór

Stór hópur atvinnurekenda á Suðurlandi hélt á dögnum til aðalfundarhalda í Færeijum. Guðjón Ægir Sigurjónsson, fráfarandi formaður Atorku, félags atvinnurekenda á Suðurlandi, segir venju fyrir því að ferðast sé innanlands í tengslum við aðalfund. Nú hafi



METRI AF BJÓR Atvinnurekendur af Suðurlandi gæddu sér á öli í metra á veitingastað í Þórshöfn.

hins vegar verið kannaður möguleikinn á að fara til Færeija, sem reyndist tiltölulega auðvelt að koma í kring. „Svo virðist sem marga langi til Færeija en láti ekki af því verða þótt það sé stutt að fara,“ segir Guðjón en flugvél var leigð undir hópinn, sem taldi um 50 manns. Var lagt af stað snemma morguns og komið heim síðla kvölds. Segir Guðjón að margir ferðalanganna hafi lýst áhuga á því að snúa aftur síðar til lengri dvalar.

Hópurinn heimsótti meðal annars Færeyska símann og kíkta í nýlega verslunarmiðstöð í Þórshöfn. Þá var Atorkumönnum boðið upp á færeyskt hlaðborð þar sem hægt var að smakka á grindhvala- og skerpukjöti. Lagðist maturinn misvel í menn en voru þó flestir ánægðir með ölið, sem hægt var að panta í metra. ■



GUÐMUNDUR HELGI Ákvað að bjóða sig fram til formanns eftir að óánægðir félagsmenn komu að máli við hann.

## Hundaræktendur takast á

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands er í kvöld. Tveir bjóða sig fram til formanns. Annar frambjóðandinn sakar fráfarandi formann um ólýðræðisleg vinnubrögð og vill hrista upp í félaginu. Formaðurinn vísar gagnrýni á bug.

„Fráfarandi formaður tilkynnti mér á fulltrúafundi að hún ætlaði ekki að gefa kost á sér aftur, en taldi ekki þörf á því að tilkynna það neinum nema stjórninni,“ segir Guðmundur Helgi Guðmundsson, annar frambjóðandi til formanns Hundaræktarfélags Íslands, um vinnubrögð Þórhildar Bjartmarz, fráfarandi formanns félagsins.

Guðmundi finnst það ólýðræðisleg vinnubrögð af hálfu Þórhildar að tilkynna almennum félagsmönnum ekki ákvörðun sína. Mótframbjóðandi Guðmundar er Jóna Th. Viðarsdóttir, gjaldkeri félagsins. „Mér finnst þetta hafa þann brag á sér að Þórhildur hafi reynt að velja sér eftirmann með því að láta ekki almenna félagsmenn vita af ákvörðun sinni.“

Guðmundur Helgi hefur áður gegnt formennsku í félaginu og ákvað að bjóða sig aftur fram núna eftir að óánægðir félagsmenn gáfu sig á tal við hann. „Það hafa verið uppi óánægjuraddir með núverandi stjórn og því miður er þetta ekki eina dæmið um ólýðræðisleg vinnubrögð hennar. Ég vil sjá meira lýðræði í starfi félagsins þannig að rödd félagsmanna fái að óma. Margt í starfi félagsins er vissulega til fyrirmyndar en það er því miður of margt sem hefur farið forgörðum.“

Þórhildur Bjartmarz, fráfarandi formaður, kannast ekki við að hafa reynt að velja sér eftirmann. „Tímamörkin til að tilkynna framboð sitt runnu út 30. mars. Ég gaf ekki kost á mér fyrir þann tíma og það hefur legið fyrir síðan. Þetta eru reglur félagsins og það hlýtur sama yfir mig að ganga og aðra,“ segir Þórhildur og bætir við að sér finnst Guðmundur ekki hafa haldbær rök fyrir gagnrýni sinni.

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands fer fram í reiðhöll Gusts í kvöld og hefst klukkan 20. Þeir sem vilja kynna sér efni fundarins geta litið á heimasíðu félagsins hrfi.is. Ekki náðist í Jónu Th. Viðarsdóttur, mótframbjóðanda Guðmundar Helga, vegna málsins. ■

## Virkjum eigin orku!

Landsvirkjunarbikarinn í fjallahjólum – í Öskjuhlíð í dag

Skráning keppenda hefst kl. 17.00 í félagsheimili Hjólreiðafélags Reykjavíkur í Nauthólsvík.



Keppt er í þremur flokkum:

**Yngri keppendur** (9-15 ára) – hefja keppni kl. 18.00.

**Trimmflokkur** (byrjendur 19 ára og eldri) – hefja keppni kl. 18.00.

**16 ára og eldri** – hefja keppni kl. 19.00.

Grillaðar pylsur og gos að keppni lokinni við félagsheimili HFR

Keppnisgjald er 1.000 kr.


Nánari upplýsingar á [www.hfr.is](http://www.hfr.is).



Landsvirkjun

Góðir straumar í 40 ár





Bílastæði við Flugstöð Leifs Eiríkssonar  
Auðveldara aðgengi, aukin þjónusta,  
einfalt að greiða

10.05.2005

Frá og með 10. maí 2005  
verða öll bílastæði við  
Flugstöð Leifs Eiríkssonar  
gjaldskyld.

Flugstöðin leggur áherslu á gott framboð af bílastæðum fyrir alla sem þangað koma og býður nú stórbætt aðgengi í öruggu og þægilegu umhverfi, allan sólarhringinn.

Liður í þessari bættu þjónustu er fjölgun bílastæða ásamt uppsetningu gjaldmæla og eftirlitsmyndavéla á almennum stæðum.

Ítarlegar leiðbeiningar um greiðslufyrirkomulag er að finna við bílastæðin. Einfalt að greiða hvort sem er með greiðslukorti eða reiðufé.



GREINING: SÖNGVAKEPPNI EVRÓPSKRA SJÓNVARPSSTÖÐVA

## Keppnin sem menn elska að hata

Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, Evróvisjón, fagnar 50 ára afmæli sínu á þessu ári. Þegar fyrsta keppnin var haldin í Lugano í Sviss 1956 voru ekki margir sem spáðu henni langra lífdaga. Keppnin hefur þó staðið af sér alla storma og stórsjó og nýtur nú líklega meiri vinsælda en nokkru sinni. Upphafsmáður Evróvisjón var Frakkinn Marcel Baison og honum tókst að fá sjö þjóðir til þátttöku í fyrstu keppninni. Það voru auk Frakklands, Lúxemborg, Holland, Belgía, Ítalía, Þýskaland og Sviss. Hver þjóð sendi tvö lög til keppninnar og stóð annað lag Svisslendinga uppi sem sigurvegari. Árið eftir höfðu Danmörk, Bretland og Austurríki bæst í hópinn. Hver þjóð sendi eitt lag og það voru Hollendingar sem höfðu sigur. Keppninni óx smám saman fiskur um hrygg og 1961 voru þátttökupjóðir orðnar 16 og Svíar, Norðmenn og Finnar komnir til leiks. Fjöldi keppnisþjóða stóð síðan að mestu í stað allar götur fram til 1978 þegar hann



náði tölunni 20 í fyrsta sinn. Meðan popp- og rokkbyltingin stóð sem hæst í kringum 1970 fækkaði þátttökupjóðum niður í tólf þegar minnst var enda þótti keppni á borð við Evróvisjón þá yfirmáta hallærislegt fyrirbæri. Það átti þó eftir að breytast og má segja að sigur Abba 1974 hafi komið keppninni aftur til vegs og virðingar. Enn í dag er þó Abba eini sigurvegari keppninnar sem náð hefur heimsfrægd í kjölfar sigurs. Á síðustu árum hefur keppnisþjóðum í Evróvisjón fjölgað svo mjög að halda verður keppnina í tvennu lagi; fyrst forkeppni og síðan aðalkeppni. Í Úkraínu í ár mæta 49 keppendur til leiks, 25 keppa í forkeppni um tíu sæti í úrslitum þar sem fjórtán efstu þjóðir síðustu keppni bætast við. Íslendingar tóku fyrst þátt í Evróvisjón 1986 og hafa best náð öðru sæti keppninnar. Á morgun keppa þeir í undanrásum í Kænugarði og verða að vera meðal tíu efstu til að öðlast þátttökurétt í aðalkeppninni á laugardag.



### Loftpressan með dópinu

Loftpressan með öllu amfetamíninu var lengi ósött í vöruafgreiðslu Eimskipafélagsins í Sundahöfn í Reykavík. Leiddar hafa verið að því líkur að frést hafi af afskiptum lögreglu af sendingunni og að hún hafi verið stöðvuð. Meðal annars hefur verið vitnað til þess að systir eins af ákærðu starfaði hjá tollgæslunni. Allt eru þetta þó vangaeltur, því einnig hefur verið bent á að sakborningarnir voru í vandræðum með farmpappíra vegna sendingarinnar. Þá mun Ólafur Haukur hafa haft hjá sér úti í Hollandi, þar sem hann bjó og því óhægt um vik að vitja sendingarinnar. Eíður Thorarensen forsvarsmáður Bindis ehf. vildi í öllu falli ekki sækja sendinguna og því reyndi Elisabet Arnardóttir að afla nauðsynlegra gagna til að fá hana afhenta.



Seinni hluti eins umfangsmesta fíkniefnamáls sem hér hefur komið upp var tekinn fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Fimm sæta ákæru í þessum hluta, þar af eru fjórir í gæsluvarðhaldi. Ákært er fyrir tæp átta kíló af amfetamíni og nokkur þúsund skammta af LSD.

Fimm sæta ákærum í seinni hluta svokallaðs Dettifossmáls, einu umfangsmesta fíkniefnasmyglmáli sem hér hefur komið upp, en það var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Ákært er fyrir innflutning á tæpum 7,7 kílóum af amfetamíni, sem falin voru um borð í Dettifossi, fraktskipi Eimskipafélagsins, í júlí í fyrra. Þá er einnig ákært fyrir innflutning á 2.000 skömmtum af LSD sem

Í DÓMSSALNUM VAR VIÐ DÓMTÖKU DETTIFOSSMÁLS



ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSON, BLADAMAÐUR



DETTIFOSSMÁL Í HÉRAÐSDÓMI Sakborningar í Dettifossmálinu gættu þess vel í Héraðsdómi í gær að ekki sæist í andlit og voru flestir íklæddir hettupeysum, auk þess að bera fyrir sig möppur og pappíra. Dómtékkinn var í gær seinni hluti mála sem kennd eru við Dettifoss, en einn maður tengist báðum málum. Fyrri hlutinn var í dómi í apríllok.

sendir voru í pósti til landsins, auk 4.000 skammta sem fundust við leit í íbúð í Rotterdam í Hollandi, auk smærri brota á fíkniefnalöggjöf, umferðarlögum og vopnalögum.

Aðalmeðferð í fyrri hluta málsins fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í lok apríl, en í honum sæta fjórir ákæru fyrir að hafa fyrir á síðasta ári reynt að smygla með Dettifossi rúmum þremur kílóum af amfetamíni og um 600 grömmum af kókaíni. Einn sætir ákæru í báðum hlutum málsins og tengir þau saman, en það er Hinrik Jóhannsson sem játaði aðild að amfetamínsmygli í fyrri hlutanum og sætir nú ákæru fyrir LSD-innflutning.

Tryggvi Lárusson er ákærður fyrir að hafa í félagi við annan mann sem núna er látinn lagt á ráðin um innflutning á amfetamíni hingað til lands frá Hollandi. Þeir hafi hitt Óla Hauk Valtýsson í Amsterdam í lok júní í fyrra og fengið hann með í innflutninginn og til að annast sendingu efnanna hingað til lands. „Þetta er rangt allt saman,“ sagði Tryggvi fyrir dómi og kvaðst hvergi hafa komið nærri fíkniefnainnflutningi. Hann játaði hins vegar umferðarlagabrot þar sem hann hafi ekið próflaus og kannaðist einnig við að útdraganleg járnkylfa hafi fundist við leit heima hjá honum, en vegna hennar er hann ákærður fyrir brot á vopnalögum. „Þetta var skilið eftir heima hjá mér,“ sagði hann hins vegar og vildi ekki kannast við að eiga gripinn.

Óli Haukur Valtýsson játaði hins vegar skýlaust aðild sína að innflutningi amfetamínsins til landsins, en fannst upplesin ákæran hljóma eins og verknaðurinn hafi verið skipulagðari en í raun. „Þetta var ekki svona mikil planlagning, en rétt í grundvallaratriðum,“ bar hann fyrir dómi. Óli Haukur tók við við amfetamíninu í Roosendaal í Hollandi frá seljendum sem ekki er vitað hverjir eru. Hann skipulagði einnig með Eíði Thoraren-

sen Gunnlaugssyni, framkvæmdastjóra Bindis ehf. hvernig koma ætti efnunum til landsins. Eíður var ekki viðstaddur í Héraðsdómi í gær og var sagður á fjöllum. „Hann verður að koma af fjöllum og svara til saka fyrir dómi,“ sagði Guðjón St. Marteinsson þegar ákveðið var að Eíður myndi skýra aðild sína við aðalmeðferð málsins.

Þá viðurkendi Óli Haukur að hafa sent Hinriki Jóhannssyni 2.000 skammta af LSD í pósti í september í fyrra. „Hann átti hins vegar ekki von á nema 200 til 300 skömmtum,“ sagði hann og undir það tók Hinrik í framburði sínum. Óli Haukur var með LSD-efnið í íbúð sinni í Rotterdam en lögregla þar fann 4.000 skammta til viðbótar við húslit og hann er ákærður fyrir að ætla þau til sölu. „Ég var bara með þessi efni í vörslu minni og var búinn að greiða fyrir hluta þeirra,“ sagði Óli og kvað engar fyrirætlanir hafa verið uppi um sölu eða innflutning afgangans til landsins.

Elisabet Arnardóttir er ákærð fyrir að hafa aðstoðað Óla Hauk við að flytja loftpressuna með amfetamíninu og senda hana til landsins, en hún neitaði sök fyrir dómi. Eins bar Óli Haukur að hún hafi í raun bara verið með í för ytra, en ekki átt aðild að innflutningnum. Hún var hins vegar líka ákærð fyrir tilraunir til að afla gagna um sendinguna hér heima, eftir að Eíður hætti við að sækja pakkann sem stílaður var á fyrirtæki hans. „Ég fór bara með kærustunni hans Óla að athuga með einhverja pappíra, en ætlaði aldrei að fá neitt afhent,“ sagði hún. Elisabet játaði hins vegar að hafa átt til eigin neyslu um eitt og hálf gram af kókaíni sem fannst við húslit hjá henni í 17. september, en kvaðst hafa verið að geyma tæp 103 grömm af amfetamíni fyrir mann um þrítugt sem ekki sætir ákæru í málinu. Kæran gerir hins vegar ráð fyrir að amfetamínið hafi hún bæði ætlað að selja og neyta sjálf. ■

## Einn játar meðan annar neitar



### LYKILTÍMASETNINGAR Í DETTIFOSSMÁLINU

#### FYRRI HLUTI:

##### 6.-8. mars 2004

Hinrik Jóhannsson útvegar tæp þrjú kíló af amfetamíni og 600 grömm af kókaíni í Amsterdam og Rotterdam og fær til smygilsins Jón Arnar Reynisson skipverja á Dettifossi og þriðja mann um borð.

##### 15. mars 2004

Efnin finnast í gámi um borð í skipinu og eru haldlögð af lögreglu í Reykjavík.

##### 2.-3. júní 2004

Hinrik Jóhannsson og Jóhann Einar Björnsson kaupa 400 grömm af amfetamíni í Kaupmannahöfn í Danmörku og fela Jóni Arnari að koma til landsins. Jóni snýst hugur á heimleiðinni og hendir flösku með efninu í.

#### SEINNI HLUTI:

##### 21.-25. júní 2004

Tryggvi Lárusson og annar maður leggja á ráðin um innflutning amfetamíns frá Hollandi til Íslands og fá Óla Hauk Valtýsson til að sjá um smygildi. Hann fær til liðs Eíði Thorarensen Gunnlaugsson, framkvæmdastjóra Bindis ehf.

##### Júlíbyrjun 2004

Óli Haukur fær afhent tæp átta kíló af amfetamíni í Roosendaal í Hollandi. Efnin er falið í loftpressu.

##### 7.-9. júlí 2004

Loftpressan flutt til Osnabrück í Þýskalandi og þaðan til Hamborgar, með Óla Hauki í för er Elisabet Arnardóttir.

##### 9. júlí 2004

Loftpressan afhent til flutnings merkt Bindi ehf. í vöruafgreiðslu Eimskipafélagsins í Hamborg.

##### 19. júlí 2004

Dettifoss kemur að landi í Reykjavík. Sama dag og stóku sinnum fram í ágúst spyrst Elisabet fyrir um sendinguna, en Eíður hafði heykst á að vitja hennar.

##### 21. júlí

Fíkniefnin finnast við leit tollvarða í skipinu.

##### Byrjun september 2004

Óli Haukur fær afhenta 6.000 skammta af LSD í Rotterdam í Hollandi. Hann sendir Hinriki Jóhannssyni 2.000 skammta í pósti.

##### 14. september

Hinrik sækir bréfið í pósthólf á pósthúsinu í Vestmannaeyjum og er handtekinn á staðnum.

##### 17. september

Fíkniefni finnast við leit hjá Elisabetu, tæp 103 grömm af amfetamíni og 1,5 grömm af kókaíni. Amfetamínið er talið ætlað til sölu.

### Ekkja hins myrta í Kópavogi er ólétt af öðru barni:



„Veit ekki hvað við gerum án hans“

DV opnar styrktarreikning fyrir ekkjuna

**DV** – hefur þú séð DV í dag?





**ÁLFURINN ER FYRIR UNGA FÓLKID**

HVER OG EINN SKIPTIR MÁLI

www.saa.is

**ÁLFASALA SÁÁ 19. - 22. maí 2005**

Það er mjög dýrmætt fyrir þá sem hafa misstigið sig að fá góðan stuðning aftur út í lífið. Hjálpaðu okkur að láta það gerast.

Hver og einn skiptir máli

Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann

Einnig er hægt að hringja í síma 905 2005 og verða þá teknar 1000 kr. af næsta símréikningi

## Álfasala

Frá upphafi hefur SÁÁ litið svo á að áfengis- og vímuefnafíkn er sjúkdómur. Hlutverk samtakanna er að vinna að því að í landinu sé besta fánlega meðferð fyrir vímuefnafíkla og aðstandendur þeirra.

Frá árinu 1991 hafa samtökin greitt um einn milljarð með sjúkrarekstrinum af sjálfsaflafé sínu eða u.þ.b. 70 milljónir á hverju ári. Er þá ekki talin með kostnaður SÁÁ við að útvega starfsemi húsnaði.

Vel heppnuð Álfasala er ein mikilvægis-

ta fjáröflunarleið samtakanna og tryggir áframhaldandi styrk SÁÁ og heilstæða áfengis- og vímuefnamedferð sem býður upp á fjölbreytta möguleika og kemur til móts við sem flesta.

Ákveðið er að álfasala SÁÁ verði dagana 19.-22. maí næstkomandi. Eins og undanfarin ár mun ágóði af sölu Álfins renna til reksturs og uppbyggingar unglingadeildar SÁÁ á Vogu.

Það er dýrmætt fyrir þá sem hafa misstigið sig að fá góðan stuðning aftur út í lífið. Hjálpaðu okkur að láta það gerast.

### Göngudeild, Reykjavík Síðumúla 3-5

Víðtalsþjónusta er í boði alla virka daga frá kl. 09:00 til 17:00. Þessa þjónustu geta allir nýtt sér bæði þeir sem vita að þeir eiga við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða og einnig aðstandendur þeirra. Pantið tíma í síma 530-7600

### Kynningafundir

Kynningafundir SÁÁ í Síðumúla 3-5 eru á fimmtud. kl. 18:00. Kynningin stendur yfir í 45 mín. og síðan eru fyrirspurnir í stundarfjórðung.

### Batanámskeið

Helgarnámskeið um bata og ófullkominn bata. Á námskeiðinu er fjallað um ýmsar takmarkanir eða hindranir sem alkóhólistinn getur mætt fyrstu mánuðina í batanum. Hentar einnig vel fyrir þá sem eru að reyna að hressa sig við eftir áföll eða lægðir. Næsta batanámskeið verður 11.-12. júní.

### Fjölskyldunámskeið

4 vikna námskeið eða helgarnámskeið. Á námskeiðinu er leitast við að auka þekkingu þátttakenda á vímuefnasjúkdómnum og einkennum hans, hvernig hann birtist og hvaða áhrif hann hefur á alla þá sem búa í návígi við hann. Næsta 4 vikna fjölskyldunámskeið hefst mánudaginn 22. ágúst og næsta helgarnámskeið verður 28.-29. maí.

### Miðvikudagsfyrirlestrar

Alla miðvikudaga eru fræðsluerindi fyrir almennig í göngudeild og eru þeir öllum opnir. Þeir hefjast kl. 17:00 og er aðgangseyrir 700,- kr.

### Spilafíklar

Spilafíklum og aðstandendum þeirra er boðið uppá fræðsluerindi, viðtöl og hópstarf. Eftir þörfum er boðið uppá meðferð við spilafíkn sem er um helgar. Meðferðin fer fram með fræðsluerindum, viðtölum og hópfundum. G.A. fundur er í göngudeild alla fimmtudaga kl. 20:30. Næsta spilafíklunámskeið verður 21.-22. maí.

Sumarlokun á Göngudeild Reykjavík frá 27. júní til 8. ágúst

### Göngudeild, Vogu Stórhöfða 45

#### Foreldrafærðsla

Sérstök fræðsludagskrá sem er alla þriðjudaga kl. 18:15-20:00 á sjúkrahúsinu Vogu fyrir foreldra ungra vímuefnaneytenda. Dagskráin er jafnt fyrir foreldra sem eiga börn sem eru í meðferð eða hafa lokið henni og þá foreldra sem eru að leita sér upplýsinga vegna gruns um neyslu.



### Þjónusta Göngudeildar Akureyri

Deildin er opin mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 08:00 til 17:00, á þriðjudögum og föstudögum frá kl. 08:00 til 12:00. Nánari upplýsingar veitir dagskrárstjóri Hörður J. Oddfríðarson í síma 530-7600 eða 824-7635

Allar nánari upplýsingar og tímapananir, skráning á fyrirlestra og námskeið hjá SÁÁ svo og skráning nýrra félaga eru í síma 5307600 eða á [www.saa.is](http://www.saa.is)

### Félagsstarfið

#### STAÐARFELLSHÁTIÐ

Hin árlega fjölskylduhátíð að Staðarfelli í Dölum verður dagana 1. - 3. júlí 2005. Stjórnin með þau Siggú Beinteins og Grétar Örvarsson innanborðs mun stjórna söngvara-keppni fyrir börnin og halda uppi stemmingunni á dansspallinum. Bjarni töframaður og Pétur pókus, ásamt fleiri góðum munu skemmta á hátíðinni. Einnig verða íþróttir fyrir börnin, brekkusöngur og varðeldur ofl. Félagar og velunnarar SÁÁ eru hvattir til að mæta.

#### GOLFMÓT SÁÁ

Híð árlega golfmót SÁÁ, SÁÁ OPEN verður laugardaginn 18. júní á Garðavelli, Golfklúbbs Leynis á Akranesi. Leiknar verða 18 holur, með og án forgjafar. Glæsileg verðlaun verða veitt með og án forgjafar, auk þess verða vegleg nándarverðlaun í boði. Mótið er öllum opið og eru SÁÁ félagar sérstaklega hvattir til að mæta. Væntanlegir þátttakendur geta skráð sig á [www.golf.is/leynir](http://www.golf.is/leynir)

#### KJARNAKONUR

hittast vikulega á miðvikudagskvöldum á Vogu frá klukkan 20:00-21:30. Kjarnakonur bjóða til sín gestum einu sinni í mánuði á hádegisfund og "löns" á Vogu. Hægt er að lesa dagbók Kjarnakvenna á SÁÁ vefnum.

#### HEIÐURSMENN

Nú er komið að lokum vetrarstarfs Heiðursmanna sem var fyrir ýmsar sakir afar viðburðarríkt. Alls voru hádegisfundir Heiðursmanna 16 á liðnum vetri. Margir góðir gestir komu í heimsókn og settu svip á þessa ágætu fundi. Gert er ráð fyrir að fundirnir verði teknir upp að nýju um miðjan september 2005.

#### LEIKFÉLAG SÁÁ?

Í framhaldi af velheppnuðu námskeiði "Leiklist fyrir alla" var ákveðið að kanna áhuga á stofnun leikfélags SÁÁ og hvort áhugi væri á framhaldsnámskeiði og námskeiðum af svipuðum toga. Fundur um málið var haldinn þriðjudaginn 10. maí. Meira um fundinn seinna.



### Samstarf SÁÁ og SPRON

Samstarf SÁÁ og SPRON varðandi útgáfu á e-kortinu hefur gengið vel. Þórarinn Tyrtingsson, for-

maður SÁÁ, tók við fyrsta kortinu úr hendi Kristjáns Harðarsonar, framkvæmdastjóra hjá SPRON. Í framtíðinni mun félagsgjald Þórarins tekið af endurgreiðslu þeirri sem e-korthafar fá í lok hvers árs en korthafar fá alltaf 0,5% endurgreitt af allri innlendra

kortanotkun sinni. Þetta er nýjung í fjáröflun og vonandi munu félagsmenn SÁÁ taka þessu vel. Félagsmenn geta sótt um kortið á [www.saa.is](http://www.saa.is) en með því að smella á e-korts linkinn er hægt að sækja um kortið og fær viðkomandi það sent heim í pósti. Félagsgjaldið

sem er kr. 4000 á ári verður síðan dregið af punktunum sem viðkomandi fær.

Spron er útgefandi e-kortsins, en að sjálfsögðu geta allir sótt um kortið, óháð viðskiptabanka viðkomandi.



# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
KÁRI JÓNASSON

Mannfall og blóðbað á götum úti í fyrrverandi Sovétýðveldi

## Óeirðirnar í Úsbekistan

Óróleikinn í fyrrverandi Sovétlýðveldum færast land úr landi. Skemmst er að minnast þess sem gerðist í Georgíu og Úkraínu, þegar nýir leiðtogar komust þar til valda, og nú liggur við borgarastyrjöld í einni eða fleiri borgum í austurhluta Úsbekistans. Fréttir herma að þegar hafi mörg hundruð manns fallið í bardögum andófsmanna og hersins þar í landi og sér ekki enn fyrir endann á óeirðunum sem orðið hafa þar. Þetta virðist vera staðbundið enn sem komið og hafa óeirðirnar ekki borist til höfuðborgar landsins eftir því sem best er vitað.

Óeirðirnar byrjuðu í lok síðustu viku, og upphaf þeirra má rekja til friðsamlegra mómæla vegna handtöku og fangelsunar 23 athafnamanna í borginni Andijan í austurhluta landsins. Stjórnvöld halda því fram að þeir séu íslamskir ófgamenn. Allt fór svo í háloft þegar vopnaðir menn gerðu árás á fangelsið þar sem mönnum var haldið og í kjölfarið var ráðist á opinberar byggingar í bænum og embættismenn teknir í gíslingu. Síðar skutu stjórnarhersveitir á mannfjölda á götum úti og er talað um að um 500 manns hafi fallið þar í grimmilegri árás.

Það eru ekki nema nokkrir dagar síðan Bush Bandaríkjaforseti kom í opinbera heimsókn til Georgíu og var þar vel fagnað af núverandi valdhöfum. Bandaríkjamenn hafa verið að rækta sambandið við nokkur fyrrverandi lýðveldi Sovétríkjanna og þar á meðal er Úsbekistan. Reyndar kom það mörgum á óvart þegar í ljós kom að bandaríski herinn hafði fengið aðstöðu á flugvelli í Úsbekistan, til að geta athafnað sig þar með hinar risastóru sprengjflugvélar sínar í hernaðinum í Afganistan. Síðan þá hafa Bandaríkjamenn haft herstöð þar í landi. Suðurlandamæri Úsbekistans liggja að Afganistan, og því var það mikill ávinningur fyrir Bandaríkjamenn að fá þar bækistöð. Þeir þurftu að vísu að greiða töluvert fyrir þessa aðstöðu í beinum fjárstyrkjum, en þeim hefur þótt það þess virði.

Þessi bækistöð bandaríska hersins í Úsbekistan er skýringin á því hvers vegna formælendur Bandaríkjustjórnar hafa ekki kveðið fast að orði vegna óeirðanna og mannfallsins í austurhluta landsins frá því fyrir og um helgina. Bandaríkjamenn eiga mikið undir því að eiga góð samskipti við Islam Karimov, forseta landsins, og stjórn hans og hafa hvatt til lýðræðislegra umbóta í þessu fátæka landi. Bretar hafa verið mun ákveðnari í yfirlýsingum sínum vegna ástandsins í landinu. Erlendar fréttastofur hafa margar hverjar líkt ástandinu á götum í Andijan við það sem gerðist á Torgi hins himneska friðar í Peking árið 1989 og kannski þess vegna hafa kínversk stjórnvöld sent frá sér yfirlýsingu þar sem þau fagna því að yfirvöld í Úsbekistan hafi komið á röð og reglu í landinu! Rússnesk stjórnvöld hafa sagt að fjöldi óbreyttra borgara hafi látist í óeirðunum og harma þessa atburði.

Á þessu stigi er erfitt að segja til um hvort óeirðirnar eigi eftir að teygja sig til höfuðborgarinnar Taskent. Þær eru annars eðlis en í nágrennaríkjunum og þarna er enginn þekktur andspyrnumaður enn sem komið er, sem leiðir hreyfingu gegn stjórnvöldum í landinu. Alþjóðasamfélagið þarf að láta til sín taka þarna og koma í veg fyrir frekara blóðbað á götum úti. ■

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Smekklaus stuðningur

Slagurinn um formennskuna í Samfylkingunni hefur opinberað „alvarlega hluti“, segir í gær í Morgunpósti Vinstri grænna á netinu: „Það er umhugsunarefni fyrir okkur í VG og reyndar alla borgarbúa að þrír af æðstu embættismönnum borgarinnar eru á sérstökum stuðningsmanna-lista Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur vegna



formannskjörsins í Samfylkingunni. Engu máli skiptir það okkur hvort vinnur það stríð, en það má þó vekja athygli á því að það er smekklaus og tillitslaus í senn að hafa toppembættismenn borgarinnar á lista yfir stuðningsmenn formannsefnis. Tillitslaus gagnvart borgarbúum og samstarfsflokknunum“.

#### Taktlausir og ókurteisir

Of enn er haldið áfram í Morgunpóstinum: „Það var einmitt þetta sem R-listinn var stofnaður til að berjast á móti: Að borgarkerfið væri tekið til afnota fyrir FLOKKINN með hástöfum og greini. Það hefði orðið bókstaflega allt brjáláð ef íhaldið á sinni tíð hefði notað æðstu embættismenn á flokkspólitiska stuðningsmanna-lista. Hversu oft höfum við

vinstirmenn ekki rifjað upp að embættismenn hallir undir Sjálfstæðisflokkinn settu stein í götu meirihlutans á árunum 1978 til 1982? Þessum embættismönnum handgengnum íhaldinu var kennt um ófáirar í kosningunum 1982. Þessir embættismenn voru þó ekki svo taktlausir og ókurteisir að setja nafn sitt í opinbera stuðningsmanna-lista frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins“.

#### EKKI MIKIÐ LENGUR

„Hitt er svo líka umhugsunarefni fyrir okkur sem styðjum R-listann þar sem hafa verið einstaklingar úr þremur flokkum og einn eða tveir óháðir að nú er sá sem talinn var óháður borgarfulltrúi í síðustu kosningum orðinn liðsmaður Ingibjargar og genginn í Samfylkinguna“

gm@frettabladid.is

## Hroðvirkni – hverjum í hag?

Hinn hefðbundni lokadagur var núna í miðri viku þann 11. maí. Þann dag hefur frá fornu fari verið talið að vetrarvertíð væri lokið og menn héldu heim til sín úr verinu til að sinna sauðburði. Það verður að teljast við hæfi að Alþingi skyldi velja þann dag til að ljúka störfum, svo mikill vertíðarbragur sem iðulega er á störfum þess.

Árum saman hafa þingmenn og aðrir kvartað undan skorti á skipulagi á störfum þingsins. Vikum saman framan af hverju þingi hefur það fátta eitt fyrir stafni, svo þegar liður að jolum, eða þinglokum að vori, hrúgast misvel undirbúin stjórnarfrumvörp inn með þeirri tilætlan ráðherra að þau fái afgreiðslu með hraði. Að lokum er reynt að ná samkomulagi milli stjórnar og stjórnarandstöðu um að velja úr hrúgunni það sem ríkisstjórnin telur brýnast og hleypa því í gegn, oft að lítt yfirveguðu ráði og án nægrar aðgæslu um réttarfarslegar afleiðingar. Nægir þar að nefna til frægt frumvarp um eftirlaun þingmanna, sem afgreitt var fyrir júl í hitteðfyrri með kunnun afleiðingum.

Mér fannst satt að segja ömurlegt að fylgjast með starfslokum þingsins á lokadaginn í sjónvarpinu. Virðulegur forseti las í belg og biðu eins og hann væri í hraðlestrarkeppni heiti, nöfn og númer á þingskjölum og meðfylgjandi breytingartillögum. „Nú fer fram atkvæðagreiðsla – atkvæðagreiðslu er lokið, samþykkt með xx atkvæðum gegn zz og er afgreitt sem lög frá þinginu“. Komid hefur fram að sett hafi verið ákveðið hraðamet í atkvæðagreiðslum að þessu sinni (!), sem þing framtíðarinnar munu vonandi eiga erfitt með að slá.

Nú má vel vera að að baki þessari hraðaatkvæðagreiðslu liggja vönduð umræða í þingsölum og í nefndum. Sé svo ætli að banna að sjónvarpa frá þessu hraðaupphlaupi, því að fyrir önn-

#### Í DAG

LOK ÞINGVERTÍÐAR

ÓLAFUR HANNIBALSSON



„Hvernig getur þessi beinaberi rökstuðningur ráðherra sloppið undan umfjöllun fjölmiðla...?“

vígða hlaut þetta að líta út sem hræðileg hroðvirkni og leiða til hugleiðinga um óvönduð vinnubrögð við lagasetningu, sem leitt geta til allt annarrar niðurstöðu en löggjafinn hverju sinni telur sig vera að leiða í lög, eins og alltof oft hefur komið fyrir á undanförmum árum.

Sú var tíðin að þingseta taldist til hjáverka. Fyrsta áratuginn eftir að stjórnin færðist inn í landið var jafnvel haldið áfram uppteknum hætti og þingað aðeins annað hvert ár nokkrar vikur í senn og fjárlög samþykkt til tveggja ára. Langt er þó síðan þingmennskan varð að aðalstarfi og launuð samkvæmt því. Það er því engin ástæða til að halda áfram þessu vertíðarfyrirkomulagi á störfum þingsins, nema þá sú að ráðherrum finnst þægilegra að stjórna að þinginu fjarverandi.

Er ekki löngu orðið tímabært að þingið sitji allt árið og þingstörfum sé skipt upp í tvær eða þrjár annir með hléum á milli fyrir þingmenn að blanda geði við kjósendur, kynna þeim störf sín og leita þeirra fulltingis við orð sín á þingi og gerðir?

Þingið verður að fara að taka alvarlega hlutverk sitt sem óháður armur hins þrískipta valds, í stað þess að koðna niður sem lög-


gjafararmur alræðs framkvæmdavalds. Eitt hlutverk þess er að veita framkvæmdavaldinu aðhald og sjá til þess að dómsvaldið starfi einnig með sem sjálfstæðustum hætti, svo og þær eftirlitsstofnanir sem komið hefur verið á fót til að sjá um að viðskiptalíf haldi sig innan skynsamlegra og síðlegra marka.

Hér koma upp í hugann nýsett lög um Samkeppnisstofnun. Að flestra álitum hefur sú stofnun sannan gildi sitt með atljögu sinni að grænmetishringnum sællar minningar og síðan samráði olíufélaganna. Hvers vegna er þá hraðað í gegnum þingið löggjöf um þessa stofnun, sem klyfur hana upp í hluta, eftirlitinu með viðskiptasamráði er fengin pólitísk stjórn skipuð af ráðherra, og kveðið á um að forstjóri skuli bera allar ákvarðanir um fyrirvaralausar húsrannsóknir undir þessa pólitísku stjórn áður en látið er til skarar skriða? Sú skoðun nær langt út fyrir raðir hinnar formlegu stjórnarandstöðu að þessi lög séu hefndaraðgerð gegn Georg Ólafssyni, forstjóra Samkeppnisstofnunar, fyrir aðgerðina gegn olíufélagunum.

Rök ráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, eru út í hött: Stofnunin er skilvirk en undirmönnuð og févana; því þarf ný lög (sem gefa tækifæri til þess að setja núverandi forstjóra af, skipa stjórn undir pilsfaldi ráðherra, sem sé þæga stofnun og undirgefna undir hið pólitíska vald).

En hvar er umfjöllun fjórða valdsins, fjölmiðlanna, um þetta mál? Hvernig getur þessi beinaberi rökstuðningur ráðherrans ekki aðeins sloppið í gegnum umræður þingsins og umfjöllun nefnda, heldur og umfjöllun fjölmiðla? Kannski er ástæða til að spyrja þeirrar spurningar sem mörgum hefur brunnið á vörum allt frá dögum Rómverja: Quid boni, sem útleggst: Hverjum í hag? ■

Alltaf einfalt



ódyrt bensín

14 stöðvar!  
www.ob.is



LESTU GREININA Á VISIR.IS  
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaltahlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum á endurgjald. ISSN 1670-3871





Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK 4.03	13.24	22.48
AKUREYRI 3.27	13.09	22.54

Heimild: Almanak Háskólans

## FRÉTTABLAÐIÐ

**Góðan dag!**

Í dag er miðvikudagur 18. maí,  
138. dagur ársins 2005.

### KRÍLIN

Ég handleggs-  
brotnaði þegar ég  
var að klappa kisu  
og datt niður af  
skápnum.



### Smáauglýsingar

byrja í dag á bls. 6

#### Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

**SMÁAUGLÝSINGAR  
Á 995 KR.**

**PÚ GETUR PANTAÐ  
ÞÆR Á visir.is**



FASTEIGNIR HEIMILI **HEILSA** HÚS **NÁM FERÐIR** MATUR BÍLAR ATVINNA BRÚÐKAUP FJÁRMÁL TILBOÐ o.fl.

# allt

## ferðir o.fl.

Vanbúnum jöklaförum er voðinn vís

BLS. 6



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Guðmundur segir Grafarvoginn gott svæði til að skokka.

## Klífur Esjuna stund- um þrisvar í viku

**Að skokka, synda, skíða og hjóla. Allt þetta og fleira til notar Guðmundur Gunnarsson verkalýðsforingi til að efla heilsu sína bæði líkamlega og andlega.**

„Ég held mér í formi með því að skokka reglulega. Reyni að gera það svona annan hvern dag og hlaupa upp undir 20 kílómetra á viku,“ segir Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, aðspurður. Hann býr uppi í Grafarvogi og segir þar mjög góðar hlaupabrautir langt frá umferðaræðum. Þær tengjast gönguleiðum sem liggja meðfram sjónum upp í Mosfellsbæ og þaðan upp í Mosfellsdalinn. Þangað hleypur hann oft. Svo gengur hann reglulega á fjöll og nær því stundum að fara þrisvar á einni viku á Esjuna þegar hann er að búa sig undir lengri bakpokaferðir. Hann er yfirleitt einn á skokkinu og í skemmri fjallgöngum. „Mér finnst þvingandi að hlaupa í hópi en í lengri göngurnar fer ég undantekningarlaust í félagsskap annarra,“ lýsir hann.

Guðmundur kveðst reyna að hafa fjölbreytni í sinni hreyfingu. „Ég tek sundrispur og syndi þá um einn kílómetra í senn í stað þess að hlaupa. Stundum tek ég fram fjallahjólið og ef snjór er fer ég gjarnan á gönguskíði í staðinn fyrir skokkið eða sundið. Ég reyni að hreyfa mig hressilega annan hvern dag. Það er svona grunntóninn í þessu,“ segir Guðmundur, sem kveðst hafa haldið þessum lífsstíl frá því hann varð fertugur.

„Í fyrstu stundaði ég æfingar í líkamsræktarstöð í tíu ár en breytti síðan til og fór að hreyfa sig meira úti. Nú finnst mér það lífsspursmál. Ég vinn þannig vinnu að ég verð ekki líkamlega þreyttur heldur andlega og það er ekki til neitt betra við þunglyndi og annarri andlegri vanlíðan en að fara út og taka verulega á. Koma pumpunni í gang, blása almennilega og svitna í gegn,“ segir hann sannfærandi og bætir við: „Þegar maður kemur heim örþreyttur líkamlega er öll andlega þreytan horfin.“

gun@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTINU

*í námi*

**Samræmdum prófum** í 10. bekk grunnskóla lýkur í dag. Margir skólar hafa skipulagt ferðir til að fagna þessum tímamótum þannig að ungmennin megi eiga ánægjulegar minningar við lok þessa áfanga. Félagsþjónustan í Reykjavík, Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur, Lögreglan í Reykjavík og SAMFOK hafa sent út hvatningu til foreldra og annarra forráðamanna barna um að veita þeim umhyggju, aðhald og eftirlit og leyfa ekki eftirlitslaus parti eða ferðir af þessu tilefni.

**Skráning í flugþjónustunám** stendur yfir til 20. maí í Ferðamálastofnun, sem er deild innan Menntaskólans í Kópavogi. Námið er undirbúningur fyrir þá sem vilja starfa sem flugfreyjur eða

flugþjónar og er skipulagt í samstarfi við flugfélög á Íslandi. Markmið námsins er að búa nemendur undir störf í farþegarymi flugvéla. Það stendur í eina önn, 14 vikur, og hefst í september. Námið kostar 105 þúsund. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 21 árs og hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi. Einnig þurfa þeir að hafa gott vald á tveimur tungumálum.

**Alls var 29 milljónum króna** nýlega úthlutað af Leonardo da Vinci-starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins til sextán fyrirtækja, skóla og stofnana. Þeim fjármunum verður varið til að senda 190 einstaklinga í starfsþjálfun og heimsóknir til annarra Evrópulanda. Aðalmarkópurinn er ungt fólk í grunnstarfsnámi.



nam@frettabladid.is

VIÐ ERUM FLUTT Í STÆRRA OG  
GLÆSILEGRA HÚSNÆÐI  
Í HAMRABORG  
VERIÐ VELKOMIN



## Modurást

HAMMRABORG 7 • SÍMI 564 1451  
WWW.MODURAST.IS



## Sumarfrí

Nú fer að liða að sumarfrí hjá námsmönnum og margir hverjir pakka niður bókunum. Aftur á móti væri sniðugt að nota tímann í sumar til að glugga í námsbækur og þá sérstaklega þær skáldsögur sem þarf að lesa næsta vetur.



**Gleraugnaverslunin Sjónarhóll**

Líklega hlýlegasta og ódýrasta gleraugnaverslun norðan Alpafjalla

Reykjavíkurvegi 22, Hafnarfirði  
565-5970  
www.sjonarholl.is

frumkvöðull að lækun gleraugnaverðs á Íslandi

## Að virkja jákvæðu hliðarnar

*Í Lesblindusetrinu í Mosfellsbæ er unnið með lesblinda á jákvæðan hátt og nemendum hjálpað að tileinka sér náms efni sem áður virtist yfirþyrmandi. Sigrún Jensdóttir er ein leiðbeinenda.*

„Lesblindir einstaklingar eiga í erfiðleikum með tvívíð tákni, bókstafi og tölustafi en búa yfir myndrænni hugsun og sköpunarhæfileikum,“ segir Sigrún sem er ein þeirra sex sem vinna á Lesblindusetrinu. Þar er boðið upp á 30 stunda einstaklingsnámskeið í svokallaðri Davis-aðferðafræði sem beinist að rótum lesblindunnar en ekki áhrifum hennar. Segja má að hindranir séu fjarlægðar með þeim hætti að stafir og orð rugli nemandann síður eða alls ekki og því verður lestur og nám léttara.

Námskeiðinu fylgir svo eftirfylgni og símaþjónusta, að sögn Sigrúnar. En hvaða aldur miðast þessi námskeið við? „Undir venjulegum kringumstæðum miðast þetta við 9-10 ára en við förum neðar. Við vinnum yfirleitt með börnin fimm tíma í einu, sex tíma á dag. Árangurinn getur orðið 96% þannig að þau eiga mikla möguleika ef þau leggja sig fram en auðvitað byggist þetta á því hversu tilbúin þau eru að tileinka sér aðferðirnar,“ segir Sigrún og bætir við að lokum:

„Það er fullt af jákvæðum þáttum í lesblindunni. Maður þarf bara að vinna á neikvæðu þáttunum til að komast að þeim.“ ■



Unnið er með leir á námskeiðunum fyrir lesblinda. Hér eru Sigrún og Kolbeinn Sigurjónsson leiðbeinendur á Lesblindusetrinu.

**Talstöðin**  
FM 90,9

**ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX**  
Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

## Verkefni leikskólakennaranema kynnt

*Tillögur að breytingum í leikskólum og fleira.*

Leikskólakennaranema kynna verkefni sín á námskeiðinu Vettvangstengt val á föstudag en námskeiðið er kennt á lokamisseri leikskólalabratour. Markmið námskeiðsins er meðal annars að nemendur öðlist þekkingu og færni í að innleiða, framkvæma og meta árangur af nýbreytni eða þróunarstarfi, tileinki sér aðferðir lausnaleytna, samþætti ýmsar fræðigreinar leik-

skólakennaranámsins og útfæri á vettvangi.

Nemendur vinna í þriggja til fjögurra manna hópum, velja ákveðið viðfangsefni sem þeir rannsaka, greina og koma með breytingartillögum um og/eða innleiða breytingar í leikskólum. Átta kennarar koma að námskeiðinu auk umsjónarmanna verkefnisins á vettvangi. Kynningin fer fram í Bratta, fyrirlestraral Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð, föstudaginn 20. maí og stendur frá klukkan 9-14. ■



Verðandi leikskólakennarar kynna verkefni sín í Bratta á föstudag.

## Kennir stafræna ljósmyndun

MYNDAVÉLIN, MYNDATAKAN OG TÖLVUVINNSLAN ER MEÐAL ÞESS SEM FARIÐ ER Í Á ÞRIGGJA DAGA NÁMSKEIÐI.

Ljósmyndari.is er að fara af stað með þriggja daga ljósmyndanámskeið fyrir sumarið. Námskeiðið skiptist í fimm hluta þar sem farið er yfir myndavélina, myndatöku, myndatöku í stúdíói, tölvuna og forritið Photoshop. Nemendur læra að þekkja allar helstu stillingar á myndavélinni auk þess sem myndbygging er kennd. Þá eru tölvumálin tekin sérstak-

lega fyrir og nemendum kennt að færa myndir úr myndavélinni í tölvuna og síðan hvernig best er að vinna myndirnar og ekki síst koma skipulagi á myndasafnið.

Kennt er fjórar stundir í senn, þrjár sinnum í viku eða í alls 12 stundir en einnig er hægt að fara á helgarnámskeið. Nánari upplýsingar er að finna á slóðinni ljósmyndari.is á net-



**HÁSKÓLINN Á AKUREYRI**

www.unak.is/audlindadeild

Auðlindadeild



Nánari upplýsingar og umsóknareyðublið eru á [www.unak.is](http://www.unak.is).

Umsóknarfrestur er til 5. júní.

Auðlindadeild býður upp á þverfaglegt **B.Sc.** nám í umhverfis- & orkufræði, líftækni, og sjávarútvegs- & fiskeldisfræði. Námið veitir góðan grunn í almennum raunvísindum auk áherslna á hagfræði, stjórnumar- og markaðsfræði. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og skipulags, og ýtir undir sjálfbæra nýtingu auðlinda og verðmætasköpun.

**M.Sc.** nám í auðlindafræði hefst haustið 2005. Námið er 60 eininga alþjóðlegt meistaranám, þar sem meistaraverkefnið er 30 - 45 einingar. Námið er einstaklingsmiðað og er megináhersla á rannsóknaverkefnið og að nemendur tileinki sér vísindaleg vinnubrögð.



Nám í sjávarútvegsfræði er fjölbreytt og krefjandi og veitir mikla möguleika í framtíðinni. Stærsti kosturinn eru þau góðu tengsl sem myndast milli nemenda vegna smæðar deildarinnar.

**Hanna Dögg Maronsdóttir**  
nemandi í sjávarútvegsfræði



Ég valdi mér nám í umhverfisfræði við auðlindadeild vegna þess að það kemur inn á mörg áhugasvið mín. Ég tel að þetta nám eigi eftir að nýtast mér mjög vel, hvort sem það verður á vinnumarkaðnum eða í framhaldsnámi.

**Hildur Vésteinsdóttir**  
nemandi í umhverfisfræði



## Stúdentaveisla í bland við Evrópusöngvakeppnina

Útskriftir skarast víða við Evrópusöngvakeppnina.

Fjölmargin framhaldsskólar útskrifa stúdenta sína næstkomandi laugardag. Margir fagna áfanganum með veislu og bjóða til sín vinum og vandamönnum. Í ár munu margar útskriftir koma upp á sama dag og söngvakeppni evrópska sjónvarpsstöðva og því tilvalið að slá saman stúdentaveislu og evróvisjónpartíi. Hætt er við því að þegar líður á kvöldið tínist gestirnir úr veislunni til að fara heim að horfa á sjónvarpið. Ráðlegast er fyrir veisluhaldið.



ara að kveikja á sjónvarpinu og leyfa öllum í veislunni að setjast niður og horfa saman á keppnina. Góð og skemmtileg stemning getur myndast þegar stór hópur horfir á þetta saman og stúdentinn fær tvöfalda veislu og góða skemmtun. ■

Hvernig verður maður

## Matvæla- og næringarfræðingur?

Matvælafræðingar sinna mikilvægum störfum er tengjast matvælaframleiðslu, manneldi, rannsóknum, stjórnun, vörubrúun, ráðgjöf og markaðsmálum. Aðrir starfa að rannsóknum, í líftækniönaði og við kennslu. Einnig við stjórnunarstórf í fyrirtækjum og stofnunum.

### NÁMIÐ:

Í Háskóla Íslands er matvælafræðiskor innan raunvísindadeildar. Boðið er upp á þriggja ára 90 eininga BS-nám. Allir nemendur útskrifast sem matvælafræðingar en þeir geta valið á milli þriggja áherslulína seinni hluta námsins: Matvælavinnsla, næringarfræði og matvælafræði. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf af raungeinasviði.

### HELSTU NÁMSGREINAR:

Grunnurinn er efnarfræði og stærðfræði. Síðan er byggt ofan á það með næringarfræði, matvælaefnarfræði,

matvælafræði og fleiri skyldum greinum sem tengjast meðferð, vinnslu, bættri nýtingu, framleiðslustjórnun og verðmætaaukningu í matvælavinnslu.

### FRAMHALDSNÁM:

Nemendur sem lokið hafa BS-námi geta bætt við sig tveggja ára meistaranámi sem er 60 einingar, og fjögurra ára doktorsnámi, til 120 eininga, í helstu sérgreinum matvæla- og næringarfræða eins og matvælavinnsla, matvælafræði, matvælaefnarfræði, matvælafræði, matvælaörfvæðing og næringarfræði.

### RÉTTINDI:

Atvinnuönguleikar matvæla- og næringarfræðinga eru góðir því þörf fyrir þá er mikil og vaxandi. Margvíslegar rannsóknir fara fram á sviðum þessara fræðigreina.



Nemendur á matvæla- og næringarfræðisviði í heimsókn í fyrirtækinu Kornaxi.

## Nám fyrir verðandi leiðbeinendur í skólagörðum

Fjallað um lífræna og vistvæna ræktun með meiru.

Starfs- og endurmenntunardeild Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum í Ölfusi stendur fyrir námskeiði fyrir leiðbeinendur í skólagörðum hjá sveitarfélögum þriðjudaginn 24. maí. Námskeiðið fer fram í húsakynnum skólans á Reykjum. Tveir af sérfræðingum skólans, þeir Björn Gunnlaugsson tilraunastjóri og Gunnþór Guðfinnsson, ræktunarstjóri lífrænnar ræktunar, verða leiðbeinendur á námskeiðinu. Þeir munu meðal annars fjalla um jarðvinnslu, plöntusjúkdóma og meindýr ásamt illgresiseyðingu í skólagörðum. Þá verður sérstaklega fjallað um lífræna og vistvæna ræktun og um jarðgerð og lífræn-



Fjallað verður um ræktun á nokkrum tegundum matjurta á námskeiði fyrir umsjónarmenn skólagarða.

an áburð. Einnig verður farið yfir ræktun á einstökum tegundum matjurta og matjurtaræktun í gróðurhúsum skólans kynnt. Skráning og nánari upplýsingar um námskeiðið fást á netfanginu [www.mhh@lbhi.is](http://www.mhh@lbhi.is). ■

## Túlka kvikmyndir frá ýmsum tímum

Kennsla hefst í haust í kvikmyndafræði sem sjálfstæðri námsgrein við Háskóla Íslands. Til að byrja með verður hún 30 eininga aukagrein á BA-stigi innan hugvísindadeildar.

Þótt Íslendingar hafi tekið kvikmyndum opnum örmum fyrir hundrað árum sem afþreyingu og byrjað framleiðslu kvikmynda af kappi fyrir aldarfjórðungi þá hefur kvikmyndafræði ekki verið kennd sem sjálfstæð grein hér á landi nema í námskeiðaformi. Nýja kvikmyndafræðinámið við HÍ verður því hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Því er meðal annars ætlað að þjálfa fólk í að

skilja og túlka kvikmyndir frá ýmsum tímum og ólíkum þjóðlöndum og kynna helstu hugtök og vinnuáferðir í kvikmyndafræði. „Nú á haustmísserinu verður meðal annars fjallað um Hollywood-kvikmyndaiðnaðinn í heild, kvikmyndahátíðir og sérstakt námskeið verður um Friðrik Þór Friðriksson,“ segir Guðni Elísson dósent sem er forstöðumaður kvikmyndafræðinámsins.

Flutningafyrirtækið Samskip styður þessa nýju námsgrein rausnarlega með því að kosta stöðu kennara. ■



Guðni Elísson dósent verður fyrsti forstöðumaður kvikmyndafræðinámsins.



Farsæl leið til þróunar í starfi og meiri lífsgæða

# Gott nám

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands býður nú spennandi námskost:

**15 eininga diplómanám á meistarastigi**

Tilvalið nám með starfi

### NÁMSGREINAR:

Alþjóðasamskipti Fötlunarfræði  
Opinber stjórnsýsla Kynjafræði  
Fullorðinsfræðsla Mat og þróunarstarf  
Fræðslustarf og stjórnun Þróunarfræði

Inngönguskilyrði er BA- próf eða sambærilegt próf. Diplómanám er metið inn í viðkomandi meistaranám fái nemendur inngöngu í það.

Umsóknareyðublöð og allar upplýsingar eru á heimasíðu deildar: [www.felags.hi.is](http://www.felags.hi.is)

Umsóknum skal skilað til Kolbrúnar Eggertsdóttur, deildarstjóra framhaldsnáms, skrifstofu félagsvísindadeildar, Odda við Sturlugötu, sími 525-4263, tölvupóstfang [kolbeqq@hi.is](mailto:kolbeqq@hi.is).

Umsóknarfrestur er til 6. júní



Félagsvísindadeild Háskóla Íslands

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ





**Ganga**

Ganga er góð hreyfing og getur reglulegur göngutúr haft mikið að segja. Til að leiðast ekki í göngutúrnun er hægt að taka með sér góðan vin, labba í nýju og spennandi umhverfi eða hlusta á tónlist með vasatúrpi.



**Nýtt frá ASTROGLIDE®  
MEÐ JARÐABERJABRAGÐI**

Sleipiefni til að auka ánægju og tilfinningu við samfarir. Þetta er einstaklega skemmtileg nýjung til að hleypa nýju lífi í kynlífið.



Sölustaðir Lyfja, Lyf og Heilsa, Femin.is, Rímaapótek, Laugarnesapótek, Árbæjarapótek, Skipholtsapótek, Apótekarinn, Lyfjaval, Árnes og Siglufjarðarapótek.

**Sykurlaus jógúrt!**

Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs.

Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.

**Bio·Bú**

www.biobu.is var kosinn besti íslenski bandavafurinn

Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

**Silicol Skin**

vinnur gegn filapenslum og bólum.  
Bindur bakteríur og húðflögur og dregur þær til sín.

Þannig getur þú haldið húð þinni mjúkra og hreinni og komið í veg fyrir bólur.

Fæst í apótekum.

**Sico gæðasmokkar,**  
öruggir, ódýrir, handhægir. Finndu þann sem hentar þér:

Fást í helstu lyfjaverslunum um land allt, fæst einnig í Amor, Videoheimar Faxafeni, Allt í Einu Jafnaseli, Söluturninn Miðvangi, Bæjarvideo, Foldaskálinn og Bio Grill.

- Grip
- Extra strong
- Ribbed
- Pearl
- Safety
- Sensitive
- Color

3 og 9 stykkja pakkningar

**Konur þurfa járn**

**NÝTT Í HEILSUHÚSINU!**

Spatone, algerlega náttúrulegt fljótandi járn.

Spatone er litlum skammtapokum og nægir einn á dag til að fullnægja járnþörf kvenna og stúlkna.

- Spatone hentar afar vel eldra fólki.
- Spatone er kjörið fyrir þá sem eru að jafna sig eftir veikindi.
- Spatone er laust við öll aukaeftni.
- Spatone veldur ekki óþægilegum aukaverkunum.

**heilsuhúsið**  
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi

**Starfsfólkið ánægt og veikindadögum fækkar**

Heilsa og hagur starfsmanna voru höfð að leiðarljósi þegar nýtt símaver Reykjavíkurborgar var hannað. Þráðlausir símar og stillanleg borð eru meðal þess sem skiptir máli.

„Við hönnun á vinnuástöðunni var tekin mjög meðvituð ákvörðun um að tryggja heilsu og hag starfsmanna,“ segir Álfheiður Eymarsdóttir, forstöðumaður Símafers Reykjavíkurborgar, sem hafði umsjón með hönnun og uppbyggingu símafersins. „Ég lagði þetta í hendurnar á Fasteignastofu borgarinnar en tók skýrt fram hvað ég vildi. Ég vildi til dæmis að vinnuborðin væru stillanleg, en þau eru rafknúin og hægt að sitja við eða standa,“ segir Álfheiður.

Að fleiru var hugað en bara borðunum því allt litaval miðast við að gera umhverfið þægilegt, auk þess sem tölvuskjárnir eru sérstaklega hljóðlátir og góðir fyrir augun, og teppi er á gólfum til að draga úr hávaða og hljóðáreiði.

„Við veltum birtunni fyrir okkur og leituðumst við að hafa hana sem náttúrulegasta og notast ekki við flúorlýsingu því hún getur valdið þreytu og vanlída,“ segir Álfheiður. Stólarnir sem starfsfólkið situr á eru einnig sérvaldir. Þeir eru rómuð íslensk hönnun og segir Álfheiður mikla ánægju með þá. Jafnframt eru símtólin þráðlaus, þannig að starfsfólkinu gefst kostur á að hreyfa sig um vinnusæðið á meðan talað er í símann.

„Við komum okkur einnig upp hvíldahorni sem hægt er að hverfa til þegar álagið hefur verið mikið eða fólk hefur þurft að takast á við strembin símtöl,“ segir Álfheiður, sem einnig sá til þess að keyptar væru heimilislegar plöntur sem auka á vellída in starfi.

„Ég er með mjög ánægt starfsfólk hérna og forföll vegna veikinda eru í lágmarki. Hins vegar höfum við starfað í svo skamman tíma að við eigum ekki eftir að sjá raunverulegan árangur af þessu fyrr en eftir tvö ár eða svo,“ segir Álfheiður.

„Í starfi sem þessu fylgir mikið álag sem getur valdið þirringi og það hjálpar ekki til ef vinnuástaðan er ekki upp á marga fiska,“ segir Álfheiður Eymarsdóttir.

kristineva@frettabladid.is



Öll borðin í símaveri Reykjavíkurborgar eru stillanleg, og stendur Álfheiður Eymarsdóttir hér við eitt þeirra.



Í símaveri Reykjavíkurborgar er hvíldarhorn þar sem starfsmenn geta átt stund milli stríða.

**Heilsuvörur og matstofa**

Opið virka daga kl. 10–20  
laugardaga kl. 11–17

**maður lifandi**  
Borgartúni 24

**LYFJA**

**Við mælum blóðfitu**

**Pantaðu tíma**  
í Lág múla í síma 533 2308  
Smáratorgi í síma 564 5600

**Yfirburðagæði og styrkleiki þú finnur muninn!**

**Spirulina**

Súrefnistæmdar umbúðir til að næringarefnið varðveitist.  
Fæst í apótekum

**Lyfjameðferð virkar vel**

LÍFSLÍKUR KVENNA SEM FÁ BRJÓSTAKRABBAMEIN HAFNA BATNAÐ.

Undanfarnir fimmtán hefur hætta á að brjóstakrabbamein dragi konur til dauða minnkað til muna. Ástæða þessa er einkum sú að lyfjagjöf hefur batnað til muna og kemur æ oftar í veg fyrir að sjúkdómurinn taki sig upp á nýjan leik. Vísindamenn við Oxford-háskóla hafa gert ítarlega rannsókn á þessu og meðal annars skoðað tæplega 200 rannsóknir sem 145 þúsund konur tóku þátt í. Niðurstöður þeirra benda til þess að lyfjameðferð í kjölfar þess að krabbameinið er fjarlægð með skurðaðgerð og geislameðferð auki lífslíkur kvenna um fimm ár og að lyfjameðferðin geti verið að skila sér í tíu ár – jafnvel lengur.





**SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ**

**Hvernig skilgreinum við sjálfsgaga?**

Ef sjálfsgagi snerist aðeins um að gera það sem okkur langar ekki að gera á því augnabliki sem okkur langar alls ekki að gera það væri lífið mun einfaldara en það er.

**Að gera ekki það sem við viljum gera**

Staðreyndin er hins vegar sú að sjálfsgagi snýst líka um að gera ekki það sem okkur langar að gera á því augnabliki sem okkur langar helst að gera það.

**Andstæðir pólar**

Þetta leiðir til þess að við sveiflumst á milli tveggja andstæðra póla, sem aftur veldur því að hinn svokallaði gullni meðalvegur er, fyrir okkur flest, vandfundinn. Þetta getur haft mikil áhrif á þjóðfélagið í heild. Til dæmis er „skapleysi“ orðið mjög algengt í sumum þjóðfélögum, meðal annars Bandaríkjunum, þar sem þetta hugtak hefur verið skilgreint og notað til þess að greina andlegt ástand þjóðfélagsþegnanna. Þessi staða getur skapast hjá okkur öllum og lýsir sér meðal annars í því að við vitum ekki almennilega hvernig okkur líður nema að annað hvort sé allt í himnalagi eða ástandið mjög slæmt.

**Áunnið bjargarleysi**

Sérfræðingar hafa í kjölfarið komið með annað hugtak sem lýsir líðan margra og kallast áunnið bjargarleysi. Sú líðan lýsir sér meðal annars í framtaksleysi, okkur finnst við standa ein og ekki vera við stjórnvölinn í eigin lífi. Þetta getur valdið mikilli vanlíðan og íslenskir sérfræðingar eru meðvitaðir um það.

**22% Íslendinga með geðröskun árið 2010**

Fagræð sem stofnað var á vegum Landlækniseimbættis gerði árið 2003 heilbrigðisáætlun þar sem áætlað er að um 22% Íslendinga eldri en 5 ára muni þjást af geðröskunum af ýmsu tagi árið 2010. Þar munu kvíði, depurð og þunglyndi líklega veða einna þyngst.

**Læknar líkamsrækt þunglyndi?**

Rannsóknir hafa leitt í ljós að í sumum tilfellum hefur líkamsrækt meiri áhrif en lyfjameðferð á þunglyndi. Einnig benda rannsóknir til þess að þeir sem stunda líkamsrækt markvisst eigi 70% auðveldara með að taka ákvörðun!

**Og lausnin er?**

Augljóst er að við höfum öll mjög gott af því að stunda hvers konar líkamsrækt óháð aldri og kyni. Þótt það geti verið erfitt að komast af stað hafa úrræðin aldrei verið fleiri, og sama á við um fæðuval. Því stendur eftir að við verðum að finna það hjá okkur sjálfum að rækta okkur á líkama og sál. Við getum ekki beðið lengur eftir að einhver annar komi og „reddi“ þessu fyrir okkur, við verðum að axla þessa ábyrgð sjálf.

Gangi þér vel...

**Sölvi Fannar Viðarsson**

Er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabíl.



**Nálarstungur gagnast við astma, mígreni og vefjagigt**

*Nálarstungur eru í mikilli sókn hérlandis og gagnast við hvers kyns kvillum.*

„Það sem menn óttast er hrun félagsins. Hann þarf að koma félaginu í stöðuga titla og það má ekkert út af bregða. Glazer þarf að tvöfalda eða jafnvel fjórfalda hagnaðinn og við sjáum ekki hvernig hann ætlar að fara að því,“ segir Gunnar. Hann segir að Manchester United hafi verið stöðugasta stórlíð Evrópu á síðustu árum og hið eina sem alltaf hafi komist áfram í Meistaradeildinni. Slíkur árangur sé hins vegar ekki tryggður og óttast stuðningsmenn að undir stjórn Glazers geti félagið orðið gjaldþrota ef eitthvað smávægilegt bregður út af.

Stuðningsmenn United telja að Glazer muni selja Old Trafford og hækka miðaverð upp úr öllu valdi. Þeir benda á reynsluna í Bandaríkjunum þar sem Tampa Bay Buccaneers, amerískt fótboltalið í eigu Glazers, hefur rekið lestina í sínum riðli eftir að

Glazer þarf að tvöfalda eða jafnvel fjórfalda hagnaðinn og við sjáum ekki hvernig hann ætlar að fara að því,“ segir Gunnar.

## Morgan Stanley ekki ráðhollur

Fjárfestir vann mál gegn fjárfestingarbankanum og fær greiddar háar bætur.

Verðbréfafyrirtækið Morgan Stanley þarf að greiða fjárfesti ríflega sex hundruð milljónir Bandaríkjadala – um 39 milljarða króna – vegna lélegra ráða í tengslum við fjárfestingar fyrir sjö árum.

Ronald Perelman seldi fyrirtæki árið 1998 og fékk að hluta til greitt með hlutabréfum í öðru fyrirtæki, Sunbeam. Í aðdraganda kaupanna hafði Perelman fengið

Morgan Stanley til að leggja mat á fjárhagslegan styrk Sunbeam og fengið þær upplýsingar að þar væri allt í stakasta lagi. Skömmu síðar fór Sunbeam í gjaldþrot og Perelman tapaði öllu fénu.

Kviðdómur í málinu hafði fengið fyrirmæli frá dómranum í málinu um að líta bæri svo á að Morgan Stanley hefði viljandi afvega-leitt fjárfestinn. Perelman ætlar að



GAETTU ÞÍN GLAZER Það væri ekki góð hugmynd hjá Glazer að fara á pöbbarólt í Manchester þessa dagana. Stuðningsmenn liðsins myndu hafa ýmislegt við hann að tala og ekki allt á jákvæðu og rólegu nótunum.

hafa unnið einn titil fyrir nokkrum árum. Þar hefur miðaverð hækkað og aðstaða til iðkunar og áhorfs verið í niðurníðslu.

Bæði Landsbankinn og KB banki hafa tekið þátt í kaupum Glazers á hlutabréfum í United. Gunnar segist vita til þess að nokkrir íslenskir stuðningsmenn íhugi að hætta í viðskiptum hjá þessum bönkum í mótmælaskyni. Í Manchester er lagt að stuðningsmönnum að hætta viðskiptum við Vodafone, Audi, Nike og Budweiser sem styðja United. Með því vonast þeir til að fæla fjárfesta frá Glazer.

### EFNALAUG Í GÓÐUM REKSTRI

Efnalaug, lítil efnalaug í eigin húsnæði, góð kaup fyrir samhent hjón eða sem viðbót við aðra efnalaug.



heilsugar um þinn bag -  
Suðurlandsbraut 50 - bláu húsin v/Faxafen - 108 Reykjavík


# 533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson · viðskiptafræðingur  
Símar 513-4319 & 821-2577 · ingvaldur@husid.is



# FRÁBÆR VOR TILBOÐ

MIKILL AFSLÁTTUR – FRÁBÆR KAUP – VAXTALAUS TILBOÐ



**Philips 32PW8609**  
32" 100Hz BREIÐTJALDSSJÓNVARP með REAL FLAT BlackLine S myndlampa, 40w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, textavarpi, 2 Scart tengjum og fjarstýringu.

**TILBOÐ 69.995**

Fullt verð kr. 99.995



**Philips 14PF6826**  
14" Nicam stereó LCD SJÓNVARP með Dolby Virtual Surround, 640x480 punkta upplausn, textavarpi, Scart, heyrnatólatengi og fjarstýringu. Borðstandur fylgir.

ÖRÞUNNT LCD

**TILBOÐ 49.995**

Verð áður kr. 54.995

**0% VEXTIR**

**KR. 4.995**

Á MÁNUÐI  
Í 10 MÁNUÐI

**VAXTALAUST**



**Philips 28PT4458**  
28" SJÓNVARP með Blackline FX myndlampa, stereó hljóðkerfi, textavarpi, 2 Scart tengjum og fjarstýringu.

KLASSISKT 28"

**TILBOÐ 39.995**


Verð áður kr. 49.995

**0% VEXTIR**

**KR. 3.995**

Á MÁNUÐI  
Í 10 MÁNUÐI

**VAXTALAUST**



**Philips 32PW8739**  
32" 100Hz Real Flat BREIÐTJALDSSJÓNVARP með REAL FLAT BlackLine S 16:9 myndlampa, 100Hz Digital Scan, 40w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, möguleika á tvískiptum skjá, 6 breiðtjaldsstillingum, 2 Scart tengjum, RCA tengi og Audio Out, textavarpi með 1200 síðna minni og fjarstýringu.

BREIÐTJALD

**TILBOÐ 79.995**

Verð áður kr. 109.995

**0% VEXTIR**

**KR. 6.666**

Á MÁNUÐI  
Í 12 MÁNUÐI

**VAXTALAUST**



**Philips 32PF4320**  
32" High Definition LCD SJÓNVARP með móttakara, 1366x768 (VGA, SVGA, WXGA) upplausn, 3D Comb Filter og Digital Crystal Clear, ljósskynjara og Active Control til að minnka glampa, 2 x 30w Virtual dolby Surround, 6 breiðtjaldsstillingum, 2 Scart tengjum og SVHS, íslensku textavarpi og borðstandi.

ÖRÞUNNT LCD

**TILBOÐ 199.995**

FRÁBÆRT TILBOÐ

**0% VEXTIR**

**KR. 16.666**

Á MÁNUÐI  
Í 12 MÁNUÐI

**VAXTALAUST**



**Heimilistæki**

SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU



## Býður áskrift að tölvuleikjum

Fjölmiðlafyrirtækið Time Warner býður nú upp á nýja breiðbandsþjónustu sem felur í sér að hægt er að velja úr hundruðum tölvuleikja til að spila í gegnum netið. Gert er ráð fyrir að fjöldi leikja margfaldist á næstu mánuðum.

Gegn mánaðarlegu gjaldi fá áskrifendur aðgang að safni leikja sem þeir nálgast í gegnum netið og gert er ráð fyrir að mánaðargjaldið verði ríflega þúsund krónur á mánuði. Um er að ræða leiki fyrir PC tölvur og gildir hver áskrift fyrir tvær tölvur. - þk



## MSN til Kína

Microsoft tilkynnti í síðustu viku að ákveðið hefði verið að ganga til samstarfs við kínverskt fjárfestingarfélag um að setja upp MSN þjónustu í Kína.

Nú þegar geta Kínverjar notað bæði Hotmail og MSN Messenger á kínversku en nú hyggst fyrirtækið bjóða upp á þjónustu sambærilega við það sem er í Bandaríkjunum þar sem hægt er að nálgast margskonar lesefni, hljóð og mynd í gegnum MSN.

Miklar ritskoðunarhömlur eru á netinu í Kína en talsmaður Microsoft lét hafa eftir sér að það yrði ekki vandamál enda ætlaði fyrirtækið að fara eftir lögum og reglum í hverju því landi þar sem það stundar viðskipti. - þk



### LÍTILL STARTKOSTNAÐUR

Videoleiga og hverfisverslun, 20 milljónir í veltu á ári, verð einungis 2.5 milljónir, upplagt fyrir duglegan einstakling eða par.



- beilsbugar um þinn bag -  
Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík

# 533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson · viðskiptafræðingur  
Símar 513-4319 & 821-2577 · ingvaldur@husid.is

Tryggingamiðstöðin hf.  
boðar til hluthafafundar

Fundurinn verður haldinn í húsakynnum félagsins að Aðalstræti 6, 7. hæð, í dag, miðvikudaginn 25. maí kl. 14.00.

#### Dagskrá:

1. Kosning stjórnar
2. Önnur mál, löglega upp borin

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

ADALSTRÆTI 6-8 · 101 REYKJAVÍK · SÍMI 515 2000 · www.tmhf.is

# Fyrsta orrusta í tölvuleikjastriði

Microsoft, Nintendo og Sony ætla sér stóra hluti með næstu kynslóð leikjatölva. Sony sigraði síðast með Playstation 2 en nú veðja margir á Microsoft og nýju Xbox 360 tölvuna. Mikil spenna er á leikjasýningu í Los Angeles þar sem tækin eru kynnt.

Pórlindur Kjartansson  
skrifar

Mikil spenna ríkir nú í Los Angeles þar sem upphafsorrustan milli Sony, Microsoft og Nintendo um næstu kynslóð leikjatölva fer fram. Margir telja að Microsoft hafi nú þegar náð forystu í slagnum.

Eftir miklu er að slægjast í tölvuleikjum. Á heimsvísu nam sala tölvuleikja og leikjatölva 27 milljörðum Bandaríkjadala í fyrra. Það samsvarar um 1.800 milljörðum íslenskra króna. Þá er vöxtur í þessum geira mikill. Á fyrsta ársfjórðungi í ár stækkaði markaðurinn fyrir þessar vörur um næstum því fjórðung í Bandaríkjunum.

Kannanir sýna að fjöldi þeirra sem leggja stund á tölvuleiki vex mjög hratt og er langt frá því að aðeins börn og unglingar leiki sér í tölvum. Ný könnun í Bandaríkjunum sýnir að 39 prósent af fullorðnu fólki á aldrinum átján til 55 ára spilar tölvuleiki og margir þeirra segjast háðir tölvuleikjum. Í könnuninni kom meðal annars fram að 27 prósent þeirra sem svöruðu viðurkenndu að hafa átt svefnlausar nætur yfir tölvuleikjum.

Vel er því fylgst með öllum nýjungum á þessum markaði. Harðir tölvuleikjaaðdáendur, tækninördar og fjárfestar hafa því hópast saman til Los Angeles til að fylgjast með stærstu sýningu heimsins á tölvuleikjum og tölvuleikjabúnaði. Tölvurnar sem keppa munu um hylli leikjaglaðra neytenda á næstu árum eru Xbox 360 vélin frá Microsoft, Playstation 3 frá Sony og Revolution vélin frá Nintendo.

Þessi nýja kynslóð leikjatölva tekur við af forverum sínum en meðal þeirra var Sony Playstation 2 langvinsælust og hafði ríflega fjórtíu prósent markaðshlutdeild. Xbox tölvan frá Microsoft var í öðru sæti með níttján prósent en Nintendo rak lest-



**SLEGIST UM BESTU LEIKINA** Miklu skiptir fyrir framleiðendur leikjatölva að vinsælustu leikimír séu fánlegir fyrir þeirra tölvur. Grand Theft Auto er meðal vinsælustu leikja í heimi og hefur slegið í gegn á Playstation 2 tölvunum.

ina með um fjórtán prósent markaðshlutdeild fyrir GameCube.

Nú gæti þessi staða snúist við. Ein helsta ástæðan er sú að Microsoft mun að öllum líkindum vinna kapphlaupið um að koma fyrst á markað en gert er ráð fyrir að sala á Xbox 360 hefjist áður en jóla-vertíðin hefst í Bandaríkjunum í haust. Markaðsrannsóknarfyrirtækið Jupiter spáir því að eftir fimm ár verði markaðshlutdeild Microsoft 38 prósent, Sony hafi 32 prósent og Nintendo verði með 22 prósent.

Leikjatölvur hafa jafnan verið langt á undan annarri þróun í tölvuheiminum hvað stafræna vinnslu varðar en auk þess veðja framleiðendur á að leikjatölvurnar verði í raun miðstöðvar fyrir afþreyingu á heimilum. Xbox mun til að mynda spila DVD-diska og tónlist auk þess sem hægt verður að eiga samskipti í gegnum internetið. Þá mun mikið verða lagt upp úr nettengingum þannig að hægt sé að keppa í leikjum við nánast hvern sem er í heiminum. Þótt enn hafi ekki verið gefnar nákvæmar upplýsingar um eiginleika Playstation 3 og Nintendo Revolution má gera ráð fyrir að þeir verði að mestu leyti áþekkir.

Það sem mun hins vegar ráða miklu um velgengi nýju tölvanna er ekki aðeins tæknilegir eiginleikar heldur einnig stemmningin sem myndast um vöruna. Helstu framleiðendur leikja munu vilja framleiða leiki fyrir þá vél sem líkleg er til mestra vinsælda á meðan útfærslur fyrir hinar vélarnar verða láttnar sitja á hakanum.



**XBOX 360 VEKUR ATHYGLI** Ljósmyndarar og blaðamenn hópast í kringum nýju leikjatölvuna frá Microsoft.

## Ný aðferð í baráttu við ruslpóst

Sameiginlegur gagnagrunnur kemur auga á ruslið og sendir það á haugana.

Flestir kannast við að fá sendan tölvupóst með tilboðum um endurfjármögnun greiðslukortaskulda, kaup á stinningarlyfinu Viagra og aðferðir til þess að lengja líkamshluta. Þessi svokallaði ruslpóstur er nú talinn vera um tveir þriðju af allri umferð tölvupósts í heiminum.

Fjöl margar aðferðir hafa verið þróaðar til þess að draga úr ónæðinu sem venjulegir netnotendur hafa af ruslpósti. Margar þeirra hafa þá óheppilegu hliðarverkun að hætta er á að því að raunverulegur tölvupóstur flokkist sem rusl. Ýmsir hafa haft áhyggjur af því að þetta kunni að draga verulega úr gagnsemi



**AÐ DRUKKNA Í RUSLI** Um tveir þriðju alls tölvupósts í heiminum er rusl sem enginn hefur beðið um né vill fá.

tölvupósts sem samskiptatækis.

Hópur vísindamanna við Kaliforníuháskóla í Los Angeles hefur þróað nýja leið til þess að berjast gegn óumbeðnum tölvu-

pósti. Kerfið byggist á því að útbúa sameiginlegan gagnagrunn um ruslpóst þannig að þegar einhver flokkar bréf sem rusl þá fái aðrir notendur hugbúnaðarins aðgang að þeim upplýsingum.

Vísindamennirnir líkja þessu við samvinnu ólíkra lögreglu-umdæma í baráttu gegn glæpum – vitneskja á einum stað er gerð öllum ljós. Þeir telja að með þessari aðferð sé mun líklegri að hægt sé að stöðva ruslpóst áður en hann angrar mikinn fjölda netverja. Þá telja þeir mjög litlar líkur á því að raunveruleg skilaboð verði flokkuð sem ruslpóstur.

Frá þessu er sagt í tímaritinu New Scientist.






## Útvarpið í vörn

Hlustun á hefðbundnar útvarpsstöðvar í Bandaríkjunum hefur dregist saman um næstum tíu prósent á síðustu sjö árum. Þær leita nú leiða til að endurheimta markaðinn.

Svo virðist sem einu stöðvarnar sem halda hlut sínum um þessar mundir séu þær sem spila sveitatónlist, ballöður, trúarefni eða kjaftaglaða þjóðfélagspekúlanta. Víða hafa stöðvar með rokktonlist verið lagðar af sökum lélegrar hlustunar.

Nýjar stöðvar sem bjóða upp á miklu meira úrval tónlistar og flytja færri auglýsingar hafa verið að ryðja sér til rúms bæði í Bandaríkjunum og Kanada auk þess sem sífellt fleiri gerast áskrifendur að útvarpsstöðvum á netinu þar sem engar auglýsingar eru leika. - þk



### LYF EYKUR GÁFUR

Nýtt lyf eykur hæfileika fólks til að leysa þrautir og virðist engar aukaverkanir hafa.

## Nýtt heilalyf lofar góðu

Tilraunir á nýju lyfjaefni sem örvar heilastarfsemi lofar góðu. Efnið heitir CX717 og rannsóknir á mönnum hafa leitt í ljós að það bætir athygli, eykur viðbragðsflýti og minni og eykur getu til að leysa þrautir.

Lyfjaefnið eyðist hratt úr líkamanum og rannsóknir benda til þess að aukaverkanir séu litlar sem engar. Vonir standa til að lyf-ið muni hjálpa öldruðum, ofvirkum börnum en geti einnig gagnast fullfrísku fólki sem er undir miklu álagi. - þk

## Genin breytast mishratt

Genin sem geyma uppskriftir af öllum lífverum breytast smám saman í gegnum árþúsundin en nú hafa vísindamenn komist að því að breytingarnar eru mishraddar eftir því hvaða hlutverk genin hafa.



Þau gen sem búa yfir upplýsingum um hvernig líkaminn eigi að berjast gegn farsóttum og sjúkdómum virðast breytast mun hraðar en önnur gen. Þá breytast gen sem stjórna framleiðslu sæðis nokkuð hratt. Breytingin sem orðið hefur vart við er hins vegar tvíþent því ásamt því að stuðla að heilbrigðara sæði dregur úr hæfileikum líkamans til að berjast gegn stökkbreytingum í frumum og því veikjast varnir gegn krabbameinum. - þk

# Gates skýtur á Apple


Segir vinsældir iPod muni minnka og samkeppni aukast.

Ríkasti maður heims, Bill Gates stofnandi Microsoft, er greinilega jafnmikill keppnismaður nú og í upphafi ferils síns þegar hann att kappi við Steve Jobs og Apple um yfirburði á einkatölvumarkaði.

Eins og flestir vita fór Gates með sigur af hólmi í því stríði og Microsoft rúllaði yfir Apple en nú telja margir að tími Apple sé að renna upp á ný. Tónlistarspilarinn iPod er talinn einhver best heppnaða nýjungin í tækniheiminum í marga áratugi. Sumir, þar á meðal Steve Jobs forstjóri Apple, telja að vinsældir tækis-

ins muni hafa margfeldisáhrif því þeir sem hafi kynnst iPod muni næst kaupa sér Apple þegar þeir vilja skipta um einkatölvu.

Í viðtali við þýskt dagblað í síðustu viku sagði Gates að Apple gæti átt eftir að sjá sömu þróun og í upphafi níunda áratugarins þegar fyrirtækið missti stöðu sína á einkatölvumarkaði. Gates spár því að framleiðendur farsíma muni ná mikilli markaðshlutdeild með því að bjóða upp á síma sem geymt geta mikið magn tónlistar og þar með missi iPod stöðu sína á þessum markaði. - þk



STJÓRNARFORMAÐUR MICROSOFT Spár því að gamli keppinauturinn Steve Jobs muni missa stöðu sína á tónlistarspilaramarkaði.

# Yahoo opnar tónlistarbúð á netinu

Miklu ódýrari en aðrar sambærilegar þjónustur.

Netfyrirtækið Yahoo, sem fær um fjögur hundruð milljónir gesta á sínar síðar á degi hverjum, kynnti í síðustu viku tónlistarverslun á netinu.

Yahoo býður notendum upp á að kaupa áskrift að milljón laga safni þangað sem hægt er að sækja ótakmarkað magn af tónlist og flytja yfir á tónlistarspilara á borð við Creative Zen og iRiver. Notendur iPod geta hins vegar ekki notað þjónustuna.

Napster og RealNetworks bjóða upp á áþekka þjónustu en tilboð Yahoo er miklum mun hagstæðara gagnvart neytendum. Þegar þjónusta Yahoo var kynnt lækkuðu hlutabréf í bæði Napster og RealNetworks veru-

lega enda talið að Yahoo eigi möguleika á að ná umtalsverðum viðskiptum frá þessum fyrirtækjum.

Mánaðaráskrift hjá Yahoo kostar að-

eins 5 Bandaríkjadali á mánuði – sem samsvarar ríflega þrjú hundruð krónum. Hjá Napster og Real-

Networks kostar sambærileg áskrift þrisvar sinnum meira.

Áskrifendur tónlistarþjónustunnar geta flutt lög inn á mp3 spilara en geta ekki sent lögin á aðra spilara eða brennt þá á geisladiska, vilji þeir gera það þarf að borga 79 sent (ríflega 50 krónur). Þjónustan nær ekki til þeirra sem búa utan Bandaríkjanna. - þk

# YAHOO!



## Offsetþjónusta Samskipta

Við prentum **allt** fyrir þig

Samskipti hefur fest kaup á mjög fullkominni offsetprentvél. Þetta þýðir einfaldlega að nú getum við boðið viðskiptavinum okkar heildarlaun í öllu sem viðkemur prentun. Þetta mun án vafa leiða til aukins hagræðis og þæginda fyrir viðskiptavini Samskipta.



**SAMSKIPTI**  
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Síðumúli 4 s: 580 7800 • Hverfisgata 33 s: 580 7860 • Hæðasmári 4 s: 580 7880 • Smiðjuvegur 1 s: 580 7870



JÓN SVEINSSON



# Söluferli Símans

Jón Sveinsson, hæstaréttarlögmaður og formaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu, skrifar um söluferli Símans.

## I. – SÖLUHEIMILD

Lengst af var það almenn skoðun hér á landi að jafn fjármagnsfræk starfsemi og símaþjónusta (fjarskiptaþjónusta) gæti ekki verið á annarra hendi en ríkisins. Litið var á símaþjónustu sem náttúrulega einkasölu en í því fólst að ekki væri hægt að koma á samkeppni vegna markaðsaðstæðna. Á fyrstu árum tíunda áratugar varð veruleg þróun í átt til aukins frjálsræðis og takmörkunar ríkisafskipta af póst- og fjarskiptaþjónustu í Evrópu. Ráðist var í breytingar á rekstrarformi margra opinberra símafyrirtækja í flestum löndum Evrópu. Áhersla var fyrst og fremst lögð á að undirbúa fyrirtækin undir aukna samkeppni en stjórnvöld í löndum EES höfðu á þessum tíma skuldbundið sig til að nema úr gildi einkarétt ríkisins á fjarskiptaþjónustu og innleiða samkeppni. Það sama átti við hér á landi. Þessi umræða leiddi m.a. til þess að árið 1998 var póst- og símaþjónusta aðskilin í tvö hlutafélög, Landssíma Íslands hf. (Símann) og Íslandspóst hf., sem síðan hófu starfsemi.

Umræða um sölu hlutabréfa í Símanum hófst af alvöru fljótlega eftir formbreytingu og aðskilnað frá póstinum, samhliða vaxandi samkeppni á ýmsum sviðum fjarskipta. Tækninni á þessu sviði hafði jafnframt fleygt fram sem m.a. auðveldaði ýmsum aðilum samkeppni við Símann. Æ fleiri urðu því þeirrar skoðunar að rekstri Símans væri betur fyrir komið í höndum einkaaðila en ríkisins. Töldu margir jafnframt óeðlilegt í opnu og frjálsum nútímaþjóðfélagi að ríkið hefði með höndum slíkan samkeppnisrekstur og færi á sama tíma með yfirstjórn og ábyrgð þeirra stofnana sem ætlað er að sinna eftirlitshlutverki m.a. með samkeppnisáðilum Símans, svo sem Samkeppnisstofnun og Póst- og fjarskipta- stofnum. Sala slíkra ríkisfyrirtækja væri og í anda þeirrar evrópsku löggjafar sem mótuð hefði verið á þessu sviði með aðild Íslands og þeirra sjónarmiða að ríkið ætti ekki að sinna samkeppnisrekstri sem aðrir væru færir um að sinna. Hlutverk ríkisins við slíkar aðstæður ætti fyrst og fremst að vera á sviði eftirlits og að sjá til þess að eðlileg og sanngjörn samkeppni og þjónusta ríkti. Umtalsverð þjóðmálaumræða átti sér stað hér á landi um þessi mál og lauk að segja má í grundvallaratriðum með setningu laga nr. 75 19. maí 2001. Þau lög heimiluðu sölu á öllu hlutafé ríkisins í Landssíma Íslands hf. óskiptu, þ.e. með netkerfum og öllu sem fyrirtækið var eigandi að. Eftir að sú ákvörðun var tekin má því segja að málið hafi færst yfir á framkvæmdastig. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu fer nú með þá framkvæmd í umboði ráðherranefndar um einkavæðingu.

## II. – ÓBINDANDI TILBOÐ

Söluferlið var auglýst 5. apríl sl. bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Áhugasömum aðilum hefur síðan verið afhent svokölluð upplýsingaskýrsla (e. Information Memorandum) að undirrituðum nauðsynlegum trúnaðarsamningi. Í þeirri skýrslu er með ítarlegum hætti farið yfir rekstur Símans í fortíð, nútíð og framtíð. Á grundvelli skýrslunnar gátu aðilar síðan skilað inn óbindandi verðtilboði (fyrra stig söluferlis) í síðasta lagi í gær, 17. maí.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur í samráði við Morgan Stanley unnið að nánari útfærslu á söluferli fram að skiladegi óbindandi tilboða. Hefur væntanlegum bjóðendum verið kynnt hver stada þeirra er við

gerð og skil óbindandi tilboða, en hún felst einkum í eftirfarandi:

- Kjölfestufjárfestar þurfa a.m.k. að vera þrjár á grundvelli hámarks 45% eignarreglu.
- Kjölfestufjárfestir getur verið einstaklingur.
- Ekki er gert að skilyrði að kjölfestufjárfestar myndi með sér hóp áður en skilað er inn óbindandi tilboði, og getur hópamyndun því átt sér stað á síðara stigi söluferlis.
- Ekkert lágmark er á stærð hlutar sem kjölfestufjárfestir býður í, hvað óbindandi verðtilboð áhrærir, (þó að hámarki 45%), en einungis þeir sem bjóða 10% að lágmarki eiga þess kost að fá frekari trúnaðarupplýsingar um Símann á síðara stigi söluferlis (nema í félagi/hópi við aðra).
- Kjölfestufjárfestir getur einungis tekið þátt í einum hópi kjölfestufjárfesta.
- Kjölfestufjárfestir getur tekið þátt í síðara stigi söluferlis, þótt viðkomandi hafi ekki verið valinn til síðara stigs á grundvelli óbindandi tilboðs, eða skilað inn óbindandi tilboði. Hins vegar verður meirihluti hópsins, í eignarhlutum talið, sem að lokum verður myndaður, að hafa skilað inn óbindandi tilboði og valist til síðara stigs söluferlis á grundvelli þess.

Hefur útfærslan það að augnamiði að tryggja ákveðinn sveigjanleika á þessu fyrsta stigi söluferlis og hvetja til samkeppni meðal fjárfesta. Þessum upplýsingum hefur verið komið á framfæri við mögulega fjárfesta í áður nefndri upplýsingaskýrslu (Information Memorandum) sem Morgan Stanley hefur afhent hugsanlegum bjóðendum, en einnig með almennum hætti með tilkynningu til Kauphalla Íslands þann 18. apríl sl. Alls hafa tæplega 50 aðilar undirritað trúnaðarsamning og fengið nefnd gögn. Gefur það til kynna umtalsverðan áhuga á eignarhlut ríkisins í Símanum þó að erfitt sé að fullyrða til hversu margra óbindandi og síðar bindandi tilboða slíkt leiðir.

Við mat á óbindandi tilboðum verður meðal annars horft til verðs, fjárhagslegs styrks og lýsingar á fjármögnun, reynslu af rekstri fyrirtækja, hugmynda og framtíðarsýnar varðandi rekstur Símans, starfsmannastefnu og þjónustu í þéttbýli og dreifbýli næstu fimm árin, svo og sjónarmiða bjóðenda hvað varðar markmið ríkisins með sölnunni. Heildstætt mat verður lagt á alla þá þætti sem hér um ræðir og gengið úr skugga um að bjóðendur uppfylli þau skilyrði sem sett hafa verið af hálfu ríkisins fyrir sölnunni. Allmargir þættir koma því hér til mats og skoðunar. Hefur Morgan Stanley kynnt aðilum er fengið hafa útbodsgögn fyrirætlun þessa og hvaða upplýsingar þurfi að liggja fyrir. Gera má ráð fyrir að það geti tekið allt að viku að yfirfara óbindandi tilboð. Upplýsingar um fjölda bjóðenda verða gefnar í dag, daginn eftir að tilboðsfrestur rennur út. Nöfn bjóðenda verða hins vegar ekki gefin upp fyrr en að lokinni yfirferð tilboða.

Að lokinni yfirferð óbindandi tilboða verður þeim sem uppfylla almennar kröfur og skilyrði boðið að fá frekari upplýsingar um Símann í gegnum kynningar, heimsóknir og kostgæfnisathuganir (e. due diligence). Á grundvelli þeirra athugana geta aðilar gert bindandi tilboð. Frestur í því efni hefur ekki verið ákveðinn enda ekki unnt að ákveða slíkt fyrr en fyrir liggur hversu margir aðilar halda áfram í ferlinu.

## III. – BINDANDI TILBOÐ

Við mat á bindandi kauptilboðum á síðara stigi söluferlis verður, að því tilskildu að bjóðendur uppfylli þau skilyrði sem sett hafa verið, fyrst og fremst litið til verðs og miðað við að ganga til viðræðna við hæstbjóðendur. Minnst tveimur vikum áður en bindandi tilboð eru lögð fram þurfa bjóðendur að mynda hópa kjölfestufjárfesta, og þurfa þeir aðilar sem ekki voru valdir til síðara ferlis á grundvelli óbindandi tilboða að fallast á framtíðarsýn og leiðir til að uppfylla markmið ríkisins er tilgreindar voru í óbindandi tilboðum þess/þeirra kjölfestufjárfesta, sem mynda meirihluta hóps og valdir voru á grundvelli mats á óbindandi tilboðum.

Til að tryggja algert gagnsæi hyggst nefndin opna þau bindandi tilboð sem berast í viðurvist allra bjóðenda og fjölmiðla. Verði aðeins 5%, eða minni, verðmunur á tilboðum hæstu bjóðenda verður viðkomandi aðilum (tveimur eða fleirum eftir atvikum) gefinn kostur á að skila inn nýju og herra verðtilboði síðar sama dag. Verður þess þannig freistað að fá sem hæst verð fyrir Símann. Sem fyrr verða tilboðin opnuð í viðurvist bjóðenda og fjölmiðla síðar sama dag. Berist ekki ný tilboð frá bjóðendum standa upphafleg tilboð. Hæstbjóðandi eftir þetta ferli fær síðan fyrstur tækifæri til að undirgangast viðræður um kaup á fyrirtækinu á grundvelli kaupsamnings sem þá þegar mun liggja fyrir og kynntur verður öllum bjóðendum fyrirfram. Reynt verður að haga málum með þeim hætti að sem stystur tími fari í þann þátt. Takist samningar ekki við þann aðila sem hæstur er verður gengið til viðræðna við þann tilboðsgjafa sem metinn er annar í röðinni á grundvelli sömu upplýsinga og svo koll af kolli. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu áskilur sér rétt til þess að hafna öllum tilboðum berist að hennar mati ekki viðunandi verðtilboð.

## IV. – TÍMASETNINGAR

Söluferlið var upphaflega kynnt þann 4. apríl sl. og auglýst opinberlega þann 5. apríl sl., bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Frestur til þess að skila inn óbindandi tilboðum var upphaflega ákveðinn til 6. maí en síðan framlengdur til þriðjudagsins 17. maí. Í dag verður greint frá fjölda þeirra bjóðenda er skiluðu inn óbindandi tilboðum. Nöfn allra bjóðenda verða síðan gerð opinber þegar mati á óbindandi tilboðum er lokið eftir um vikutíma. Þá verður jafnframt tilkynnt hvaða bjóðendur halda áfram í söluferlinu. Gert er ráð fyrir að lok skilafrests bindandi tilboða verði í lok júlí, en fjöldi bjóðenda ræður þar miklu. Verði þeir margir getur sá skilafrestur dregist fram í ágúst. Áætlað er að frágangur samnings um kaupin geti tekið eina til tvær vikur. Við það er nú miðað að samningar um sölu á eignarhlut ríkisins í Símanum og greiðsla kaupverðs, sem fram fer í einu lagi, verði að fullu lokið seint í júlí eða í fyrri hluta ágústmánaðar.

Svo sem rakið er hér að framan hafa verið settar skýrar reglur um söluferli Símans. Öllum áhugasömum aðilum á að vera auðvelt að vinna eftir þeim. Þar sitja allir við sama borð og jafnræðis er gætt. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur lagt sig fram um að haga öllum söluundirbúningi með faglegum, trúverðugum og málefnalegum hætti, svo að sala á eignarhlut ríkisins í Símanum geti farið fram með opnum, gagnsæjum og sanngjörnum hætti.

**Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur lagt sig fram um að haga öllum söluundirbúningi með faglegum, trúverðugum og málefnalegum hætti, svo að sala á eignarhlut ríkisins í Símanum geti farið fram með opnum, gagnsæjum og sanngjörnum hætti.**



# allt á einum stað



**Bo** heimili  
concept



**ARAN** eldhús  
CUCINE



skrifstofa

**INN**

InnX innréttingar ehf  
Faxafen 8 · Sími 577 1170  
innx@innx.is · www.innx.is



# Samvinnuhugsjónin *lifer*

Hagnaður Kaupfélags Skagfirðinga var á síðasta ári sá mesti í yfir hundrað ára sögu félagsins. Það er stærsta fyrirtækið á Norðurlandi vestra sé horft til veltu og rekur þriðja stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins. Á meðan samvinnufélög á Íslandi gáfu upp öndina hefur **Pórólfur Gíslason** kaupfélagsstjóri stýrt KS í gegnum ólgusjó umbreytinga í íslensku atvinnulífi. *Björgvin Guðmundsson* komst að því að hann er öflugur en jafnframt umdeildur í sínu heimahéraði.

„Ég reyni að vinna þau störf sem mér er falit – eftir bestu samvisku og getu. Það kítlar ekkert mína hégómagirnd að menn telji að ég hafi meiri völd en ég hef. Ég er ekki að sækjast eftir völdum og hef aldrei gert. Mér þykir bara gaman að koma að rekstri og því sem tengist þessu fyrirtæki. Ég tel mig hafa mjög mikinn metnað fyrir héraðinu. Það er það sem við leggjum áherslu á,“ segir Pórólfur Gíslason kaupfélagsstjóri Kaupfélags Skagfirðinga.

Á meðan kaupfélög landsins týndu tölunni í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar eflidist Kaupfélag Skagfirðinga (KS) með hverju árinu. Í dag er það eitt öflugasta samvinnufélag landsins sem hefur náð að lifa mikið umbreytingarskeið íslensks atvinnulífs og uppgjöf Sambands íslenskra samvinnufélaga. Er þetta eitt stærsta fyrirtækið utan höfuðborgarsvæðisins. Í þessu ferli hefur rekstur útgerðarhluta KS skipt miklu og segir Pórólfur þann hluta starfseminnar hafa vaxið hratt. En einnig hefur mjólkur- og kjötframleiðslan verið að sækja verulega á. Framtíðarsýn og barátta Pórólfs og samstarfsmanna er að skila góðum árangri.

„Ég er búinn að vera hér síðan 1988. Samstarf stjórnar og stjórnenda hefur verið mjög gott. Góður árangur er því ekki mér einum að þakka. Að þessu koma þeir sem bera ábyrgð á daglegum rekstri og starfsfólk samstæðunnar,“ segir Pórólfur.

Á aðalfundi KS á Sauðárkróki í síðasta mánuði var upplýst að hagnaður félagsins í fyrra var 1,2 milljarðar króna og jókst um tæp tvö hundruð prósent á milli ára. Inni í þeim tölum er ekki tekið tillit til jákvæðrar afkomu útgerðarfélagsins Skagstrendings, sem var formlega sameinað Fiskiöju Skagfirðinga, útgerðararmi KS, um síðustu áramót. Kaupverðið var tæpir þrjú milljarðar króna. Sé horft til ársins 2001 hefur hagnaðurinn margfaldast, var þá um hundrað milljónir króna.

Pórólfur segir sjávarútveginn langstærstu rekstrareininguna innan samstæðunnar. Veltan hafi verið nálægt fimm milljörðum króna á síðasta ári. Í heild nam veltan tæpum sjö milljörðum.

## SAMVINNUFÉLÖGIN DÓU

*Af hverju er staða KS góð á meðan önnur kaupfélög hafa lagt upp laupana?*

„Við völdum fljótlega þá leið, eftir að erfiðleikar komu upp hjá samvinnufélagunum í kringum 1990, að halda okkur við blandað félag; samvinnufélag, byggðalega tengt, sem ræki verslun, þjónustu og landbúnaðarframleiðslu og svo hlutafélag um annan rekstur. Þar er Fiskiöjan Skagfirðingur stærst og hefur verið að vaxa. Árið 1988, þegar ég tók við stöðu kaupfélagsstjóra, var sjávarútvegur um tíu prósent af veltu félagsins. Nú er hann yfir helmingur,“ segir Pórólfur.

„Það hafa orðið miklar breytingar á samfélaginu hér eins og annars staðar. Flutningar eru komnir á vegina og við rekum Vörumiðlun, sem sér um flutninga hér á Norðurlandi vestra. Þetta er félag sem hefur líka verið að vaxa. Við höfum einnig reynt að horfa á þau tækifæri sem hafa legið fyrir okkur. Í rauninni höfum við bara lagt áherslu á að enginn annar gerir hlutina fyrir okkur. Við verðum að gera þá sjálf.“

Fiskiöjan Skagfirðingur er hluthafi í Hesteyri sem á tæpan þriðjungshlut í Vátryggingarfélagi Íslands. Aðrir hluthafar í Hesteyri eru svo Samvinnutryggingar og Skinneyðinganes, fjölskyldufyrirtæki Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra. Samvinnutryggingar eiga einnig þriðjungshlut í VÍS og þar er Pórólfur í stjórn. Pórólfur er hins vegar stjórnarformaður VÍS sem er þriðji stærsti hluthafinn í KB banka eftir samruna Kaupþings og Búnaðarbankans. Verðmæti þess hlutar eru tæpir fimmtán milljarðar króna. VÍS hefur svo verið að fjárfesta mikið í öðrum félögum undanfarið og skilaði methagnaði á síðasta ári.

## UPPSTOKKUN S-HÓPSINS

Pórólfur vill ekki gera mikið úr þessum fjárfestingum KS utan heimahérsins. KS tengist þessum fjárfestingum í VÍS einungis í gegnum Hesteyri. „Þetta er eina fyrirtækið utan hérsins sem við höfum fjárfest í sem einhverju nemur. Þátttaka okkar er fyrst og fremst í

gegnum þetta félag, Hesteyri. Við höfum ekki algjörlega viljað binda okkur við að fjárfesta hér innan hérsins.“

VÍS var hluti af S-hópnum svokallaða sem keypti kjölfestuhlut í Búnaðarbankanum af ríkinu. Pórólfur er ánægður með hvernig sá eignarhlutur hefur ávaxtað sig í gegnum KB banka, sem hafi þróast með mjög farsælum hætti. Aðspurður segir hann VÍS ekki vera órólegt með eignarhaldið þar enda búið að ganga vel.

Um uppstokkun S-hópsins haustið 2002, þegar leiðir nokkurra sambandsmanna skildu, segir Pórólfur: „Þá gerðist það að menn lögðu mismunandi áherslur á hlutina. Við tókum okkur stöðu í Vátryggingarfélaginu og Samvinnutryggingum. Aðrir tóku fjárfestingar í olíurekstri og skiparekstri og öðru slíku fram yfir. Það er mjög mikilvægt að ákveðinir aðilar beri ábyrgð á ákveðnum þáttum.“

Pórólfur segir menn gera of mikið úr sinni aðkomu að þessari uppstokkun og tilurð S-hópsins. „Þessi S-hópur er eitthvað sem menn hafa teiknað upp. Þetta er enginn formlegur félagsskapur. Það er alls ekki hægt að líta á þetta sem samstæða viðskiptablokk. Staðreyndin er sú að þetta eru sjálfstæð félög sem hafa í sumum tilfellum kosið að vinna saman og í öðrum ekki. Við vinnum í rauninni á viðskiptalegum grundvelli með hinum ýmsu fyrirtækjum.“


## UMSVIFAMIKIÐ KAUPFÉLAG

Umsvif Kaupfélags Skagfirðinga í heimabyggð hefur að sögn viðmælenda Markaðarins orðið til þess að menn beri blendnar tilfinningar í garð fyrirtækisins. Margir þakka fyrir þá miklu uppbyggingu sem Pórólfur og hans fólk hefur staðið fyrir. Aðrir segja að kaupfélagsmenn noti sterka stöðu sína til að knésetja þá sem ekki vilji vinna með þeim. Þessi óánægja hverfist oft um persónu Pórólfs Gíslasonar og hans nánustu samstarfsmanna, Sigurjón Rafnsson aðstoðarkaupfélagsstjóra og Jón Eðvald Friðriksson framkvæmdastjóra Fiskiöjunnar Skagfirðing.

Sjálfur hefur hann ekki áhyggjur af því að



„Við höfum bara lagt áherslu á að enginn annar gerir hlutina fyrir okkur. Við verðum að gera þá sjálf.“





# í Skagafirði



**ÞÓRÓLFUR GÍSLASON OG SIGURJÓN RAFNSSON** Þórólfur segir KS hafa þróast svoltið öðruvísi en önnur samvinnufélög. Veltan í fyrra hafi verið tæpir sjö milljarðar króna. Margir velti þessari stöðu fyrir sér því á meðan hafi önnur samvinnufélög lent í miklum erfiðleikum og annaðhvort hætt starfsemi eða breytt um rekstrarform.

KS sé orðið of fyrirferðarmikið í Skagafirði. Kaupfélagið sé héraðsleg eign.

„Ég hef aldrei haft neinar áhyggjur af því hvort ég er umdeildur eða ekki. Það er sama hver myndi gegna mínu starfi og kæmi svona víða við, hann yrði umdeildur. Fólk blandar saman persónunni og fyrirtækinu. Ég legg fyrst og fremst áherslu á að vera fyrirtækinu og héraðinu að liði. Það er það sem skiptir máli. Við höfum aldrei haft það að markmiði að skaða neinn hér í þessu byggðarlagi. Nema síður sé. Við höfum gengið til liðs við fyrirtæki sem hafa verið að ganga í gegnum breytingar og jafnvel endurreisa. Og við höfum komið víða að málum. Þannig að við viljum fyrst og fremst líta þannig á að við rekum kraftmikið atvinnulíf hér í héraðinu,“ segir Þórólfur.

## VILL BEISLA ORKUNA

KS á tæp helmingshlut í Héraðsvötnum í gegnum Norðlenska orku. Héraðsvötn hafa unnið að því að fá að reisa Villinganesvirkjun í þágu atvinnulífsins fyrir norðan, eins og það er orðað. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði á fundi í fyrra að það væri skynsamlegt að gera ráð fyrir þessari virkjun og Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra hefur haldið fund um virkjanamálið á Sauðárkróki í vetur. Einnig búast eigendur Héraðsvatna við því að fá rannsóknar- og virkjunarrétt við Skatastaði.

Þórólfur segir Halldór hafa talað á svipuðum nótum í Skagafirði eins og hann gerði fyrir austan. „Það sama á við hér í Skagafirði og á Norðurlandi vestra og Austfjörðum. Það er mikilvægt að sú orka, sem hægt er að beisla, sé notuð til atvinnuuppbyggingar. Það er mjög brýnt til að veikja ekki byggð í þessu kjördæmi meira en orðið er. Þetta er landbúnaðarhérað og mikil þróun hefur átt sér stað í landbúnaði. Tækniþróun hefur leitt til þess að færra fólk vinnur störf. Því er mjög mikil-

vægt að það komi ný starfsemi inn á þetta svæði, t.d. sterkt iðnaðarfyrirtæki sem geti boðið upp á fjölbreytta atvinnu.“

## SPRENGING Í LANDBÚNAÐARFRAMLEIÐSLU

Í fyrsta sinn í sögu KS fór heildarslátrun sauðfjár yfir hundrað þúsund fjár í fyrra. Árið 2000 var um 37 þúsund fjár slátrað. Þá tók mjólkursamlagið á móti yfir tíu milljónum lítra af mjólk og greiddi bændum tæpan hálfan milljarð fyrir. Frá árinu 2000 hefur innveginn mjólk aukist um tæpa milljón lítra. Kúabúm hefur fækkað og meðalinnlegg hvers bónda hækkað. Þetta er í takt við þróun í mjólkurframleiðslu í landinu.

Undanfarin ár hefur KS aðstoðað bændur fjárhagslega til að kaupa framleiðslurétt á mjólk, svokallaðan mjólkurkvóta. Þórólfur segir að bú á svæði mjólkursamlagsins hafi verið tiltölulega lítil, eða tíu prósentum undir landsmeðaltali. Samhliða því að kúabú á öðrum landsvæðum hafa stækkað hafa bú í Skagafirði stækkað hraðar og eru við landsmeðaltalið að stærð í dag. „Framleiðslurétturinn hér hefur vaxið úr því að vera 7,5 prósent af landsframleiðslurétti í mjólk í að nálgast tíu prósentin,“ segir Þórólfur.

Eftir sameiningu Mjólkursamsölunnar og Mjólkurbús Flóamanna á Selfossi varð til risastórt mjólkursamlag KS og Norðurmjólk á Akureyri að auka samvinnu sína. Huga þurfi að verkaskiptingu á milli þessara samlaga og hagræða frekar í mjólkurframleiðslu.

## SAMVINNUREKSTURINN LIFIR

Aðspurður hvort það hafi komið til skoðunar að breyta samvinnurekstrarformi KS segist Þórólfur hafa þá trú að allir hlutir fari í hringi þegar upp er staðið.

„Það er spurning hversu mikill hraði er á hlutunum. Sumir telja að einkavæðing og mjög mikil einstaklingshyggja muni leiða af sér þá þróun að menn fari aftur að horfa til samfélagslegra þátta og sjái heildarmyndina í víðara samhengi. Sumir grínast með að það sé ekkert óeðlilegt að samvinnufélag þrífist í Skagafirði. Samvinnufélögin hafi kannski breyst en Skagfirðingar hafi alltaf verið svoltið á eftir í þróuninni. Þeir voru til dæmis miklu lengur í torfbæjum en aðrir. Svo fer þetta í hringi og samvinnufélög eins og KS komast kannski aftur í tisku.“

Þórólfur Gíslason er kaupfélagsstjóri, stjórnarformaður VÍS, stjórnarformaður Fisk-iðjunnar Skagfirðing, stjórnarformaður Vörumiðlunar og stjórnarformaður í Samvinnu-tryggingum og Andvöku. Hann situr í miðstjórn Framsóknarflokksins og á í persónulegum samskiptum við formenn stjórnarflokkanna. Samt sem áður gerir hann lítið úr völdum sínum og pólitískum tengingum. Segir það andstætt sínum vilja að umræðan um Kaupfélagið tengist hans nafni jafn mikið og raun ber vitni. Tengsl fyrirtækja sem hann starfi í við Framsóknarflokkinn séu orðum ofaukin. Kaupfélaginu sé ekki beitt pólitískt. Þeir sem vilji draga þá mynd upp geri það því að þeir telji það sér í hag.

Er þér illa við kastljósið?

„Við forðumst ekki að standa fyrir það sem við stöndum fyrir. Við erum hins vegar ekki á hlutabréfamarkaði, við erum ekki í pólitík þannig að við erum ekki að reyna að draga upp einhverja mynd af okkur til að selja. Við viljum bara standa fyrir staðreyndum,“ svarar Þórólfur Gíslason.

## Hver á KS?

Kaupfélag Skagfirðinga er samvinnufélag. Þegar rekstur þess er skoðaður er ljóst að Þórólfur Gíslason stjórnar félaginu enda kaupfélagsstjóri en spurningin er hver á það?

„Eins og ég skil það er Kaupfélag Skagfirðinga eign félagsmanna sem byggja héraðið á hverjum tíma. Okkur ber að skila félaginu eins öflugt og kostur er því við teljum að það beri miklar skyldur gagnvart umhverfi sínu, sem er Skagafjörður. Við eigum að standa vörð um atvinnu og byggðarhagsmuni héraðsins. Ég vona að við göngum ekkert langt í því,“ segir Þórólfur. Stjórnin ráðstafi eignum félagsins í umboði félagsmanna.

Aðspurður segist hann ekki skorast undan því að viðurkenna að kaupfélagið kunnist að sýnast miðstýrt. „En ef það leiðir til góðs fyrir héraðið, félagið og félagsmenn er það ekkert sem truflar mig nema síður sé,“ segir Þórólfur.



## TÖLUR ÚR REKSTRINUM\*

	2004	2003	2002	2001	2000
Hagnaður	1.207	416	258	102	-180
Rekstrartekjur**	6.741	6.203	6.145	5.490	5.247
Tekjur annarra félaga	931	377	-26	-5	-177
Eigið fé	4.917	2.295	1.940	1.741	1.481

\* Allar tölur í milljónum króna

\*\*Skagstrendingur er ekki inni í þessum tölum

## Vill byggja upp fjármálastofnun

Þórólfur Gíslason vill byggja upp öfluga fjármálastofnun í Skagafirði. Kaupfélag Skagfirðinga fór með tæp fjórtíu prósent eignarhlut í Sparisjóði Skagafjarðar, sem áður hét Sparisjóður Hólahrepps, um síðustu áramót.

Eftir að stjórnendur Kaupfélagsins komu að Sparisjóði Hólahrepps hófst samvinna milli hans og sparissjóðanna á Siglufirði, í Ólafsfirði og Mýrarsýslu. Nú hefur Sparisjóður Mýrarsýslu keypt sparissjóðina á Siglufirði og í Ólafsfirði. Hins vegar hefur ekki verið hægt að sam-

eina þá sparissjóði Skagafjarðar, meðal annars vegna deilna KS-manna við gömlu stofnfjáreigendurnar í Hólahreppi um stofnfjárukningu á síðasta aðalfundi. Er því máli ólokið og verður rekið fyrir dómstólum í sumar.

Í síðasta tölublaði Markaðarins var upplýst að sameiginlega ráða VÍS og Fiskidjan Skagfirðingur, dótturfélag KS, yfir tæpum níu prósentum af stofnfé Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (SPRON).

Það virðist því vera unnið leynt og

ljóst að því að auka samvinnu þessara sparissjóða í framtíðinni og mynda öfluga fjármálastofnun til mótvægis við viðskiptabankana þrjá. Samkvæmt heimildum Markaðarins er horft til þess að breyta sparissjóðunum í hlutafélög.

Þórólfur vill ekki staðfesta að þessi áform séu á teiknaborðinu. Hann telur mikilvægt að í Skagafirði sé fjármálastofnun á héraðslegum forsendum, eins og hann kallar það. Innlánsdeild KS, sem nálgast nú átta hundruð milljónir, verði þá jafnvel sameinuð sparissjóðunum.



**FUNDUR SPARISJÓÐS HÓLAHREPPS** Stofnfjäreigendur hafa tekist á í stjórn sparissjóðsins á síðustu aðalfundum.



## FÓLK Á FERLI

**BIRGIR JÓNSSON** rekstrarhagfræðingur hefur verið ráðinn sem nýr fram-



kvæmdastjóri hjá Iceland Express. Hann var áður sölu- og markaðsstjóri félagsins og tekur við af Almari Erni Hilmarsyni, sem tók við starfi forstjóra Sterl-

ing. Birgir er með próf frá University of the Arts í London, MBA-rekstrarhagfræðigráðu frá University of Westminster í London og hefur verið að vinna að doktorsverkefni í rekstrarhagfræði við University of Newcastle í Ástralíu. Hann er tveggja barna faðir, kvæntur Helenu Lind Svansdóttur.



**ÚTVISTUNARFYRIRTÆKI** Guðni B. Guðnason, framkvæmdastjóri ANZA, og Leópolð Sveinsson, framkvæmdastjóri Argusar, handsala samning um að Argus sjái um sölu- og markaðsmál ANZA ásamt þeim Sæberg Sigurðssyni og Lindu B. Hafþórsdóttur.

## Sölumálin útvistuð

ANZA og Argus – markaðsstofa hafa undirritað samning þess efnis að Argus sjái um öll markaðsmála ANZA og hluta sölumála.

ANZA starfar á sviði tölvurekstrarþjónustu og kerfisveitu og sérhæfir sig í rekstri og uppbyggingu tölvukerfa. ANZA byggir starf sitt á þeirri grundvallarhugmynd að fyrirtæki eigi að einbeita sér að kjarnastarfssemi sinni og útvista því sem aðrir geta gert betur. Það var í samræmi við þá stefnu að stjórnendur fyrirtækisins tóku þá ákvörðun að leita til Argusar - markaðsstofu með allt starf sem krefst sérfræðispekkingar í markaðsmálum.

Argus hefur starfað að auglýsingamálum frá árinu 1967 en síðastliðið haust víkkaði stofan út starfsvið sitt, sem nær nú einnig til markaðs- og sölumála.

# Tækifærin eru óþrjótandi

D3 vinnur að miklu tilraunastarfi með miðlun tónlistar, kvikmynda, tölvuleikja og svo framvegis á stafrænu formi. Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri D3, segir í spjalli við *Eggert Þór Aðalsteinsson* að framtíðin sé afar björt, enda er öll tækni að renna saman í eitt. Þar muni farsíminn leika stórt hlutverk.

D-3 er eining innan Dags Group (áður Skífan) sem varð til þegar móðurfélagið keypti vefsetrið tónlist.is um síðustu áramót. Tónlist.is var að meirihluta í eigu Stefáns Hjörleifssonar og fylgdi hann með í kaupunum. Hann skilgreinir D-3 sem efnisveitu og hlutverk þess er að koma afurðum Dags Group inn í stafræna framtíð. Það er margt í gangi hjá D3 og segir Stefán að blómin muni springja út eitt af öðru á næstunni. Framtíðin er afar björt að hans mati, enda stækkar afþreyingariðnaðurinn gríðarlega á hverju ári og þar geti hátæknifyrirtæki eins og D3 gert góða hluti.

Sena, sem er önnur eining í eigu Dags Group, er gamla heildsölusvið Skífunnar og dreifir tónlist, kvikmyndum og tölvuleikjum á geisladiskum eða DVD-diskum til sjónvarps og til myndbandaleigna auk þess að reka kvikmyndahúsin Smárabíó og Regnbogann. Náðið samstarf er á milli Senu og D3. „Okkar verkefni felst í því að dreifa þessu sama efni, og meira efni til, eftir stafrænum dreifileiðum. Við dreifum þessu til stafræna miðla, hvort sem um er að ræða í netmiðla, ljósleiðara, farsíma eða gagnvirkir sjónvarp,“ segir Stefán.

### STAFRÆN TUNNA

Stefán lýsir kjarnanum í starfsemi sinni sem eins konar stórru tunnu, fullri af stafrænu efni. Markmiðið er að safna efni í sarpinn sem er svo dælt ofan í þessa tunnu og selt til fyrirtækja og einstaklinga. Hann nefnir meðal annars að fjarskiptafyrirtæki gætu séð sér hag í því að óska eftir efni úr gagnagrunnum. D-3 mun halda utan um efnið og verja það eftir höfundastöðlum. Félagið hefur gert samstarfssamning við OgVodafone um að dreifa þeirra kvikmyndum eftir þeirra dreifikerfum en allt er að renna saman í símatækni, efni frá sjónvarpinu og netinu verður komið í símann innan skamms tíma.

Stefán segir að starfsemi D3 sé í eðli sínu rannsóknar- og þróunarstarf og tíminn einn muni leiða það í ljós hver niðurstaðan verði. Meðal nýjunga sem D3 vinnur að eru rauntónar fyrir síma sem myndu taka við af gömlu fjölbáta hringitónunum. Um er að ræða lög sem eru í góðum gæðum og mætti til dæmis hugsa sér að fá Eurovision-lagið hennar Selmu í fullri lengd. Einnig er verið að vinna með myndbrot sem hægt verður að senda í síma þegar fram í sækir.

### NETIÐ BÝR TIL PENINGA

Tekjur D3 koma að mestu úr þremur áttum. Í fyrsta lagi frá tónlist.is sem stærsti smásali íslenskrar tónlistar á netinu, og í öðru lagi frá alls kyns sms-þjónustu, leikjum og hringitónum. Þá rekur D-3 einnig BT-net sem er ódýrasta internet-þjónusta landsins og gerir út á mikinn hraða og ótakmarkað niðurhal. BT-net fór af stað fyrir ári síðan og fór beint í samkeppni við Símann og OgVodafone. „Við höfum náð ágætri stöðu á þessum markaði og aukum hlutdeild okkar jafnt og þétt,“ segir Stefán. Einnig sér D3 um að halda úti öllum vefsíðum Dags Group, eins og skífan.is og bt.is, og hannar jafnframt nýjar vefsíður fyrir félagið. D-3 hannaði síðast bio.is fyrir Senu.

Stefán leggur mikla áherslu á að starfsemi verði að skila tekjum, enda liggur mikill kostnaður í þessu þróunarstarfi. Það er mikilvægt að halda vel utan um allan kostnað og gera hlutina á sem hagkvæmasta hátt. Vefsetrið tónlist.is var frumkvöðlaverkefni sem var mjög dýrt í uppsetningu. Hann hafði orðið var við þá umræðu að ókleift væri að búa til tekjur á vefnum. „Okkur tókst það hins vegar og erum að yfirfæra þá þekkingu hingað,“ bætir hann við.



**STEFÁN HJÖRLEIFSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI D3** Stefán skilgreinir D3 sem efnisveitu sem kemur afurðum Dags Group í stafrænt form. D3 rekur meðal annars tónlist.is, alls kyns gsm-þjónustu og BT-net, laggjalda internetþjónustuna.

Fréttablaðið/Hari

## SKJALASKÁPAR

SKJALAPOKAR OG MILLIMÖPPUR



-og allt á  
sínur  
stað!



**ÓLAFUR GÍSLASON & CO HF**  
Sundaborg 3 • sími 568 4800  
www.olafurgislason.is

### BESTA RÁÐIÐ

## Borða hafragrautinn

Birkir Kristinsson, starfsmaður eignastýringar Íslandsbanka og knattspyrnugöðsögn, segir mikilvægt að borða alltaf hafragrautinn sinn. Það sé nauðsynlegt að vera vel nærður áður en tekist er á við verkefni dagsins og hafragrauturinn hafi komið honum í gegnum marga krísuna. „Ég reyni alltaf að borða hafragrautinn áður en ég fer út, þó maður nái því nú ekki alltaf. Stundum er maður bara svo mikill að drífa sig.“

Birkir, sem tekist hefur vel að sameina boltann og viðskiptin, er enn að spila með ÍBV í Landsbankadeildinni og lygilegt þykir að maðurinn sé á 41. aldursári. Hann hefur enda alltaf klárað grautinn sinn.



**BIRKIR KRISTINSSON STARFSMAÐUR EIGNASTÝRINGAR ÍSLANDSBANKA** Segir mikilvægt að borða hafragrautinn og hefur sjálfur verið að gera tilraunir með kanil.

En hvort skyldi nú gera betri graut, Birkir eða mamma? „Ég hef eitthvað verið að reyna fyrir mér og hef náð athyglisverðum

árangri með kanil, grauturinn minn kemst þó ekki í hálfkvisti við hennar mömmu,“ segir Birkir léttur í bragði. -jsh





**DELL VERÐLAUNAR** Ægir Ármannsson sölustjóri og Viðar Viðarsson, framkvæmdastjóri EJS, með verðlaunaskjalið.

## Dell verðlaunar EJS

EJS hlaut á dögnum alþjóðleg verðlaun tölvurísans Dell, EDB Platinum Partner Award, fyrir framúrskarandi árangur í markaðsstarfi fyrirtækisins.

„Þetta eru verðlaun sem samstarfsfyrirtæki Dell um allan heim keppa að,“ segir framkvæmdastjóri EJS, Viðar Viðarsson, sem tók á móti verðlaunum á tæknistefnu Dell í Róm. Viðar segir að eftirtektarverð sölukning á EMC2-gagnageymslum sé ástæða þess að EJS hljóti verðlaunin nú. „Þetta er ánægjuleg staðfesting á því að þeir hjá Dell taka eftir því hversu vel okkur gengur,“ segir Viðar.

## Rekja hrákann

Stöðumælaverðir í London hafa nú búnað undir höndum til að taka sýni af hráka. Ku það koma fyrir að þirraðir öku-menn fái útrás með því að hrækja á stöðumælaverði í borginni. Verður hrákinn greindur á rannsóknstofu og erfðaefni hans borið saman við DNA-skrár milljóna manna, sem lögreglan hefur undir höndum. Þetta kemur fram í vefmiðlinum This is London.

Hafa 250 stöðumælaverðir við Westminster fengið „hrákadalla“ afhenta. Mun það kosta um tvö hundruð pund að rannsaka hvert sýni og rekja til eigandans. Mun lögreglan standa straum af þeim kostnaði.

Allir stöðumælaverðir í London munu fá álíka útbúnað verði reynslan góð. Þar sem menn hafa verið vopnaðir slíkum búnaði hefur dregið verulega úr hættu á að hrækt sé á þá, samkvæmt frétt This is London.



**SAMNINGUR** Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, og Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, handsala samning um að Síminn sjái um fjarskiptabjónustu Eimskips.

## Eimskip hjá Símanum

Síminn og Eimskip hafa gert með sér þjónustusamning sem felur í sér að Síminn veiti Eimskipi heildarfjarskiptabjónustu. Innifalin í samningnum er öll fjarskiptabjónusta fyrir fyrirtækið, meðal annars talsímaþjónusta, farsímaþjónusta, Internet og víd-netþjónusta auk ýmiss konar virðisaukandi þjónustu. Í samningnum eru rekstraröryggi, hagkvæmni, fjölbreytt þjónustuframboð og gæði höfð að leiðarljósi.

# Náðu athygli Náðu árangri



MYNDVARPAR FYRIR FUNDARHERBERGI OG SKÓLASTOFUR

Betri vörumerki á einum stað



### Toshiba T80

Hagkvæmur myndvarpi til sýningar á tjald og gagnvirka töflu

1800 Ansi Lumen / XGA 1024x768 upplausn / DLP myndtækni / 2 x VGA inngangar / Monitor out / Audio out / Tveggja ára ábyrgð / 90 dagar á lampaeiningu

**Tilboðsverð 159.900 kr.**

Verð 179.000 kr.



### Sony VPL-ES2

Flottur myndvarpi fyrir minni fundarherbergi

1500 Ansi Lumen / SVGA 800x600 upplausn / LCD myndtækni / Tveggja ára ábyrgð / Þrjú mánuðir á lampaeiningu eða 300 klst.

**Tilboðsverð 119.900 kr.**

Verð 132.900 kr.



### ASK C170

Nettur myndvarpi til sýningar á tjald og gagnvirka töflu

2000 Ansi Lumen / XGA 1024x768 upplausn / DLP myndtækni / 2 x VGA inngangar og hljóðinngangur / Monitor out / Audio out / Þriggja ára ábyrgð / Þrjú mánuðir á lampaeiningu eða 500 klst.

**Tilboðsverð 219.000 kr.**

Verð 239.000 kr.



### NEC LT245

Hlaðinn myndvarpi til sýningar á tjald eða gagnvirka töflu

2200 Ansi Lumen / XGA 1024x768 upplausn / DLP myndtækni / 2 x VGA inngangar / Monitor out / Audio out / Þráðlaus tölvusamskipti / Geymir kynningar á USB / Þyngd - 3,2 kg. / Þriggja ára ábyrgð / Eitt ár á lampaeiningu eða 1000 klst.

**Tilboðsverð 244.900 kr.**

Verð 270.400 kr.



### Sony VPL-CX70

Sjálfvirk skerpustilling á mynd - Flott hönnun

2000 Ansi Lumen / XGA 1024x768 upplausn / LCD myndtækni / Sideshot / Monitor out / Audio out / 30 dB. / Tveggja ára ábyrgð / Þrjú mánuðir á lampaeiningu eða 300 klst.

**Tilboðsverð 239.900 kr.**

Verð 259.900 kr.

Sérfræðingar Nýherja búa yfir mikilli reynslu og tækniþekkingu við hönnun og uppsetningu á myndlausnum.

Hafðu samband við söluráðgjafa Nýherja sem veita þér faglega ráðgjöf við val á rétta myndvarpanum.

Síminn er 569 7700 og netfangið er myndlausnir@nyherji.is



**NÝHERJI**



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Fyrir eða síðar munu slakir hirðar tvístra hjörðinni í sparissjóðum og kaupfélögum.

## Rekstrarform fortíðarinnar

Hafliði Helgason

Kaupfélögin voru merkilegt fyrirbæri á sinni tíð. Fátækt samfélag bast böndum til að byggja upp atvinnu og sinna framfarumálum.

Kaupfélögin komu ýmsu góðu til leiðar á sinni tíð og áttu ríkan þátt í uppbyggingu samfélagsins á hverjum stað. Sama gildir um sparissjóði, þar sem samtakamáttur kom á fót ýmsu nýjabrumi og studdi við uppbyggingu samfélagsins.

Þessi fyrirbæri lúta ekki lögmálum venjulegs eignarhalds fyrir-tækja eins og það er víðast þekkt. Enginn á í raun kaupfélögin eða sparissjóðina, sem var ekki vandamál meðan reksturinn var í járnnum. Nú er öldin önnur og umtalsverðir fjármunir hafa orðið til í best reknu félögum. Fé án hirðis, eins og Pétur Blöndal hefur kallað þessa peninga.

Kaupfélögin hafa flest hver lagt upp laupana og Sambandið, sem var í hugum margra eilífðarvél í viðskiptalífni, er farið veg allrar veraldar. Fé án hirðis er ekki alltaf réttnefni. Kaupfélag Skagfirðinga er stöndugt og áhrifamikil félag, þar sem augljóst er að hirðarnir bera hag félagsins fyrir brjósti. Fyrirtæki með dreift eignarhald og samvinnufélög eiga allt sitt undir stjórnendum sem fara með eignir og rekstur félagsins eins og um eigin fyrirtæki sé að ræða. KS er eitt síðasta vígi samvinnurekstrar á Íslandi.

Sem betur fer eru þeir til sem umgangast annað fé en sitt eigið af tilhlýðilegri virðingu. Hitt virðist þó almennt tilhneiging, þegar til lengri tíma er litið, að félög án raunverulegs eignarhalds lenti að lokum í höndum einhverra sem ekki hafa tileinkað sér dyggðir ráðdeildar og ábyrgðar með eiginvalausum eignum. Eignirnar verða þá fyrst og fremst tæki til að tryggja stöðu stjórnenda fyrirtækjanna og ávöxtunarkrafa fjármuna sem bundnir eru í rekstrinum lendir aftan en hagsmunir stjórnendanna.

Peningum fylgja völd og í sjóðum sterkra fyrirtækja eru miklir peningar. Flest bendir til þess að Kaupfélag Skagfirðinga verði áfram sterkt fyrirtæki meðan núverandi stjórnarhættir ráða ríkjum. Sparissjóðir leita nú leiða til þess að losna út úr eignarhaldi sem var forsenda uppbyggingar, en er til trafala í núverandi rekstrarumhverfi.

Núverandi löggjöf um sparissjóði hindrar hagræðingu í fjármála-kerfinu. Eina leið sparissjóðanna nú er að sameinast og reyna að ná nægjanlegum styrk til að standast samkeppni á fjármála-markaði. Hækkunar á eignaverði hafa borið uppi afkomu sparissjóða og fyrir eða síðar mun hægja á eignaverðshækkunum eða eignaverð lækka. Innleiðing alþjóðlegra reglna um eigið fé fjármálastofnana og sífellt ríkari krafa um öflug upplýsingakerfi mun gera smærri þönkum erfitt fyrir í samkeppni.

Besta og sanngjarnasta leiðin til þess að losa sparissjóðina undan eignarhaldi fortíðarinnar er að leyfa þeim að breytast í hlutafélög sem lúta sömu lögmálum og önnur hlutafélög. Aðrar leiðir eru einungis til að tefja óhjákvæmilega þróun og auka líkur á að eignir sjóðanna rýrni.

bjorgvin@markadurinn.is | dogg@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is  
hafliði@markadurinn.is | thkjart@markadurinn.is



**VERÐ 12.900,-**

**ÓDÝRASTI LASERPRENTARINN**

Brother HL2030

**www.penninn.is**

**Skrifstofumarkaður:**  
Hallarmúla 2-4, Reykjavík, sími 540 2060  
Hafnarstræti 91-93, Akureyri, sími 461 5050

**Verslanir Pennans:**  
• Akranesi • Akureyri • Hafnarfirði  
• Ísafirði • Keflavík • Kópavogi  
• Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum

# Vaxtargildran

ORD Í BELG

**Pórður Pálsson**  
Forstöðumaður  
greiningardeildar  
KB banka



Árið 1993 gaf Jeremy Siegel, prófessor við Wharton-háskóla, út bókina Stocks for the Long Run. Í bókinni sýndi Siegel fram á að á síðastliðnum 200 árum hefðu hlutabréf skilað betri ávöxtun en skuldabréf yfir öll 20 ára tímabil og með minni áhættu að teknu til-liti til verðbólgu. Ráðlegging Siegels, eins og reyndar margra annarra, var að fjárfesta í vísitölu-sjóðum hlutabréfa.

Hagfræðingurinn Paul Samuelson skrifaði ákaflega vinsamlega umsögn um bókina sem endaði á því að Samuelson velti fyrir sér hvenær heilræði Siegels yrði sjálfu sér að bráð, ef allir færu að ráðum hans um kaup í vísitölusjóðum án frekari umhugsunar.

Bók Siegels varð eins konar biblíja hlutabréfasala í hækkun-arsfanum fram til ársins 2000. Árið 1999 var svo komið að Siegel taldi að hugleiðing Samuelson væri að verða að veruleika og skrifaði grein um ofmat tæknifyrirtækja. Tæknibólan árið 1999 til 2000 hefur knúð alla sem fjalla um fjárfestingar til að endurskoða kenningar sínar og er Siegel engin undantekning hvað það varðar. Vísitölur eru nefnilega ekki hlutlausar. Fyrirtæki eru valin í þær af nefnd og það að fyrirtæki sé í vísitölu hefur áhrif á verð þess. Verðbréfasjóðir sem fylgja og líkja eftir S&P 500 vísitölunni eru til að mynda u.þ.b. 10% af markaðsvirði félaga-anna í vísitölunni. Því eykst spurn eftir hlutabréfum félaga sem bætt er í vísitölu. Má sem dæmi nefna að þegar Yahoo var tekið inn í vísitöluna hækkaði verð hlutabréfa fyrirtækisins um 65% á einni viku. Þó þetta dæmi sé öfgakennt bregður það ljósi á þá staðreynd að í fyrirtæki sem bætt er í S&P 500 vísitöluna getur verið fólgið ofmat, þar sem það að vera bætt í vísitöluna hefur vitanlega engin áhrif á rekstur fyrirtækisins, einungis spurn eftir hlutabréfum þess.

Eitt það undarlegasta við verð hlutabréfa er að til skemmri tíma a.m.k. virðist eftirspurnin aukast eftir því sem verð þeirra hækkar. Þótt markmið fjárfestingar sé góð ávöxtun leita fjárfestar oft frekar skjóls í fjárfestingum sem njóta almennrar viðurkenningar, til að vernda sjálfsmat sitt fyrir handa-hófskenndum sveiflum í verðbréfanna. Þetta er afleiðing af annars vegar hjarðareðli fjárfesta en þó kannski ekki síður því hvaða áhættu þeir sem taka fjárfestingar-arákvarðanir vilja lágmarka. Samkvæmt fjármálakenninum eiga fjárfestar að vilja hámarka ávöxtun fyrir hvert stig áhættu og er fjárfestingarárangur þeirra metinn eftir því. Í raunveruleikanum, þar sem sjóðsstjórar fá greidd laun fyrir að sýsla með annarra fé, er ávöxtun hvers sjóðsstjóra metin með hliðsjón af ávöxtun annarra sjóðsstjóra oft einungis síðustu þrjá mánuði. Eignabólur geta vitanlega staðið miklu lengur en þrjá mánuði, jafnvel nokkur ár, en þá stendur sjóðsstjórnin frammi fyrir ákveðnum vanda. Hann getur ákveðið að lágmarka starfs-framaáhættu sína og fjárfest í eign sem hann telur sig vita að sé ofmetin. Hinn möguleikinn væri að fjárfesta í eign sem er hugsanlega á betra verði en síður vinsæl meðal fjárfesta. Það sem mælist með fjárfestingu gegn sannfær-ingu er óttinn við að skera sig úr fjöldanum. Ef eignin heldur áfram að hækka og ef sjóðsstjórnin fjárfestir ekki í henni er árangurinn slakur samanborið við aðra, að

minna kosti til skemmri tíma litið. Ef sjóðsstjórnin hins vegar kaupir eignina og hún lækkar gerir hann a.m.k. jafn vel og aðrir.

Nú nýlega gaf Jeremy Siegel út aðra bók með niðurstöðum rann-sókna sinna frá síðustu árum. Niðurstaða hans nú er nánast sú sama og áður með einni mikilvægri undantekningu þó. Siegel er enn bjartsýnismaður en leggur nú áherslu á að það að vera bjartsýnis-maður jafngildi ekki því að vera reiðubúinn að greiða hátt verð fyrir hlutabréf.

Það er algeng skoðun að til að ná góðri ávöxtun í fjárfestingum þurfi að finna fyrirtæki sem vaxi hratt og að stór hluti af ávöxtun markað-arins (vísitölu eins og S&P 500) sé vegna þess að ný fyrirtæki bætast við. Siegel tekur saman ávöxtun allra hlutabréfa í S&P 500 vísitöl-inni frá upphafi og skoðar ávöxtun þeirra. Niðurstaða hans gengur al-veg á skjön við það sem hafa verið hefðbundin sjónarmið. Fyrst ber að nefna að arðgreiðslur eru mun mikilvægari þáttur ávöxtunar en menn virðast almennt álíta og fyrirtæki með háar arðgreiðslur skila að jafnaði betri ávöxtun en önnur.

Hin niðurstaða Siegels er að það eru ekki fyrst og fremst fyrirtæki í vaxtargreinum sem skila góðri ávöxtun heldur fremur fyrirtæki í atvinnugreinum sem eru að dragast saman og svo fyrirtæki með kunn vörumerki.

Aðalástæða þess að fyrirtæki í vaxtargreinum eru ekki að skila bestri ávöxtun er sú að það er ekki vöxtur sem slíkur sem skilar um-framávöxtun heldur vöxtur um-fram væntingar markaðarins. Svo virðist hins vegar sem fjárfestar ofmeti kerfisbundið vöxt tækni-fyrirtækja. Hátt verð tæknifyrir-tækja yfirvegur því á heildina litið góðan rekstrarárangur þeirra fyrir hluthafa.

Annað sem stundum gleymist er að það fer auðvitað engan veginn saman að vera bjartsýnismaður og að vilja greiða hátt verð fyrir hlutabréf. Virðisfjárfestar eru bjartsýnismenn sem telja framtíð-arhorfur bjartar og því mikla sam-keppni í vöndum sem muni reyna að apa eftir árangur þeirra sem standa sig vel og þannig minnka arðsemi þeirra fyrirtækja sem skara fram úr. Þessa krafta má sjá að verki í Kauphöll Íslands þar sem bankar hafa skilað einna bestri ávöxtun og hafa bankar því sótt sér mikið hlutafé og aukid samkeppni sín á milli. Önnur hlið á þessu er Groupvæðing fyrirtækja á Íslandi og er nú vafalítið svo komið að óvíða heiti jafn hátt hlutfall fyrir-tækja „Group“ og á Íslandi.



**Eitt það undarlegasta við verð hlutabréfa er að til skemmri tíma a.m.k. virðist eftirspurnin aukast eftir því sem verð þeirra hækkar.**

## UM VÍÐA VERÖLD

### Gullnu djöflarnir

**Financial Times** | Leiðarhöfundur Financial Times fagnar því að breski milljarðamæringurinn Malcolm Glazer hafi eignast fótballaliðið Manchester United. Blaðið gefur auk þess lítið fyrir andúð stuðningsmanna á yfirtökunni og segir að Glazer sé í raun mjög dæmigerður fyrir stærstan hluta addá-enda liðsins – hann hafi til dæmis aldrei stigið fæti á heimavöll Manchester United, Old Trafford. Financial Times segir að ef andstaðan við Glazer verði mjög mikil geti hann einfaldlega gert hið sama og algengt er í Bandaríkjunum – flutt liðið frá borginni. Financial Times stingur upp á flutningi Manchester United til Lundúna, þar sem stór hluti addáenda liðs-ins býr.

### Ekkert að gerast í Evrópu

**Wall Street Journal** | Leiðarhöfundur Wall Street Journal tekur hagkerfi Evrópu fyrir á sunnudaginn. Brian M. Carney er hreint ekki bjartsýnn á framtíð hagkerfis ríkjanna í Evrópu – einkum þeirra sem

notast við evruna sem gjaldmiðil. Hann bendir á að hagvöxtur á þessu svæði hafi lengi verið lélegur og atvinnuleysi sé miklu meira en til dæmis í Bretlandi og Bandaríkjunum. Carney gefur lítið fyrir hið fé-lagslega kerfi sem byggt hefur verið upp í Evrópu á síðustu áratugum, það geri hagkerfunum þar ókleift að keppa við önnur svæði um hagvöxt og hagsæld. Hann bendir á að mikill vöxtur hafi orðið í Evrópu á áratugunum eftir síðari heimsstyrjöld en á áttunda áratugnum hafi áhersla á félagslega kerfið byrjað að éta upp mögu-leika á framtíðarvexti. Hann segir að árið 1965 hafi hlutur ríkisins í landsframléiðslu Evrópuríkjanna verið um 28 prósent, samanborið við 25 prósent í Bandaríkjunum. Árið 2002 hafi hlutur ríkisins í Evró-ópu farið í 42 prósent á meðan hlutfallið í Bandarík-junum sé nánast óbreytt. „Af hverju heldur nokkur maður að kerfi með ríkulegum félagslegum stuð-ningi, háum sköttum og miklum takmörkunum í mannahaldi fyrirtækja geti staðið undir kröftugu atvinnulífi?“ spyr Carney.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSDJÓRI: Hafliði Helgason RITSDJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dögg Hjaltalin, Eggert Þór Aðalsteinsson, Þórlundur Kjartansson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSDJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skattahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEI-FANG: vistir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift á milli á heimilum í höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efnisliðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.



# Verðbólga eða ekki verðbólga?

Katrín Ólafsdóttir  
skrifar

Undanfarna mánuði hefur verðbólgan, mæld sem tólf mánaða breyting vísitölu neysluverðs, verið yfir 4%, sem eru efri þolmörk verðbólgu markmiðs Seðlabankans. Ákveðin hættumerki hefur því mátt lesa út úr vísitölunni. Nú í maí bregður svo við að útreikningsaðferðum er breytt og vísitalan lækkar. Tólf mánaða breytingin fer niður fyrir 4%, eða alveg niður í 2,9%, sem er bara nokkuð nálægt verðbólgu markmiðinu sjálfu. Samkvæmt því er

## ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

lítið eftir af hættumerkjum. Lækkunin stafar að mestu af breytingu á útreikningi húsnæðisliðar vísitölunnar og þá stendur eftir: Hefur verðbólgan sjálf minnkað?

Vísitala neysluverðs er það tæki sem við höfum valið til að mæla verðbólgunna frá mánuði til mánaðar. Eins og öll manna verk er hún langt frá því fullkomid mælitæki á verðbólgu, en þó betri en flest önnur tæki. Auðvelt er að gagnrýna hvernig hún er reiknuð. Með neyslukönnun er

metin meðalneysla meðaleinstaklings. Út frá þeirri neyslu er búin til karfa af vörum og þjónustu og er verð þessarar körfu metið í hverjum mánuði og breytingin sýnir hver verðbólgan er hverju sinni. Einu sinni á ári er karfan síðan endurskoðuð.

Það er augljóst þegar kemur að vörum eins og mjólk og þjónustu eins og klippingu hvernig taka eigi þær inn í vísitöluna. Það er ekki eins augljóst hvernig húsnæði skuli meðhöndlað, þar sem við kaupum almennt ekki húsnæði oft á ári. Það er misjafnt eftir löndum hvort húsnæðisverð

er tekið með í vísitölu neysluverðs og t.d. er það ekki tekið með í samræmdri vísitölu neysluverðs sem öll EES-ríkin birta, þ.m.t. Ísland. Þar sem húsnæðisverð er tekið með í reikninginn, eru mismunandi aðferðir notaðar við að reikna það inn í vísitöluna.

Allar reikningsaðferðir hafa kosti og galla og reikningsaðferðir Hagstofunnar mátti gagnrýna. Eflaust var því ástæða til breytinga, en aftur á móti má einnig gagnrýna tímasetningu breytinganna.

Hefði þessi breyting komið fram við reglubundna endurskoðun í mars væri erfitt að setja sig upp á móti henni. Að hún komi fram núna í kjölfar gagnrýni og þegar lækkun vísitölunnar kemur sér afskaplega vel þar sem hugsanleg endurskoðun kjarasamninga blasir við, það finnst mér undarlegt. Til þess að vísitala neysluverðs virki sem mælitæki verður hún að vera trúverðug. Það verður að gæta þess mjög vel að hún glati ekki trúverðugleika.

**Með neyslukönnun er metin meðalneysla meðaleinstaklings. Út frá þeirri neyslu er búin til karfa af vörum og þjónustu og er verð þessarar körfu metið í hverjum mánuði og breytingin sýnir hver verðbólga er hverju sinni.**

## SPÁKAUPMAÐURINN

# Keisarans hallir skína

Ég átti ekki heimangengt og er því ekki með öllum toppunum í Kína. Vinur minn er þarna og hringdi í mig, alveg í rokna stuði.

Fyrst hringdi hann klukkan fjögur að degi til, en þá hefur verið miðnætti hjá þeim í Kína. Þá lá nú vel á honum og greinilega býið að vera gaman í sendiráðsveislunni. „Af hverju ertu ekki hérna? Hér eru allir,“ sagði hann drjúgur með sig.

Svo hringdi hann aftur um kvöldmatarleytið, greinilega í partí. Setti „speakerinn“ á nýja gemsann sinn og var þá aðeins búinn að bæta á sig. „Hvað kemur á eftir,“ Það kvað vera fallett í Kína og keisarans hallir skína. „Ég mundi bara að það var eitthvað um um vorkvöld í vesturbænum. Annars var erfitt að vera spontant þegar maður er edrú heima um kvöldmatarleytið og allt í einu kippt inn í eftirpartí í Kína.“

Ég fór að hugsa um Kína. Ég er ekki viss um að ferðin sem slík skili neinu beint í kassann fyrir Íslendinga, en gott partí er gott partí. Kína er hins vegar mjög spennandi fyrir fjárfesta. Markaðshagkerfið hefur haldið innreið sína í landið og við þær breytingar geta margir orðið ríkir. Sjálfur hef ég fjárfest pínulítið í sjóðum í Kína, en ekkert að ráði ennþá.

Jim Rogers er alþjóðlegur fjárfestir og hefur mikla trú á Kína. Hann fjárfesti þar í svonefndum B-hlutabréfum sem voru ætluð útlendingum. Þeim fylgdu takmörkuð réttindi og erlendir fjárfestar misstu trúna á þeim og seldu. Þá keypti Rogers vegna þeirrar sannfæringar sinnar um að kínversk stjórnvöld myndu fyrir eða síðar sjá að A- og B-kerfi hlutabréfa væri vitlaust. Hann reyndist hafa rétt fyrir sér. Svona geta menn grætt á því að veðja á að skynsemin ráði að lokum. Þess vegna reynir maður að eignast stofnfé í sparisjóðunum.

Spákaupmaðurinn á horninu



Talstöðin  
FM 90,9

# SLÁANDI YFIRBURÐIR




Samkvæmt niðurstöðum nýrrar fjölmiðlarkönnunar Gallup eru lesendur Fréttablaðsins 43% fleiri en Morgunblaðsins á meðal fólks á aldrinum 18 til 49 ára. Þessi aldurshópur er langvirkastur í kaupum á hvers kyns vörum og þjónustu.

Fréttablaðið er einfaldlega það blað sem fólk kys að lesa, umfram önnur dagblöð.

Fréttablaðið er með 43% fleiri lesendur en Morgunblaðið á aldrinum 18-49 ára.

43%



Landið allt skv. fjölmiðlarkönnun Gallup í maí 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ



## AURASÁLIN

## Græddur er geymdur milljarður

Það er merkilegt að heyra það sífellt í fréttum að fátækt á Íslandi sé mikil og fari vaxandi. En þetta er víst staðreynd, eins og sjá má á bílastæðum fyrir framan fjölbýlishús þar sem ekki er óalgengt að sjá tveggja til þriggja ára bíla og mjög fáa jeppa. Kannski einn eða tvo jepplinga en enga Land Cruisera og þaðan af síður Porsche Cayenne.

Aurasálin, og vinir hennar í bankageiranum, telja að fátækt sé engum að kenna nema fátækingunum sjálfum. Þeir kunna nefnilega ekki að spara peninga en eins og einn vinur Aurasálarinnar benti á fyrir skemmstu er mjög lítið mál að græða peninga, bara ef menn eru mjög duglegir að spara.

Ein besta og einfaldasta leiðin til að græða peninga er nefnilega vextir. Menn þurfa ekki að eiga nema eins og og einn milljarð til að geta lifað mjög góðu lífi af vöxtunum. Aurasálin leggur því til við fólk sem vill græða peninga að það byrji á því að leggja milljarð inn á bankabók. Með aðeins fimm prósent vöxtum er hægt að lifa ágætu lífi á svona fimmtíu milljónum á ári.

En þá kann einhver að spyrja: Hvar fær fátækur maður milljarð til að leggja inn á bankabók? Við þessu er mjög einfalt svar. Sparnaður! Með því að eyða í sparnað og sýna hugvitssemi geta menn eignast milljarð á mjög skömmum tíma. Milljarður kann að virðast mjög stór tala en í raun eru þetta ekki nema hundrað milljónir á ári í átta ár, eða milljón á mánuði í þrjátíu ár, þannig að það borgar sig að byrja snemma að spara.

Önnur góð leið sem fátækt fólk gæti farið er einkavinaáæðing. Ef maður fær úthlutað ríkisfyrirtæki á útsöluþrú getur maður grætt milljarða á mjög stuttum tíma. Þeir milljarðar geta svo enst manni mjög lengi ef maður er duglegur að spara.

Þriðja leiðin sem Aurasálin veit að er skotheld til að græða milljarða er einfaldlega að taka yfir fyrirtæki, til dæmis í útlöndum, og selja það svo aftur fyrir nokkrum milljörðum meira en maður keypti það. Þetta er einmitt það sem vinsælt núna hjá eigendum Porsche Cayenne-bíla á Íslandi. Af hverju skyldi það sama ekki gilda um fátækt fólk?

Í eldhúsdagsumræðum á Alþingi um daginn var Ögmundur Jónason þingmaður eitthvað að kvar- ta yfir því að íslenskur banki væri að auglýsa það að fólk ætti að eyða í sparnað. Hann sagði eitthvað á þá leið að fátækt fólk hefði ekki efni á að eyða í sparnað af því að það næði ekki end- um saman.

Aurasálin hlær að þessum mál- flutningi. Eina ástæðan fyrir því að fólk er fátækt er að það nenni- r ekki að spara, nennir ekki að stofna banka og nennir ekki að standa í skuldsettum yfirtökum á alþjóðlegum stórfyrirtækjum. Ef fólk hefði vit á því að gera þetta gæti það léttilega sparað miklu meira en það gerir. Gleymundur því ekki að græddur er geymdur milljarður.



ÁRATUGIR Í TÖLVUBRANSA Tölvu- og hugbúnaðargeirinn er ekki ýkja gamall. Frosti Bergsson hefur þriggja áratuga reynslu af greininni. Hann rekur nú eigið fjárfestingarfélag eftir að hann seldi hlut sinn í Opnum kerfum sem hann fóstaði frá upphafi allt þar til á síðasta ári.

# Frumkvöðull á kaflaskilum

Frosti Bergsson er ekki lengur í brúnni í Opnum kerfum sem hann ásamt samstarfsfólki gerði að stórveldi. Hann situr ekki auðum höndum og situr í stjórnnum félaga sem hann hefur fjárfest í. *Hafliði Helgason* ræddi við hann um Opin kerfi og nýtt hlutverk í viðskiptalífinu.

Frosti Bergsson leiddi um árabíl framsækn- asta og öflugasta tölvu- og hugbúnaðarfyrir- tæki landsins, Opin kerfi. Upphafið að fyrir- tækinu var útbót tölvukerfis fyrir Samband almennra lífeyrissjóða, Vinnuveitendasam- bandið og Alþýðusambandið. Áhugi Hewlett Packard var vakinn og niðurstaðan að stofna útibú á Íslandi. Frosti leiddi hóp fimm starfs- manna sem saman byggðu upp leiðandi fyrir- tæki á tölvumarkaðnum.

Síðan eru liðin tuttugu ár! „Hugsaðu þér, ég er búinn að vera í í tölvubransanum í þrjátíu ár, því ég var áður í tíu ár hjá Kristjáni Skagfjörð. Á þeim tíma var IBM með 95% markaðshlutdeild á Íslandi sem var náttúrlega rosaleg einokun.“ Við höf- um komið okkur vel fyrir á Þremur frökkum og rifjum upp upphaf tölvugeirans yfir bragðmikilli grænmetisúpu.

Skýrsluvélar ríkisins og Reikningsstofa bankanna voru á þeim tíma stórir viðskipta- vinir tölvu- og hugbúnaðar. „Svo voru fyrir- tæki sem ráku saman tölvukerfi, svo sem Verslunarbancinn og Eimskip.“ Þau kerfi voru ólík því sem nú þekkist. „Engir skjáir, bara kort. Forrit og gögn voru á gatspjöld- um,“ segir Frosti.

#### LÍFEYRISSJÓÐIR MARKA UPPHAFIÐ

Frosti lærði rafeindatæknifræði í Danmörku og kynntist tölvum í upphafi þróunar einka- tölvunnar. Hjá Kristjáni Skagfjörð herjuðu menn á sölu tölva til þeirra sem nýttu sér reiknigetu þeirra svo sem verkfræðistofur og fleiri. „Svo fengum við íslenskan bókhalds- hugbúnað sem gekk á okkar vélar og vorum þar með komnir í bullandi samkeppni við IBM.“

Þegar tilboð barst um að leiða stofnun HP á Íslandi var Frosti til í slaginn. „Mér fannst aðeins erfitt hjá Kristjáni Skagfjörð, að þeir voru með ólíkan rekstur innan fyrirtækisins; veiðarfæri, matvöru og byggingavörur. Ég sló til og færði mig yfir. Menn töldu þá að samkeppnin væri það mikil að það væri ekki pláss fyrir nýjan aðila. En Hewlett Packard fékk samninginn við Samband almennra líf- eyrissjóða, þannig að við fengum gott start.“

Frosti segir að það hafi verið spennandi að

kynnast starfsmannamenningu HP og vinnu- brögðum fyrirtækisins. Það orð fór af HP og síðan Opnum kerfum á fyrstu árunum að þeir bæru af í áreiðanleika og skipulagi. „Við vor- um með mikla valddreifingu,“ segir Frosti. „Þannig að þeir sem voru í viðskiptum við okkur höfðu alltaf á tilfinningunni að þeir væru að tala við eigandann, sama hvern talað var við. Það tókst að byggja upp mjög góðan vinnuómálar.“

#### OPIN STYRIKERFI

Frosti segir hópinn hafa lagt mikið upp úr samstarfi við hugbúnaðarfyrirtæki. „Unix- stýrikerfið kom til sögunnar sem við kölluð- um opið kerfi. Við hövðum hugbúnaðarhúsin til að þróa hugbúnað í þessu staðlaða um- hverfi og þá var hægt að láta hugbúnaðinn ganga á mismunandi vélategundum. Áður höfðu menn verið bundnir ákveðn- um vélategundum.“

#### Frosti Bergsson

Starf: Fjárfestir

Fæðingardagur: 30. desember 1948

Maki: Halldóra Mathiesen

Börn: Freyr f. 1970, Anna Dóra f. 1975,

Matthías Árni Ingimarsson f. 1983

og Bergur f. 1995.

HP á Íslandi var í örum

vexti, óx

um 40

prósent

á ári og

skilaði góð-

um hagnaði.

Árið 1997 var keyptur 51% hlutur í Skýrr og segir Frosti það hafa verið vel heppnaða einkavæðing.

„Það hafði verið lítilsháttar tap á fyrirtækinu og við snerum því í hagnað og Skýrr hefur gengið vel æ síðan.“ Opin kerfi voru skráð á hlutabréfamarkað 1997 og hækkaði gengi bréf- anna um 127 prósent á fyrsta viðskiptadegi. Framundan voru annasöm ár með kaup- um á öðrum fyrirtækjum og útrás. Opin kerfi voru meðal fyrstu félaga, fyrir utan sjávarútvegsfyrirtæki, til þess að kaupa erlend fyrir- tæki. „Við áttum í mörgum innlendum fyrirtækjum í ýmsum rekstri. Við vorum tölvufyrirtæki sem var með fjárfestingar- deild til hliðar. Gangurinn var mjög góður og árið 2000 var verðmæti fyrirtækisins komið yfir níu milljarða.“ Hæst fór verðmæti fé- lagsins í á tólfra milljarð. Svo rann upp árið 2001 sem reyndist tækni og hugbúnaðarfyrir- tækjum þungt í skauti. „Verðmætið hrpaði í fjóra milljarða. Það var samdráttur á mark- aðnum og þá fékk ég það skemmtilega hlut- verk að taka til. Við þurftum að afskrifa hlutabréf í öðrum fyrirtækjum.“ Sama gerð- ist víða um heim.

#### NÁÐU FYRRA VERÐMÆTI

Hlutabréf tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækja féllu hratt. „Þá sögðum við: Er ekki núna

tækifæri til þess að kaupa og fara í útrás. Markaðurinn á Íslandi er ekki svo stór.“ Frosti segir að Opin kerfi hafi náð að rétta við mun hraðar en mörg félög sem féllu á þessum tíma. Mörg þeirra eigi enn langt í land með að ná fyrri verðmæti. Opin kerfi náðu fyrri verðmæti undir lok árs 2004. Fyrirtæki drógu úr fjárfestingum í upplýsingatækni, en upp á síðkastið hafa fjárfestingarnar aukist á ný. „Upplýsingakerfin eru lífæð margra fyrir- tækja og eðlileg endurnýjun var farin að segja til sín.“

Þótt einhvers konar ofmat hafi ráðið sýn manna á nýja tækni hefur upplýsingabyltin- in leitt til gífurlegrar hagræðingar. Frosti nefnir einfalt dæmi eins og rafrænar skatt- skýrslur sem spara gríðarlega vinnu við úr- vinnslu, auk vinnusparnaðar fyrir framtelj- endur sjálfa.

Eftir tæp tuttugu ár við uppbyggingu Op- inna kerfa stóð Frosti frammi fyrir því að aðrir voru komnir með sterka stöðu í hlut- hafahópnum og ágreiningur

#### HÁDEGISVERÐURINN

Með Frosti Bergssyni

stofnanda Opinna kerfa

Hádegisverður fyrir tvo á Þremur frökkum hjá Úlfari

Grænmetisúpa

Steiktur gratineraðar gellur

Steiktur kaffi með gorgonzola

Drykkir

Vatn og pilsner

Kaffi

Alls 4.010



var um stefnu. Hann brást við með því að fá hóp hlut- hafa í lið með sér og verjast. „Ég lenti þarna í ákveðnum slag og það stefndi í mikil átök á hluthafafundi, en sem betur fer náðu menn að setj- ast niður og finna lausn.“ Niðurstaðan var að Kögun gerði yfirtökutilboð og seg- ist Frosti sáttur við það verð sem hann og aðrir hluthafar Opinna kerfa fengu fyrir sín bréf. „Að sjálfsögðu var þetta barnið mitt og ég ber tilfinningar til fyrirtækisins og starfsmanna þess. Ég ákvað að líta svo á að þetta hefði verið góður kafla þessi tuttugu ár og ég er búinn með þennan kafla.“

#### FJÁRFESTINGAR OG FRÍTÍMI

Frosti er nú með eigið fjár- festingarfélag og hefur tekið þátt í verkefnum eins og bílafyrirtækinu Heklu, lyfja-

verksmiðju á Spáni, auk þess að vera nú hlut- hafi í Verðbréfastofunni og situr þar sem stjórnarformaður. Hann er með hópi sem hyggst bjóða í Símann, en segist ekki vilja tjá sig um það að svo stöddu. „Ég hef frjálsum tíma og hef tök á að sinna áhugamálum meir en áður.“ Forgjöfin fer væntanlega lækandi í golfinu og Frosti segist hafa gaman að lax- veiði. „Mér leiðist ekkert.“ Frosti segist hafa gaman af að ferðast og nú gefst tími fyrir það. Hann prófaði fallhlífastökk í Ástralíu þegar hann heimsótti dóttur sína sem stundar þar framhaldsnám í sálfræði. Fékk stökkið í afmælisgjöf. „Það var mikið adrenalínkikk og ég hvet menn til að prófa það,“ segir hann en er efins um að hann muni stunda það sem áhugamál. Þótt nóg sé að gera er breytingin mikil frá stjórn fyrirtækis í örum vexti. „Þegar maður horfir til baka þá gekk fyrir- tækið fyrir flestu öðru þegar tími manns var annars vegar.“

„Við áttum í mörgum innlendum fyrirtækjum í ýmsum rekstri. Við vorum tölvufyrirtæki sem var með fjárfestingardeild til hliðar. Gangurinn var mjög góður og árið 2000 var verðmæti fyrirtækisins komið yfir níu milljarða.“



William Hewlett og David Packard  
stofnendur Hewlett-Packard  
við vinnuborðið árið 1959



# Samvinna = árangur

Í 20 ár hafa Opín kerfi þjónað fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi. Leiðarljós Opínna kerfa er að samvinna skilar árangri. Hjá Opnum kerfum starfar fjöldi sérfræðinga sem leiðbeina viðskiptavinum við val á vöru og þjónustu, til að tryggja að hagkvæmasta og besta lausnin sé valin hverju sinni.

Opín kerfi leggja ríka áherslu á ánægju starfsmanna og er starfsmannavelta hjá fyrirtækinu mjög lág. Ánægja starfsmanna er mæld reglulega með vinnustaðagreiningu Gallup. Starfsánægjan mælist með því allra hæsta á landinu og er greinilegt að starfsmenn leggja höfuðáherslu á þjónustu, þjónustulund og þjónustuþekkingu.

Opín kerfi eru fjölskylduvænt fyrirtæki. Lögð er rík áhersla á gott félagslíf með þátttöku allrar fjölskyldunnar þegar við á.

Opín kerfi byggja á grunni sem lagður var fyrir 20 árum síðan með opnum Hewlett-Packard á Íslandi. Starfsmenn Opínna kerfa vinna allir í opnu vinnuumhverfi sem er arfleifð frá HP. Almenn er mikil ánægja með opna vinnuumhverfið þar sem starfsmenn hafa betra aðgengi að stjórnendum og upplýsingastreymi er meira.

Starfsmenn Opínna kerfa ætla að móta framtíðina, vera í forystu, setja viðmiðin, skapa eftirspurnina og hafa áhrif á samféðina.

## Til árangurs með okkur!

### SÖLUSVIÐ

#### Viðskiptastjóri á sölusviði

##### Starfslýsing:

Við leitum að einstaklingi sem er tilbúinn að ganga til liðs við öflugan hóp viðskiptastjóra.

Starfssvið: Sala og ráðgjöf á tæknibúnaði til viðskiptavina sem og önnur tilfallandi verkefni sölusviðs.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

Þekking á tölvum og tæknibúnaði

Áhugi á sölumennsku

Frumkvæði og öguð vinnubrögð

Reynsla í ráðgjöf og sölu á tæknilausnum

Góð enskukunnátta

Háskólamenntun æskileg

Nánari upplýsingar veitir Agnar Már Jónsson (agnar@ok.is)

### HEILDSÖLUSVIÐ

#### Vörustjóri á HP tölvubúnaði

##### Starfslýsing:

Við leitum að einstaklingi sem er tilbúinn að vera leiðandi innan fyrirtækisins í ráðgjöf og vörustjórnun á HP borð- og fartölvum. Einnig þarf viðkomandi að sjá um

viðskiptagreiningu, birgðarstjórnun, söluráðgjöf og kynningar á HP-tölvubúnaði.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

Þekking á tölvum og tæknibúnaði

Áhugi á söluráðgjöf og vörustjórnun

Reynsla í ráðgjöf og sölu á tæknilausnum

Góð enskukunnátta

Háskólamenntun æskileg

#### Sölufulltrúi í heildsölueld

##### Starfslýsing:

Við leitum að einstaklingi sem er tilbúinn að ganga til liðs við harðsnúinn hóp vöru- og viðskiptastjóra.

Starfssvið: Sala á tæknibúnaði, ráðgjöf til viðskiptavina, vörukynningar hjá söluaðilum og önnur tilfallandi verkefni heildsölueldar.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

Þekking á tölvum og tæknibúnaði

Áhugi á sölumennsku

Reynsla í ráðgjöf og sölu á tæknilausnum

Góð enskukunnátta

Háskólamenntun æskileg

Nánari upplýsingar veitir Pétur Bauer (bauer@ok.is)

### RÁÐGJAFAR- OG ÞJÓNUSTUSVIÐ

#### Sérfræðingur á sviði Microsoft lausna

##### Starfslýsing:

Ráðgjöf til stjórnenda tölvukerfa. Greining og stjórnun verkefna vegna innleiðingar/breytinga á Microsoft lausnum. Þjónusta og rekstur flóknari Microsoft netkerfa.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

Háskólamenntun (t.d. í verk- eða tölvunarfræði)

Tveggja ára starfsreynsla æskileg

Góð þekking á Windows stýrikerfum, Active Directory og Exchange-kerfum

MCSE prófgráða æskileg

#### Hugbúnaðarsérfræðingur

##### Starfslýsing:

Hönnun og útfærsla sérsmíðaðra lausna.

Forritun í Microsoft.NET umhverfi.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

Háskólamenntun (t.d. í verk-, viðskipta- eða tölvunarfræði)

Tveggja ára starfsreynsla æskileg

Þekking á greiningarvinnu og hugbúnaðargerð

Þekking á .NET umhverfinu

Forritunarreynsla t.d. í C#, VB, XML

Þekking á gagnagrunnum t.d. MS-SQL, Oracle

#### Netsérfræðingur

##### Starfslýsing:

Hönnun og uppsetning á net- og símakerfum

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

Háskólamenntun (t.d. í verk-, viðskipta- eða tölvunarfræði)

Tveggja ára starfsreynsla æskileg

Góð þekking á TCP/IP

Reynsla af Cisco-netbúnaði æskileg

Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Gunnarsson (thorsteinn@ok.is)



Umsóknur skal skilað skriflega til Opínna kerfa, Höfðabakki 9, 110 Reykjavík eða á netfangið halldora@ok.is merkt STARFSUMSÖKN. Umsóknarfrestur er til 27. maí næstkomandi. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

OPÍN KERFI

Höfðabakki 9 // sími 570 1000 // www.ok.is





Fjöldi kvenna sótti námsstefnu Brautargengiskvenna/ Sýndu sig og sáu aðrar.

**T.D. FYRIR MARKAÐSFRÆÐING**

Meðeiganda vantar af stað þar sem heilsuvara er seld, staður í sókn og til staðar er sérþekking á vörunni en það sem vantar er sérþekking á markaðsmálum og rekstri.



Suðurlandsbraut 50 - bláu húsin v/Faxafen - 108 Reykjavík

**533 4300**

Ingvaldur Mar Ingvaldsson · viðskiptafræðingur  
Símar 513-4319 & 821-2577 · ingvaldur@husid.is



**HELGA SIGRÚN HARÐARDÓTTIR**  
VERKFNASTJÓRI BRAUTARGENGIS  
Sérstakur andi myndast á Brautargengisnámskeiðunum.



**THOMAS MÖLLER HAGVERKFRÆÐINGUR**  
Þeir sem stýra fyrirtækjum þurfa bæði að vera leiðtogar og stjórnendur. Leiðtogi geri réttu hlutina, stjórnandi geri hlutina rétt.



**KATRÍN ÓLADÓTTIR FORMAÐUR FKA**  
Tengslanet er ekki fint orð yfir klikku því hárfín lína skilur þarna á milli.

Fréttablaðið/Stefán

SÉRFRÆÐINGAR  
Í HREINLAETI

**BESTA**

## Kitch n´Slink hanskarnir komnir!

Loksins, loksins geturðu farið í eins hanska og Margrét & Heiðar nota í "Allt í Drasli".

**ALLT Í DRASLI**



24 tegundir - Verð kr. 1.990,-

Besta ehf • Suðurlandsbraut 26 • 108 Reykjavík • Sími: 510 0000  
Fax: 510 0002 • www.besta.is • besta@besta.is

# Námskeið fyrir viðskipta- hugmyndir skapa störf

Fjöldmörg fyrirtæki hafa sprottið af Brautargengisnámi.

Tæplega 400 konur hafa útskrifast úr Brautargengisnámi frá upphafi og gert er ráð fyrir að nánast jafn margar viðskiptahugmyndir hafi kviknað í náminu.

Impura, nýsköpunarmiðstöð, rekstraraðili Brautargengisnámsins, bauð öllum konum sem útskrifast hafa úr Brautargengisnámi frá árinu 1996 að hittast og efla tengslanet sitt um leið og boðið var upp á áhugaverð erindi.

Fjöl margar konur sem áttu og ráku og reka enn fyrirtækin sín, hafa sótt Brautargengisnámið. Má þar nefna nýleg fyrirtæki eins og verslunina Tvö

líf, JurtaApotek, verslunina Maður Lífandi, Hugarafl, www.bookiceland.com og Ljósmyndaver Hörfu Hrundar.

Brautargengisnámskeiðin hafa verið haldin síðan árið 1996. Námskeiðin eru ætluð athafnakonum með viðskiptahugmyndir sem setjast á skólabeck, læra um stofnun og rekstur fyrirtækja, skrifa heildstæða viðskiptaáætlun á tímanum og útskrifast með vel ígrundað leiðarljós í höndunum sem auðveldar þeim fjármögnun, rekstur og uppbyggingu rekstrarins sem þær hyggja á. - dh

## Þrjú þúsund tonn af brotajárni siglt burt

Síðasta föstudag var fyrsta útskipun af hráefni frá athafnasvæði Hringrásar í Helgúvík í Reykjanesbæ. Hringrás býður upp á þjónustu við sveitarfélög við losun úrgangsefna.

Í fyrstu útskipuninni fóru um þrjú þúsund tonn af brotajárni og málmum sem safnast hafa í umhverfisátaki í Reykjanesbæ. Í frétt frá Hringrás kemur fram að þegar fyrsta umhverfisátakinu var hrint í framkvæmd hafi verið búist við að hundruð tonn söfnuðust en þau hafi orðið tólf hundruð. - þk



**JÁRNÞ UM BORD Í BÁT** Um tólf hundruð tonn fóru um bord í flutningaskip í Helgúvík og önnur sautján hundruð í Sundahöfn áður en haldið var til Evrópu.

# Flutningar án landamæra



Skútuvogur 12e · 104 Reykjavík · Sími 5 200 600 · Fax 5 200 601 · frakt@frakt.is · www.frakt.is

## Fraktlausnir bjóða alhliða þjónustu í flutningum

Sveigjanleg og persónuleg þjónusta er okkar aðalsmerki. Starfsfólk Fraktlausna hefur mikla þekkingu á inn- og útlutningi og er það okkar helsti styrkleiki. Við bjóðum alla þjónustu sem snýr að vörusendingum milli landa. Þetta er flutninganet okkar breiðir sig um hnöttinn allan.



**Fraktlausnir**  
Flutningar án landamæra







**VERÐMÆT VITNESKJA** Forystumenn Landsbankans fylgdust áhugasamir með umræðum um stöðu eignaverðs hér á landi. Margt bendir til þess að hægja fari á hækkingunum á eignamörkuðum og vitneskja um hver þróunin verður á næstunni getur reynst þyngdar sinnar virði í gulli.



**MIKILL ÁHUGI** Mikill áhugi er á þróun efnahagsmála og venjulega fullt út úr dyrum á morgunverðarfundum þar sem spáð er í spilin. Fundur greiningardeildar Landsbankans var engin undantekning og fundarmenn fylgdust með af áhuga.

## Eignaverð í brennidepli

Áhugi á þróun eignaverðs og efnahagsstærða er mikill hér á landi. Húsfyllir var á morgunverðarfundum greiningardeildar Landsbankans þar sem velt var vöngum yfir því hvort eignaverðsbóla væri að myndast á Íslandi.

Edda Rós Karlsdóttir fjallaði um fasteignaverð og velti fyrir sér nánustu framtíð á fasteignamarkaði. Greiningardeild Landsbankans telur að draga muni úr fasteignahækkunum þegar líður á árið, en á ekki von á almennum lækkunum.

Hins vegar telur deildin að ef hækkingum linni ekki muni lækkun verða óhjákvæmileg fyrr eða síðar.

Ívar Guðjónsson, forstöðumaður eigin fjárfestinga Landsbankans, benti á að Úrvalsvisitala Kauphallarinnar stæði nú hærra en hún stóð áður en lækkanir hófust almennt á mörkuðum árið 2000. Hann taldi að gott samræmi væri milli hækkana og afkomu fyrirtækja. Verðmöt virtust í lagi, þótt greina mætti hættumerki verðbólgu.



**EDDA RÓS KARLSDÓTTIR** Fasteignaverð hefur hækkað gríðarlega á undanförunum misserum. Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, telur miklar líkur á að draga muni úr hækkingum fasteigna þegar líða tekur á árið.

### Ertu í starfsmannaleit?

Viltu aðstoð?

Höfum mikinn fjölda af hæfu starfsfólki á skrá hjá okkur.

Veitum persónulega og góða þjónustu framkvæmda af fagfólki.

[www.radning.is](http://www.radning.is)

**RÁÐNINGAR**  
**ÞJÓNUSTAN**  
...framtiðin er ráðin

Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588-3309 • Fax: 588-3659  
[www.radning.is](http://www.radning.is) • [radning@radning.is](mailto:radning@radning.is)

# Hvað er sagt?

„Það sem við hér hjá Símanum metum mest við Ensku málstöð er fjölbærni þeirra og að þeir slá aldrei af sínum stöðlum.“

**Hermann Ársælfsson**  
Símanum

„Oft þarf ég að treysta einhverjum fyrir enskum texta eftir mig; stundum flóknum eða skáldlegum. Þá er valið ljóst.“

**Ari Traustí Guðmundsson**

„Við höfum nýtt okkur þjónustu Enskrar málstöðvar undanfarin ár, fyrst og fremst vegna þess að þeir eru ákaflega vandaðir í vinnubrögðum og hafa alltaf skilað verkefnum samkvæmt umsáminni tímasetningu. Þeir tryggja okkur vandaðar enskar og íslenskar þýðingar. Það eru fá, ef nokkur, önnur þýðinga-/prófarkalestrarfyrirtæki sem geta veitt jafnmikla fyrirmyndarþjónustu hvað fagkunnáttu varðar á slíkum sérsviðum.“

**Sólrun Halldórsdóttir**  
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

„Það er frábært að geta fengið alla enskuþjónustu sem mann vantar á einum og sama stað. Til dæmis er textagerð Enskrar málstöðvar á heimsmælikvarða og þannig vill til að eigandi fyrirtækisins, Mike Handley, er meðal fremstu enskupula heims. Þetta veitir kvikmynda- og auglýsingaiðnaðinum á Íslandi sterka samkeppnisstöðu.“

**Jón Þór Hannesson**  
Saga Film

„Það var eitt tilvik sem staðfesti fyrir mér að oft er á endanum hagkvæmast að ráða þá bestu. Þá þurftum við að láta þýða fyrir okkur stórt verkefni og höfðum fengið í það tilboð frá Enskri málstöð upp á 465.000 kr. – sem var næstum upp á hár það sem ég hafði þá þegar áætlað að verkið myndi kosta. Þeir sem stóðu að þessari framkvæmd fundu aftur á móti aðra þýðingapjónustu sem var tilbúin að vinna verkið fyrir miklu lægra verð. En hún skilaði svo ófullnægjandi verki að á endanum kostaði það yfir 800 þúsund krónur að lagfæra þýðinguna. Þetta gerði útslagið og við höfum síðan verið tryggir viðskiptavinir Enskrar málstöðvar.“

**S. B.**  
Sérfræðingur hjá ríkisstofnun

„Léleg enska getur þýtt léleg viðskipti!“



**ENSK MÁLSTÖÐ** ehf.  
**THE ENGLISH LANGUAGE CENTER (RE)**  
Hafnarstræti 19 • IS 101 Reykjavík [enska@enskmalstod.is](mailto:enska@enskmalstod.is)  
Sími: 552-3900 [www.enskmalstod.is](http://www.enskmalstod.is)



# Viljinn og kjarkurinn fyrir hendi

**Hvað er frumkvöðlastarfsemi?**  
Í GEM rannsókninni er frumkvöðlastarfsemi skilgreind sem sérhver tilraun til þess að hefja sjálfstæða viðskiptastarfsemi, t.d. með stofnun fyrirtækis. Þannig teljast þeir einstaklingar stunda frumkvöðlastarfsemi sem undirbúa stofnun fyrirtækis eða hafa nýlega stofnað fyrirtæki.

**Hvað einkennir frumkvöðla?**  
Rannsakendur hafa lengi leitað að persónueinkunum sem einkenna þá einstaklinga sem stunda frumkvöðlastarfsemi en án árangurs. Of beinist athyglin að þeim einstaklingum sem mest fer fyrir og persónueinkenni þeirra gerð að einkunum hins dæmigerða frumkvöðuls. Raunin er hins vegar sú að margir vinna árangursríkt frumkvöðlastarf án þess að mikið beri á því. Því má segja að það sem einkennir frumkvöðla er það sem þeir gera, þ.e. að hrinda í framkvæmd nýrri viðskiptastarfsemi.

**Hvaða máli skiptir frumkvöðlastarfsemi fyrir samfélag?**  
Hún skiptir miklu máli því frumkvöðlastarfsemi er eitt mikilvægasta hreyfiafl efnahagslífsins. Ný fyrirtæki eru mikilvægur vettvangur nýsköpunar og breytinga í efnahagslífinu auk þess sem þau hafa veigamikil áhrif á atvinnusköpun.

**Hvernig standa Íslendingar sig í frumkvöðlastarfsemi?**  
Nokkuð vel. Íslendingar stunda mikla frumkvöðlastarfsemi í samanburði við aðrar þjóðir og eru gjarnan metnaðarfullir fyrir hönd sinna fyrirtækja. Við vitum hins vegar ekki hvort þeir ná betri eða verri árangri í frumkvöðlastarfsemi en aðrar þjóðir.

**Hvað getum við gert betur í frumkvöðlastarfsemi?**  
Í augnablikinu er þrennt sem við getum bætt og þurfum að bæta. Við getum bætt aðgang að fjármagni, sérstaklega fyrir fyrirtæki sem eru mjög nýskapandi. Við getum eflt frumkvöðlastarfsemi meðal kvenna og við getum aukið frumkvöðlastarfsemi háskólamenntaðra.

**Hvernig förum við að því?**  
Það eru ýmsar leiðir til þess að bæta aðgang að fjármagni fyrir nýskapandi fyrirtæki sem notaðar hafa verið með góðum árangri erlendis. Það er í raun og veru mjög auðvelt að leysa ef viljinn er fyrir hendi hjá stjórnvöldum. Að efla frumkvöðlastarfsemi meðal kvenna getur tekið lengri tíma. Þar þarf að eyða hindrunum sem konur mæta í umhverfinu, t.d. í bönkum, og breyta viðhorfum kvenna til frumkvöðlastarfsemi. Hægt er að ná árangri á báðum sviðum með öflugri frumkvöðlamenntun á grunn- og framhaldsskólastigi. Hvað varðar frumkvöðlastarfsemi háskólamenntaðra þá virðist vandamálið fyrst og fremst snúast um skort á háskólamenntuðu fólki. Á Íslandi þá er fólk með meiri menntun líklegra að stunda frumkvöðlastarfsemi en fólk með minni menntun og hlutfall háskólamenntaðra á vinnumarkaði er lægra en gerist í samanburðarlöndum.

**Hvaða leiðir eru bestar til þess að laða fjárfesta að frumkvöðlastarfsemi?**  
Ég held að aukin reynsla og þekking fjárfesta á frumkvöðlastarfsemi sé besta leiðin til þess að laða þá að fjárfestingum í frumkvöðlastarfsemi. Svonefndir framtafsfjárfestar sem sérhæfa sig í fjárfestingum í ungum og vaxandi fyrirtækjum leggja ekki bara fjármagn til fyrirtækjanna heldur hjálpa þeim á ýmsa aðra vegu líka. Þannig geta þeir haft mikil áhrif á það hvort fyrirtækin nái árangri eða ekki. Fjárfestar á Íslandi hafa, í samanburði við aðrar þjóðir, ekki mikla reynslu af fjárfestingum í nýskapandi frumkvöðlafyrirtækjum og mjög fáir sérhæfa sig í þessum fjárfestingum. Aðrar þjóðir hafa byggt upp þessa reynslu á löngum tíma og við erum rétt að byrja.

**Hvernig sérðu framtíð frumkvöðlastarfsemi hér á landi?**  
Ég held að hún sé að mörgu leyti björt. Fólk á Íslandi hefur viljann til þess að sækja sér menntun og hefur viljann og kjarkinn til þess að stofna til nýrrar viðskiptastarfsemi. Þau vandamál sem við eigum við að etja eru í raun sáraeinföld í samanburði við vandamál margra annarra þjóða, en þau tengjast oft almennu áhugalessi. Vandamálin okkar leysast þó ekki af sjálfu sér þannig að ef við viljum nýta þann kraft sem býr með þjóðinni þá verðum við að taka til hendinni. Frumkvæði stjórnvalda er mikilvægt til þess að koma okkur af stað í rétta átt.



**STJÓRNVÖLD OG FRUMKVÖÐLAR** Halldór Ásgrímsson ávarpaði fundarmenn þegar GEM-skýrsla um frumkvöðlastarf á Íslandi var kynnt. Í henni er að finna tillögur til stjórnvalda sem eru fallnar til þess að örva frumkvöðlastarf á atvinnulífínu.

## Meira fé og meiri menntun

Íslendingar eru viljugir til að gerast frumkvöðlar í viðskiptalífínu. Nokkur skortur er á áhættufjármagni og hærra menntunarstig frumkvöðla stuðlar að fyrirtækjum sem greiða hærri laun. Í menntakerfinu þarf að huga að því sem örvar frumkvöðlastarfsemi. Einnig þarf að auka hlut kvenna í hópi frumkvöðla. *Hafliði Helgason* kynnti sér umhverfi frumkvöðlastarfsemi.

Undanfarin þrjú ár hafa Íslendingar tekið þátt í svokallaðri GEM-rannsókn á umfangi og umhverfi frumkvöðlastarfsemi. Þetta er alþjóðleg stöðluð rannsókn sem gerir þjóðum kleift að bera saman stöðuna í samanburði við aðrar þjóðir.

Frumkvöðlastarf hefur afar mikla þýðingu fyrir framtíðarefnahag þjóðarinnar. Þannig eru mörg öflug fyrirtæki í eigu Íslendinga ávöxtur frumkvöðlastarfs fyrri ára. Nefna má fyrirtæki eins og Össur, Bakkavör og Marel, og útrás banka og verslunarfrumkvöðlastarfsemi telst einnig til frumkvöðlastarfsemi.

### Í EFSTA FLOKKI HÁLAUNAPJÓÐA

Frumkvöðlar eru ekki bara þeir sem stofna fyrirtæki á nýjum sviðum viðskiptalífsins, heldur allir þeir sem stíga það skref að byggja upp ný fyrirtæki. Frumkvöðlar eru því ekki bara í einum geira atvinnulífsins, heldur er þá að finna víða í fjölbreyttri flóru fyrirtækja.

Rögnvaldur Sæmundsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, hefur borið hitann og þungann af íslenska hlutanum af GEM-rannsókninni. Við kynningu skýrslunnar í ár sagði hann að í heild megi telja að umfang, einkenni og umhverfi frumkvöðlastarfsemi hefði verið nokkuð stöðugt undanfarin þrjú ár.

Skýrslan í ár sýnir ekki miklar breytingar frá fyrri árum. Helstu breytingarnar eru að vonir um fjölgun starfsmanna í frumkvöðlastarfsemi hafa minnkað frá árinu 2002, en þá voru þær mjög miklar. Sú þróun sem er kannski helsta áhyggjuefnið í skýrslunni er að framtafsfjármagn hefur minnkað ár frá ári. Frumkvöðlum gengur því verr að fá áhættufjármagn til starfsemi sinnar.

Þótt samanburðurinn við fyrri ár sé gagnlegur, er saga þessara rannsókna hér á landi stutt og ekki hægt að draga víðtækar ályktanir af þróun innanlands. Hins vegar er forvitnilegt að skoða samanburðinn við önnur lönd. Þegar það er gert kemur í

**Íslenskir frumkvöðlar eru metnaðarfullir og gera sér miklar vonir um ávinning af starfsemi sinni. Um 60 prósent þeirra sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi gera ráð fyrir því að fá fjárframlag sitt að minnsta kosti fimmfalt til baka.**

## Þjónusta einnig nýsköpun

Samtök verslunar og þjónustu telja að stuðningur við starfsemi sem miði að aukinni nýsköpun og hagvexti ætti að beinast að því sem atvinnulífið er best í, fremur en að þröngum hátækni sviðum sem aðrar þjóðir séu okkur langtum fremri í.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýju fréttabréfi samtakanna. SVP telja að stefnumótun til stuðnings við atvinnulífið sem

stjórnvöld hafa kynnt ætti að miða við alla virðiskeðjuna í stað þess að verja 200 milljónum króna til uppbyggingar örtækni og erfðatækni.

Bent er á að mesti vöxturinn á undanförunum árum hafi verið í þjónustustarfsemi. Þær staðreyndir virðast engu breyta. „Áfram er horft í baksýnispeglinn og framtíðarstefnan verður aðeins endurteking á því sem áður hefur verið gert. Slík stefnumótun

leiðir ekki til nýjunga,“ segir í fréttabréfinu.

Vísad er til þess að á hinum Norðurlöndunum sé mun meiri skilningur á að styrkja þurfi þjónustugreinar til jafns við aðrar atvinnugreinar. SVP segja að slíkur vilji sé hjá atvinnulífínu og í áherslum Samtaka atvinnulífsins sé lögð áhersla á stuðning við nýsköpun í þjónustugreinum til jafns við aðrar greinar. -hh

**TÖLVUPÓSTURINN**  
*Til Rögnvaldar J. Sæmundssonar*  
lektors við  
Háskólann í Reykjavík



90,9

**MARKAÐURINN**

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30



# REXTON



Rexton á 33" dekkjum

## Fallegur og stenst samanburður

Nýtið ykkur hagstætt gengi!

### Komdu og kynntu þér muninn

Rexton RX 270 Diesel



Landcruiser 90 GX Diesel



	<b>Rexton</b>	<b>Landcruiser*</b>
Heildarlengd	4,72 m	4,71
Lægsti punktur	225 mm	220 mm
